



Akraneskaupstaður

Alþingi
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi, 15. desember 2016

1601444 SDA

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Á fundi bæjarráðs þann 15. desember var til meðferðar ofangreint mál en erindið barst með töluvpósti frá nefndasviði Alþingis þann 14. desember síðastliðinn.

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs:

Bæjarráð fagnar frumvarpinu og felur bæjarstjóra að veita umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar leggur áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið sé komið fram að nýju en ekki náðist að ljúka þinglegri meðferð þess á 145. löggjafarþingi í október síðastliðnum sem kunnugt er.

Málið er gríðarlega mikilvægt og unnið hefur verið markvisst í allmörg ár að samræmingu kjara vinnumarkaðar á Íslandi og einn stærsti liðurinn í því er samræming lífeyrisséttinda opinberra starfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Stór skref voru stigin í þessa átt með samkomulagi sem undirritað var þann 19. september síðastliðinn og sem tekið er fram í greinargerð nú að frumvarpið endurspegli betur efnisinntak þess heldur en í fyrra frumvarp.

Rétt er að taka fram að umsagnarfrestur er afar skammur og því ekki tækifæri til að skoða til hlítar þau fjölmörgu efnisatriði sem í frumvarpinu felast en ljóst er að áhrifa frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga mun gæta með margvíslegum hætti.




Akraneskaupstaður

Með þeim fyrirvara sem að framan getur leggur bæjarráð Akraneskaupstaðar áherslu á að frumvarpið verði að lögum fyrir áramót.

F.h. Akraneskaupstaðar

Virðingarfyllt,


Steinar Adolffson,
sviðsstjóri



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 15. desember 2016
2016120099 / 01-106-05

Efni: Frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 15. desember 2016 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram til kynningar erindi dagsett 14. desember 2016 frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál 2016.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 15. desember nk. á netfangið nefndasvið@althingi.is.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/146/s/0006.html>

Dan Jens Brynjarsson fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

Bæjarráð leggur áherslu á mikilvægi þess að frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði að lögum og felur bæjarstjóra að senda bókunina til Alþingis.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra

Elva B. Einarsdóttir

Elva Björk Einarsdóttir
skjalavörður





Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14.12.2016
Tilvísun: 201612-0011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr.1/1997, með síðari breytingum (breytingar á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr.1/1997, með síðari breytingum (breytinga á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Alþýðusambandið hefur um áraraðir lagt áherslu á nauðsyn þess að gera breytingar í þá veru að samræma lífeyrisréttindi á almennum- og opinberum vinnumarkaði og tryggja að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna verði sjálfbærir og geti staðið undir réttindum sjóðfélaga sinna, líkt lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði. Um þessi megin markmið hafa aðilar vinnumarkaðarins verið sammála eins og m.a. kemur fram í drögum að skýrslu vinnuhóps um framtíðarskipan lífeyrismála. Samræming lífeyrisréttinda er sömuleiðis að mati ASÍ forsenda fyrir áframhaldandi samtali milli aðila vinnumarkaðarins um leiðir til að breyta og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga hér á landi. Nýtt samningalíkan verður að byggja á jafnræði alls launafólks varðandi bæði launahækkanir og lífeyrismál.

Alþýðusambandið leggur því ríka áherslu á mikilvægi þess að ljúka umræddu máli þrátt fyrir að með þessu frumvarpi sé gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög leggi fram tæplega 154 milljarða til lífeyrisaukasjóða A-deilda LSR og Brúar lífeyrissjóðs til að tryggja óbreytt réttindi núverandi sjóðfélaga auk 11 milljarað framlags til varúðarsjóða til að styðja við lífeyrisaukasjóðina komi til óvæntra áfalla.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er gerð breyting frá fyrra frumvarpi (873.mál á 145. löggjafabingi) sem gerir ráð fyrir áframhaldandi ríkisábyrgð á óbreyttum réttindum allra núverandi elli- örorku- og makalífeyrisþega í A-deild LSR sem og sjóðfélaga sem náð hafa 60 ára aldri við gildistöku breytinganna. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða frá fyrra frumvarpi sem kann að hafa áhrif á framtíðarútgjöld ríkissjóðs. Ekki liggur hins vegar fyrir nein greining, í umfjöllun um frumvarpið, á fjölda þeirra sjóðfélaga sem þetta ákvæði nær til,



þeim tímaramma sem það mun ná yfir, tryggingafræðilegum áhrifum á A-deild LSR eða mögulegum kostnaðaráhrifum á ríkissjóð.

Þá áréttar Alþýðusambandið að innan aðildarfélaganna ASÍ eru um 12.000 félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum sem fjármagnaðar eru af þessum aðilum. Þessi hópur greiðir lífeyrisiðgjöld til almennu lífeyrissjóðanna, en mótframlag atvinnurekenda er skv. kjarasamningi hið sama og til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna (11,5% hjá ríkinu og 12% hjá sveitarfélögum). Í kjarasamningum þessara aðildarfélaganna er jafnframt kveðið á um að mótframlagið byggi á þeirri forsendu að ekki verði breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Jafnframt kveða kjarasamningar á um að verði breytingar á mótframlagi hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna taki mótframlag þessa hóps breytingum á sama hátt. Lífeyrisréttindi þessa hóps opinberra starfsmanna hafa hins vegar ekki verið ríkistryggð með sama hætti og lífeyrisréttindi sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðanna.

Framlag til lífeyrisaukasjóða A-deilda LSR og Brúar mun standa undir óbreyttum réttindum núverandi sjóðfélaga í þessum deildum til starfsloka, en þessi aðferð mun hins vegar að óbreyttu ekki tryggja starfsfólki innan vébanda ASÍ, sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum og stofnunum sem fjármagnaðar eru alfarið af almannafé, sambærilega uppbót. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011 var því lýst yfir að við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna yrðu réttindi þessa hóps tryggð sem sambærilegum hætti og réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, með framlögum frá hinu opinbera. Alþýðusambandið hefur haft frumkvæði að því að fá tryggingafræðilegt mat á stöðu þessa hóps og kostnaði við að tryggja honum sambærilega lausn og sjóðfélögum A-deilda LSR og Brúar og væntir þess að þær upplýsingar liggi fyrir á næstu dögum. Alþýðusambandið leggur áherslu á að staðið verði við gefin loforð og tryggt að jafnt verði látið yfir alla starfsmenn ríkis og sveitarfélaga ganga. Nauðsynlegt er að einnig verði tekið tillit til þessa í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár til þess að aðgerðin verði ekki íþyngjandi fyrir fjárlög næsta árs.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Nefndasvið Alþingis,
b.t. efnhags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016.

Athugasemdir BHM við frumvarp til laga um breytingu á lögum um LSR, nr. 1/1997, með síðari breytingum (á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 – 6. mál lagt fyrir á 146. löggjafarþingi.

Vísað er til fyrri umsagnar BHM um sama mál frá 3. okt. sl. sem skilað var til fjárlaganefndar sem þá hafði frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til umfjöllunar. Hún er meðfylgjandi. Athugasemdir BHM við frumvarpið á þingskjali 6 eru efnislega hinar sömu og þar komu fram. BHM gerir þó athugasemdir við ný efnisatriði í nýju frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra um breytingar á A-deild LSR sem hér segir:

Mat á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrisaukasjóðs

7. grein frumvarpsins, c-liður (X.), undirliður a, hefur tekið breytingum til hins verra frá því að frumvarpið var fyrst lagt fram á 145. löggjafarþingi. Nú er þar mælt fyrir um að hafi tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs verið „*neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár*“ skuli leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðsins. Þá hefur verið felld út vísun í ákvæði almennra laga um breytt vilmörk lífeyrissjóða. Ekki eru færð rök fyrir breytingum á efnisgreininni í greinargerð með frumvarpinu.

BHM leggur til að efnisgreinin verði færð til fyrra horfs, þannig að hún samræmist efni samkomulags ríkis, sveitarfélaga og bandalaga opinberra starfsmanna frá 19. sept. 2016 og verði svohljóðandi:

- a. *Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs, samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en fimm ár. sbr. 39. gr. laqa nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vilmörk breytast vilmörk þessi til samræmis.*

Óbreytt réttindi sjóðfélaga sem náð hafa 60 ára aldri


Í 7. gr. frumvarpsins, e-lið (XII.) er kveðið á um að varúðarsjóður skuli ekki nýttur til handa sjóðfélögum sem eiga réttindi í A-deild LSR og náð hafa 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykpta. BHM gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu.

Rétt skilgreining sjóðfélaga

Að lokum skal áréttað að forsenda þess að frumvarpið endurspegli efni samkomulagsins frá 19. september er að mati BHM að hugtakið sjóðfélagi sé skilgreint með réttum hætti. Í því efni er nærtækt að vísa í umsögn bandalagsins dags. 3. okt. 2016 en þar gerir BHM tillögu að eftirfarandi

viðbót við 7. gr. frumvarpsins, b-lið (IX) 2. mgr.: „Lífeyrisaukanum er ætlað að tryggja óskert réttindi allra sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar. Sjóðfélagar eru greiðendur, lífeyrisþegar og þeir sem eiga geymd réttindi í A-deildunum.“

BHM lýsir sig reiðubúið til að ræða efni umsagnarinnar við efnahags- og viðskiptanefnd og ítrekar afstöðu bandalagsins, sem kom fram í umsögn dags. 3. okt. sl., að frumvarpið í þáverandi og núverandi búningi sé ekki í fullu samræmi við efni samkomulags ríkis, sveitarfélaga og opinberu bandalaganna þriggja og því geti BHM ekki mælt með afgreiðslu þess í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

3. október 2016.

Athugasemdir BHM við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (þingskjal 1689 — 873. mál).

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (hér eftir nefnt LSR-frumvarp) sem lagt var fram á Alþingi þann 20. september 2016, sbr. þingskjal nr. 1689. Einnig er vísað til samkomulags frá 19. september sl. sem gert var á milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið).

Í júní 2009 gerðu aðilar vinnumarkaðarins, ríkisstjórn og sveitarfélög með sér svokallaðan Stöðugleikasáttmála en honum var m.a. ætlað að tryggja frið á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins. Með undirritun hans var samþykkt að hefja endurskoðun lífeyrismála hér á landi með það að markmiði að samræma kjör launafólks án skuldbindinga um tiltekna niðurstöðu fyrirfram. Á grunni Stöðugleikasáttmálans var skipuð nefnd aðila vinnumarkaðarins (í daglegu tali nefnd 9. greinar nefndin) sem fékk það verkefni að komast að samkomulagi um framtíðarskipan lífeyrismála hér á landi. Nefndin náði samkomulagi og fyrir liggur óundirrituð skýrsla hennar frá því í júní 2015. Fyrir undirritun skýrslunnar þarf útfærsla kerfisbreytingarinnar að liggja fyrir í lögum og í samþykktum stjórna lífeyrissjóðanna. Samkomulagið sem gert var 19. september sl. og er grundvöllur þeirra lagabreytinga sem gera þarf.

Í stefnu BHM um lífeyrismál segir m.a.:

BHM vill stuðla að sátt um framtíðarskipan lífeyrismála og telur æskilegt að með tímanum verði til eitt samræmt lífeyriskerfi sem:

- Samræmir réttindi á milli ólíkra sjóða
- Tekur tillit til hækkandi aldurs þjóðarinnar
- Virðir þá staðreynd að lífeyriskjör eru hluti af starfskjörum
- Hefur ekki í för með sér skerðingu á áunnum réttindum
- Er hagkvæmt í rekstri
- Tryggir betri aðkomu sjóðfélaga í stjórnnum sjóðanna en nú er
- Tryggir viðunandi afkomu lífeyrisþega án óhóflegra skerðinga í almannatryggingakerfinu

Í stefnu BHM segir enn fremur að forsendur fyrir upptöku nýs samræmds lífeyriskerfis gagnvart opinberum starfsmönnum séu:

- Að tryggt verði að lögbundin réttindi í A-deild LSR og samningsbundin réttindi í LSS (nú Brú) haldist óbreytt og að þeir sem eru í þessum sjóðum nú eigi rétt á að vera þar áfram á óbreyttum kjörum.
- Að sá munur sem kann að verða á núverandi kerfi og nýju lífeyriskerfi verði bættur að fullu í launum.

Í álykun aðalfundar BHM 2016 er hnykkt á þessari stefnu en þar var eftirfarandi samþykkt:

Aðalfundur BHM haldinn 19.5.2016 ítrekar fyrri samþykktir um framtíðarskipan lífeyrismála. Stefna ber að því að með tímanum verði til eitt samræmt lífeyriskerfi í landinu. Í viðræðum, sem nú standa yfir, um upptöku nýs samræmds lífeyriskerfis gagnvart opinberum starfsmönnum verði tryggt:

- Að staðið verði að fullu við núverandi lífeyrisskuldbindingar gagnvart sjóðfélögum A- og B-deildar LSR, sem og sambærilegum sjóðum sveitarfélaga, hvort sem þeir hafa hafið töku lífeyris eða ekki.
- Að sá munur sem kann að verða á núverandi kerfi og nýju lífeyriskerfi, komi ekki niður á komandi kynslóðum og verði bættur að fullu í launum.

Markmið viðræðna BHM við ríki og sveitarfélög hefur frá upphafi verið að gæta hagsmuna félagsmanna hvað þetta varðar og leiða launagreiðendum það fyrir sjónir að nýtt og samræmt lífeyriskerfi krefjist þess að launakjör opinberra starfsmanna verði bætt og gerð samkeppnisfær við laun sambærilegra hópa á almennum vinnumarkaði. M.ö.o. jöfnun lífeyrisréttinda á milli vinnumarkaða krefst gjörbreyttrar launastefnu ríkisins.

BHM gerir athugasemdir við frumvarpið í þremur liðum:

1. Það er grundvallaratriði að LSR-frumvarpið endurspegli vilja samningsaðila skv. samkomulaginu og að tryggt sé að það endurspeglir í samþykktum LSR fyrir A-deild.

Í samkomulaginu segir í 1. t.l. um markmið og forsendur:

- a. Lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.
- b. Unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er.
- c. Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu.



Við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðfélaga sérstaklega tryggð.

Skv. samkomulaginu skal breytt skipan lífeyrismála taka gildi 1. janúar 2017 og samhliða falla almenn lagaákvæði um A-deild LSR úr gildi.

Í 3. gr. LSR-frumvarpsins er kveðið á um að II. kafli laganna, A-deild lífeyrissjóðsins, 12.–21. gr., falli brott í heild sinni en í þeim kafla er fjallað um réttindi sjóðfélaga.

Samkvæmt yfirlýstum markmiðum samningsaðila eiga réttindi sjóðfélaga ekki að skerðast og eiga þeir að vera jafnsettir fyrir og eftir breytingarnar. Í frumvarpinu er lagt til að réttindakafli sjóðfélaga A-deildar falli brott í heild sinni. Mikilvægt er að kveðið sé á um í LSR-frumvarpinu að samþykktir sjóðsins endurspegli sömu og jafngóð réttindi og núgildandi lög um LSR gera. Brýnt er að frumvarpið sé sem skýrast til að koma í veg fyrir ágreining um innihald þess og túlkun í framtíðinni.

BHM leggur til breytingu á frumvarpinu svo að réttindin verði tryggð með lögum, enda er hún í fullu samræmi við efni samkomulagsins.

- **Í 7. gr. a. (VIII.) í frumvarpinu er svohljóðandi:**

„Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016.“

BHM leggur til breytingar á orðalaginu þannig að við 7. gr. a. (VIII.) bætist nýr málslíður aftast: „Skal stjórn sjóðsins aðlaga samþykktir sjóðsins þannig að réttindi sjóðfélaga sem nú er kveðið á um í II. kafla laga nr. 1/1997 séu tryggð.“

2. Tryggja skal réttindi allra sjóðfélaga A-deildar LSR.

LSR-frumvarpið tryggir ekki rétt allra núverandi sjóðfélaga A-deildar LSR sem a-c- liður 1. tl. samkomulagsins kveður á um að gera þurfi. Samkomulagið kveður annars vegar á um flutning milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu og segir hins vegar að verðmæti réttinda núverandi sjóðfélaga séu tryggð. Sá rauði þráður sem liggur í gegnum LSR- frumvarpið er að verðmæti lífeyrisréttinda núverandi sjóðfélaga verði tryggð með sérstökum framlögum til A-deilda sjóðanna af hálfu hins opinbera. Áhrif jöfnunar lífeyrisréttinda eiga, samkvæmt LSR-frumvarpinu, að vera óveruleg fyrir sjóðfélaga þar sem ríkissjóður muni bæta upp það réttindatap sem hlýst af aðgerðinni með svokölluðum lífeyrisauka. Lífeyrisaukinn er mismunurinn sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga

samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.

- **Athugasemdir við 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 2. mgr.:**

Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

BHM leggur til að við bætist nýir málsliðir þannig að greinin verði svohljóðandi:

Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. *Lífeyrisaukanum er ætlað að tryggja óskert réttindi allra sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar. Sjóðfélagar eru greiðendur, lífeyrisþegar og þeir sem eiga geymd réttindi í A-deildunum.* Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

Með þessu bætta orðalagi telur BHM að tekinn sé af allur vafi um að lögin séu í samræmi við samkomulagið og ætti þannig að tryggja óbreytt réttindi allra sjóðfélaga í A-deild LSR.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um skilyrði, sem að mati BHM vinna gegn markmiðum samkomulagsins. Þau skilyrði sem BHM gerir athugasemdir við eru í 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX).

- **Athugasemdir við 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 3. mgr.:**

Í 3. mgr. er lagt til að sjóðfélagar sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum og eru virkir greiðendur í A-deild í lok árs 2016 eigi rétt á lífeyrisauka. Rétturinn helst á meðan svo er. Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á árinu 2016.

Þetta skilyrði er ekki í samræmi við það markmið samkomulagsins að tryggja eigi verðmæti lífeyrisréttinda **allra** núverandi sjóðfélaga. Þá fær BHM ekki séð að þetta tryggi það að sjóðfélagi geti fært sig milli vinnumarkaða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu. Það á einungis við um sjóðfélaga í nýju lífeyriskerfi. Núverandi sjóðfélagar virðast vera bundnir við að fá lífeyrisaukann einungis þegar þeir starfa hjá þeim launagreiðendum sem taldir eru upp í 3. mgr.

- **Athugasemdir við 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 4. mgr. og 8. mgr.:**

Í frumvarpinu er 4. mgr. greinarinnar svohljóðandi: „Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum



eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.“

Hér er sem sagt kveðið á um að þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eigi því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi **samþykkt** að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr. frumvarpsins.

Athugasemdir BHM lúta í **fyrsta lagi** að því að lagt er til að virkir greiðendur í A-deild við árslok 2016 sem starfa hjá öðrum launagreiðendum en þeim sem taldir eru í 3. mgr. eigi því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi **samþykkt** að greiða hækkað iðgjald fyrir sjóðfélagann. BHM lítur svo á að með því að launagreiðendur hafi samkvæmt nágildandi lögum, samþykkt aðild að LSR fyrir núverandi sjóðfélaga þá hafi þeir um leið gengist undir skuldbindingar gagnvart sjóðnum og nái sú skuldbinding til þess að greiða þann kostnað sem standi undir lífeyrisaukanum. Í **öðru lagi** er verið að skilja þá sjóðfélaga sem starfa hjá öðrum launagreiðendum frá þeim sem taldir eru upp í 3. mgr. Þar með er ekki verið að tryggja verðmæti og réttindaávinnslu allra sjóðfélaga A-deildar LSR og jafnræði milli þeirra. Í **þriðja lagi** er það íþyngjandi fyrir launagreiðanda að iðgjaldið sem á að standa undir lífeyrisauka þessara starfsmanna, sbr. 8. mgr. getur hækkað samkvæmt ákvörðun og því ákveðin áhætta fyrir launagreiðandann að ætla að samþykkja að greiða iðgjald sem getur breyst árlega.

BHM leggur til að kveðið sé á um það í frumvarpinu að aðrir launagreiðendur en þeir sem taldir eru upp í 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 3. mgr., þ.e aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög, séu með lögum þessum skuldbundnir til að greiða hækkað iðgjald fyrir sjóðfélagann með ofangreindum rökum.

Allir sjóðfélagar í A-deild LSR geta skv. nágildandi lögum fært sig á vinnumarkaði til ríkis, sveitarfélaga eða annarra launagreiðenda sem uppfylla skilyrði 3. gr. nágildandi laga og haldið áfram að ávinna sér lífeyrisréttindi í LSR þrátt fyrir breytingu á starfi. Þeir sem eru sjóðfélagar skv. nágildandi lögum en starfa ekki hjá ríki eða sveitarfélögum (sbr. 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 3. mgr.), eru háðir samþykki síns launagreiðanda til að geta haldið réttindaávinnslu sinni áfram og farið 65 ára á lífeyri. Með þessu móti er ekki verið að tryggja verðmæti og réttindaávinnslu allra sjóðfélaga LSR eins og samkomulagið og meginefni LSR-frumvarpsins gengur út á. Með því er ekki verið að gæta að jafnræði milli allra sjóðfélaga A-deildar LSR.

Athugasemdir við 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 9. mgr.:

Í 9. mgr. er lagt til að kveðið skuli nánar um framkvæmd ákvæðisins í samþykktum sjóðsins. Áður hefur komið fram í athugasemdum þessum að mikilvægt sé að tryggja að ákvæði samþykktu um þau réttindi sem nú felast í A-deild kveði ekki á um lakari rétt fyrir hvern og einn sjóðfélaga sem hefur greitt inn í A-deildina við árslok 2016 en lög nr. 1/1997 kveða á um. Það gildi líka um það hvernig ákvæðin eru framkvæmd af stjórn sjóðsins.

3. Tryggja þarf sveigjanleika sjóðfélaga A-deildar LSR á vinnumarkaði með frumvarpinu.

Allir sjóðfélagar í A-deild LSR geta skv. nógildandi lögum fært sig á vinnumarkaði til ríkis, sveitarfélaga eða annarra launagreiðenda sem uppfylla skilyrði 3. gr. nógildandi laga og haldið áfram að ávinna sér lífeyrisréttindi í LSR þrátt fyrir tilfærslu á vinnumarkaði eða starfi.

Í VI. kafla LSR-frumvarpsins um mat á áhrifum segir:

„Á heildina litið ætti aðgerðin að hafa jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn þar sem hún eykur val og sveigjanleika vinnuafis. Vinnuafli mun eiga auðveldara með að flytja sig á milli opinbera og almenna markaðarins með breytilegri eftirspurn markaðanna. Einnig eru langtímaáhrif af jöfnun lífeyrisréttinda á milli almenna og opinbera markaðarins til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á þjóðarþúið í heild þar sem óvissu verður eytt um framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs, rekstur opinberu lífeyrissjóðanna verður gerður sjálfbær og sveigjanleiki á vinnumarkaði aukinn.“

Í lagaákvæðum LSR-frumvarpsins kemur hins vegar hvergi fram að þessir sjóðfélagar geti fært sig milli vinnustaða og átt áfram rétt á lífeyrisaukanum ef þeir færa sig milli vinnumarkaða, hvorki af almenna markaðnum til ríkis/sveitarfélaga eða öfugt. Einungis er kveðið á um rétt þeirra sem færa sig milli Brúar og A-deildar LSR sbr. 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 7. mgr. Sjá í þessu samhengi athugasemdir BHM við 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 3. mgr. hér að framan. Það er grundvallaratriði að sjóðfélagar geti flust á milli vinnumarkaða og launagreiðenda án þess að eiga á hættu að verða af lífeyrisréttindum. Tryggja þarf í frumvarpinu að núverandi sjóðfélagar (þ.e. þeir sem eru sjóðfélagar samkvæmt nógildandi lögum) geti haldið áfram að greiða í A-deild eða Brú skipti þeir um starf (fari frá opinberum vinnumarkaði yfir á almennan og öfugt) og haldið lífeyrisauka með því annað hvort að greiða viðbótina sjálfir eða launagreiðandi ef um það næst samkomulag. Það sé því óbreytt frá núverandi kerfi að hægt sé að halda sér í A-deild og þá halda lífeyrisaukanum ef viðkomandi uppfyllir skilyrði skv. 3. gr. nógildandi laga.

- **Tillaga BHM að breyttu orðalagi b-liðar (IX), 7. mgr.**

Orðalag b-liðar (IX) 7. mgr. er svohljóðandi:


„Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild, sbr. þó 5. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.“

Lagt er til að nýr málslíður bætist við b-lið (IX) 7. mgr.: „*Þeir sjóðfélagar sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, með eða án samþykkis launagreiðanda, skulu áfram eiga rétt á lífeyrisauka skipti þeir um starf eftir 1. janúar 2017 og verða áfram sjóðfélagar í A-deild, sbr. þó 5. mgr., hvort sem starfið feli í sér flutning frá*

opinbera vinnumarkaðinum yfir á almenna vinnumarkaðinn eða öfugt. Forsenda þess að þeir haldi lífeyrisauka er greiðsla hækkaðs iðgjalds, annað hvort af hálfu launagreiðenda þeirra ef um það næst samkomulag eða þeirra sjálfra, sbr. 8. mgr.“

Það er álit BHM að verði ofangreindar breytingar ekki gerðar á fyrirbyggjandi frumvarpi og það samþykkt óbreytt sé það ekki í samræmi við efni samkomulags sem undirritað var við fjármálaráðuneytið og sveitarfélögin 19. september sl. BHM fer fram á það við háttvirta fjárlaganefnd að hún geri þessar breytingartillögur að sínum.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Nefndasviði Alþingis,
Austurstræti,
101 Reykjavík

15. desember 2016

Ágæta efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna þakkar fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál þingsins, og hefur eftirfarandi sjónarmið að miðla til nefndarinnar:

Á undarförnum árum hafa fagfélög listafólks, sem jafnframt hafa gegnt hlutverki stéttarféлага, gengið til liðs við BHM – Bandalag háskólamanna, enda slíkt eðlilegt samfara þeirri þróun sem orðið hefur á menntun listamanna, sem á síðustu áratugum er orðin viðurkennd menntun á háskólastigi. Í umfjöllun sem farið hefur fram á vettvangi BHM í aðdraganda breytinganna sem frumvarpið mælir fyrir um hafa formenn féлага listamanna setið hjá í atkvæðagreiðslum og látið bóka andmæli sem hafa t.d. snúið að réttindaskerðingu nýrra féлага.

BÍL hefur ekki látið fara fram sjálfstæða rannsókn á málinu eftir að það var lagt fram á nýju þingi en við höfum í höndunum [skýrslu](#) Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga um mat á virði bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum A-deildar LSR, þar sem lýst er efasemdum um matið eins og það liggur fyrir í frumvarpinu. Í skýrslunni er því haldið fram að ekki sé hægt að bæta afnám ríkisábyrgðar með varúðarsjóði þeim sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Þá halda höfundar skýrslunnar því fram að ekki sé tryggt skv. frumvarpinu að A-deild LSR hafi fjármagn til að greiða núverandi sjóðsfélögum skv. núverandi kjörum og að ekki sé tryggt að sjóðsfélagar haldi öllum réttindum sem þeir hafa átt fram að þessu. Meðan þessi vafi er uppi, geta aðildarfélög BÍL ekki mælt með að málið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BÍL – Bandalags íslenskra listamanna,

Kolbrún Halldórsdóttir

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. desember 2016

Efni: Umsögn Brúar lífeyrissjóðs um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Með tölvupósti frá nefndarsviði Alþingis þann 14. desember 2016 var Brú lífeyrissjóði sent til umsagnar 6. mál, frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frumvarpið, eins og nafn þess gefur til kynna, fjallar að meginefni um breytingar á lögum sem ekki varða Brú lífeyrissjóð, þrátt fyrir að þær breytingar sem um ræðir og frumvarpið fjallar um, taki einnig til Brúar lífeyrissjóðs, þ.e. sú breyting að lífeyrisréttindi verði jöfnuð milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þannig að reglur um ávinnslu réttinda og lífeyristökualdur opinberra starfsmanna taki breytingum, enda fellur Brú lífeyrissjóður undir þá flokkun að vera lífeyrissjóður opinberra starfsmanna.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á öðrum lögum. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við 8. gr. frumvarpsins:

Hvað varðar undanþágu frá ákvæðum um samsetning eigna:

a liður: „Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum [lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997] bætist við ný málsgrein svohljóðandi: Skuldabréf sem A deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.“

Sveitarfélögin munu bera kostnað vegna A deildar Brúar náí breyting þessi á lífeyriskrefi opinberra starfsmanna fram að ganga gagnvart Brú lífeyrissjóði. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að sveitarfélög munu á sama hátt og ríkið leggja til framlag í lífeyrisaukasjóð til Brúar lífeyrissjóðs.

Brú lífeyrissjóður telur vegna þessa nauðsynlegt að ákvæði um undanþágu um samsetningu eigna, þ.e. ný málsgrein við bráðabirgðaákvæði III, taki einnig til Brúar lífeyrissjóðs.

Hvað varðar frestun ákvörðunar um hækkun iðgjalda lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði:

b liður: „Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.“

Brú lífeyrissjóður telur rétt að vekja athygli á að iðgjald A deildar Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2016 er 16% (4% iðgjald launamanns og 12% mótframlag atvinnurekanda) og verði iðgjaldið áfram það sama stangast það á við iðgjald það sem ákveðið hefur verið í kjarasamningi aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 þar sem gert er ráð fyrir 4% iðgjaldi launamanns og 11,5% mótframlagi atvinnurekanda.

Umræddur kjarasamningur nær ekki til launagreiðenda og sjóðfélaga í A deild Brúar lífeyrissjóðs og telur lífeyrissjóðurinn því nauðsynlegt að kveðið sé skýrar á um það hvert iðgjald í A deild Brúar lífeyrissjóðs skal vera til framtíðar litið m.a. með hliðsjón af því að markmið frumvarpsins er að lífeyrisréttindi verði jöfnuð milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Hvað varðar lagaskyldu til breytinga á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs:

Í 8. gr. frumvarpsins er ekki kveðið á um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 á þá leið að A deild Brúar lífeyrissjóðs verði umbreytt í sama horf og á við um lífeyrissjóði fyrir almenna vinnumarkaðinn með sama lífeyristökualdri, aldurstengdri réttindaávinnslu og almenna vinnumarkaðnum. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur þó fram í kaflanum um *Úrlausn lífeyrisskuldbindinga vegna A deildar LSR* að „gert sé ráð fyrir að sambærilegar ráðstafanir verði gerðar vegna A-deildar lífeyrissjóðsins Brúar á vegum sveitarfélaga“ og má því lesa úr athugasemdum með frumvarpinu að vilji löggjafans standi til þess að umbreytingin eigi einnig að taka til A deildar Brúar lífeyrissjóðs.

Efnahags- og viðskiptanefnd er hér með upplýst um ákvæði 42. gr. samþykpta Brúar lífeyrissjóðs sem er svohljóðandi:

42.1. Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samþykki stjórnar stofnaðila sjóðsins, þ.e. BSRB, Bandalags háskólanna, KÍ og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

42.2. Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að kynna þær á ársfundi, sbr. grein 4.2. [sem fjallar um dagskrá aðalfundar sjóðsins] ef slíkar breytingar leiða beint af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.

Fyrir hönd Brúar lífeyrissjóðs


Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri


Þóra Jónsdóttir, sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs

Reykjavík, 21. desember 2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál – þskj. 6

Í ljósi stöðunnar óskar BSRB eftir því að efnahags- og viðskiptanefnd taki aftur til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um LSR. Lögð er mikil áhersla á að málinu ljúki í sátt við alla aðila samkomulagsins og vill bandalagið leggja fram neðangreinda tillögu til breytinga. Við teljum hana styrkja stöðu þeirra sem eru undir 60 ára.

Til frekari skýringar þá tekur frumvarpið í núverandi mynd til eftirfarandi:

A-deildin fer undir almennu lífeyrissjóðalögin sem felur í sér að ávinnsla verður aldurstengd og lífeyristökualdur 67 ára. Enn fremur verða eftirtaldar breytingar:

1. Lífeyrisaukasjóður greiðir mun á annars vegar jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri hjá núverandi sjóðfélögum í A-deild.
2. Varúðarsjóðurinn bætir upp stöðu lífeyrisaukasjóðs ef hann getur ekki staðið við hlutverk sitt.
3. 60 ára og eldri er tryggt skaðleysi.
4. Geti varúðarsjóðurinn ekki staðið við hlutverk sitt verða teknar upp viðræður á milli launagreiðenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna um hvernig verði við því brugðist, sbr. c. lið 4. gr. viðauka 1 samkomulags aðila frá 19. september s.l.

Tillaga BSRB felur í sér að efnislega myndi frumvarpið kveða á um eftirfarandi en breytingartillagan er feitletruð:

A-deildin fer undir almennu lífeyrissjóðalögin sem felur í sér að ávinnsla verður aldurstengd og lífeyristökualdur 67 ára. Enn fremur:

1. Lífeyrisaukasjóður greiðir mun á annars vegar jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri hjá núverandi sjóðfélögum í A-deild.
2. Varúðarsjóðurinn bætir upp stöðu lífeyrisaukasjóðs ef hann getur ekki staðið við hlutverk sitt **og bætir upp stöðu A-deildar gagnvart núverandi sjóðfélögum ef kemur til skerðinga**. Ef varúðarsjóðurinn tæmist innan 20 ára lýkur þá hlutverki hans og A-deildin sætir aukningu og skerðingu réttinda eins og aðrar deildir í almennu lífeyrissjóðalögunum.
3. 60 ára og eldri er tryggt skaðleysi.
4. Geti varúðarsjóðurinn ekki staðið við hlutverk sitt verða teknar upp viðræður á milli launagreiðenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna um hvernig verði við því brugðist, sbr. c. lið 4. gr. viðauka 1 samkomulags aðila frá 19. september s.l.

Munurinn felst því í að hlutverk lífeyrisaukasjóðs yrði óbreytt í frumvarpinu og samkvæmt skilningi fjármála- og efnahagsráðuneytis en hlutverk varúðarsjóðs tekur breytingum. Miðað við fyrirbyggjarfrumvarp takalífeyrisaukasjóður og varúðarsjóður eingöngu til framtíðarréttinda sjóðfélaga en skv. breytingartillögunni mun varúðarsjóðurinn taka á allri A-deildinni varðandi núverandi sjóðfélaga. Varúðarsjóðurinn mun því taka á því sama og bakábyrgðin gerir í dag.

Breytingartillagan nær því eingöngu til c. liðar (X.) 7. gr. frumvarps. Lagt er til að bætt sé við nýrri málsgrein á eftir þeirri fyrstu og hún hljóði svo í heild sinni en tillögur að breytingu eru feitletraðar:

c. (X.)

Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

Hlutverk varúðarsjóðs er annars vegar að styðja við lífeyrisaukasjóð og hins vegar að bæta upp stöðu A-deildar ef tryggingafræðileg staða hennar er neikvæð til að tryggja að sjóðfélagar sem aðild eiga að sjóðnum fyrir 1. júní 2017 sæti ekki skerðingu réttinda, sbr. 39. gr. laga 129/1997.

Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum. Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfelld í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.
- b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Það er sjálfsagt að mæta á fund nefndarinnar og skýra málið frekar.

Fyrir hönd BSRB

Handwritten signature of Helga Jónsdóttir in blue ink.

Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál – þskj. 6

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Málið hefur tekið breytingum frá áður framlögðu frumvarpi varðandi sama mál. Hins vegar eru hvorki breytingarnar né frumvarpið í heild sinni þannig úr garði gert að það endurspegli það samkomulag sem BSRB, Bandalag háskólamanna, Kennarasamband Íslands, ríki og sveitarfélög undirrituðu 19. september s.l., um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna varðandi A-deildir LSR og Brúar (hér eftir nefnt samkomulagið).

Aðdragandi frumvarps og afstaða BSRB

BSRB leggur áherslu á að um gríðarlega mikilvægt málefni er að ræða sem verði að ljúka í sátt við alla sem stóðu að samkomulaginu. Forsendur þessa frumvarps er umrætt samkomulag heildarsamtaka launafólks, ríkis og sveitarfélaga. Það er því vandséð hvernig megi ríkja traust á milli þessara viðsemjenda á vinnumarkaði ef aðstæður eru svo að fulltrúar atvinnurekenda virði ekki niðurstöðu samkomulags við fulltrúa launafólks á opinberum vinnumarkaði.

Samkomulagið felur í sér að aðilar þess lýsa stuðningi við þær kerfisbreytingar að lífeyrisréttindi verði jöfnuð milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins þannig að reglur um ávinnslu réttinda og lífeyristökualdur opinberra starfsmanna taki breytingum. Allir búi þá við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu og unnið verði markvisst að því að jafna launakjör á opinberum og almennum vinnumarkaði. Slíkar breytingar myndu að óbreyttu valda skerðingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Til að tryggð verði að áunnin lífeyrisréttindi núverandi sjóðfélaga A-deildar LSR og Brúar verði óbreytt og framtíðarréttindi jöfn því sem annars hefði orðið, er m.a. markmið og forsenda samkomulagsins að „réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála“ sem fjallað er um í samkomulaginu, sbr. c. lið 1. gr. samkomulags. Í stað jafnrar ávinnslu réttinda yfir starfsævina muni réttindaávinnsla verða aldurstengd. Þá muni almennur lífeyristökualdur hækka úr 65 árum í 67. Hins vegar muni núverandi sjóðfélagar halda

óbreyttum réttindum sem þeir hafa nú í LSR og Brú og geti hafið töku lífeyris 65 ára ef þeir svo kjósa. Í samkomulaginu kemur fram að hlutverk lífeyrisaukasjóðs sé að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga, sbr. b lið 4. gr. samkomulags. Réttindi núverandi sjóðfélaga eru hvoru tveggja áunnin og framtíðarréttindi. Til að tryggja að framtíðarréttindi sjóðfélaga séu óbreytt þarf að bæta þeim upp breytta réttindaávinnslu úr jafnri í aldurstengda og hækkun lífeyristökualdurs úr 65 í 67 ár. Lífeyrisaukasjóðurinn var reiknaður á þann hátt að mæta væntum skuldbindingum eftir bestu vitund á þeim tíma. Ef eitthvað óvænt kemur upp á og lífeyrisaukasjóðurinn getur ekki staðið við hlutverk sitt þá skal skv. samkomulaginu varúðarsjóður styðja við hlutverk lífeyrisaukasjóðs. Fjárhæð lífeyrisaukasjóðs er því þannig fundin að sjóðurinn geti staðið við allar sínar skuldbindingar.

Lífeyrisaukinn á þannig að tryggja fulla fjármögnun skuldbindinga sjóðsins, núverandi og til framtíðar, fyrir þá sem eiga réttindi í A-deild fyrir breytingar. Hlutverk varúðasjóðs er til tryggingar lífeyrisaukasjóði ef staða hans yrði neikvæð en í staðinn muni ábyrgð launagreiðenda á réttindum vera afnumin.

Skömmu áður en frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins var hins vegar lagt fram 20. september s.l. kom í ljós að afstaða ríkis og sveitarfélaga til samkomulagsins var önnur en afstaða heildarsamtaka launafólks á opinberum vinnumarkaði. Þannig telja fulltrúar ríkis og sveitarfélaga að allir sjóðfélagar skuli sæta skerðingu réttinda ef í ljós kemur að tryggingafræðileg staða A-deildar sé neikvæð. Í því felst t.d. að sé ávöxtun sjóðsins ekki nægilega góð þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga. Það getur einnig falið í sér að réttindi sjóðfélaga geta aukist ef staða sjóðsins er jákvæð. Það er hins vegar mikil breyting frá núverandi fyrirkomulagi þar sem nú bera sjóðfélagar ekki sjálfir ábyrgð á réttindum heldur launagreiðendur. Ef staða A-deildar er neikvæð ber stjórn sjóðsins að hækka mótframlag launagreiðenda og ef staða sjóðsins er jákvæð þá skuli lækka mótframlag atvinnurekenda.

BSRB ítrekar fyrri afstöðu sína og krefst þess að frumvarpinu sem hér er til umsagnar verði breytt á þann hátt að það endurspegli samkomulagið. Samræming lífeyriskerfa milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins verður ekki gerð með skerðingu á réttindum núverandi sjóðfélaga. Það er því ekki nægilegt að frumvarpið kveði eingöngu á um að lítill hluti núverandi sjóðfélaga sæti ekki skerðingum á réttindum sé staða sjóðsins neikvæð í tilskilinn tíma en aðrir ekki sitji ekki við sama borð. Kerfisbreytingin hlýtur að þurfa að fela í sér að núverandi sjóðfélagar haldi sömu réttindum eins og hefði verið í núverandi kerfi eða jafn verðmætum. Til áréttingar má einnig benda á að meðal sjóðfélaga eru einstaklingar sem árið 1997 völdu milli A- og B-deildar þegar síðarnefndu deildinni var lokað. Það val verður ekki tekið aftur og enn mikilvægara er að tryggja þeim einstaklingum sömu réttindi í nýju kerfi. Þessir einstaklingar tóku ákvörðun sína á þeim forsendum sem nú gilda um kerfið.

Tvær tillögur að breytingum sem þjóna sama markmiði

Nokkrar mismunandi leiðir eru færar til að tryggja að núverandi sjóðfélagar búi við jafnverðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar. Það er að mati bandalagsins meginforsenda þess að málið sé klárað í sátt við alla aðila sem að samkomulaginu standa að tryggt sé að núverandi sjóðfélagar eigi ekki á hættu að réttindi þeirra verði skert miðað við það kerfi sem þeir eiga nú aðild að.

Fyrri tillaga

BSRB telur heillavænlegast að sú leið verði farin að breyta e. lið (XII.) 7. gr. á þann hátt að það kveði ekki á um 60 ára aldursviðmið heldur að ákvæðið taki til allra núverandi sjóðfélaga. Jafnframt þarf að tryggja sama rétt vegna barnalífeyris en hans er ekki getið í frumvarpinu eins og það stendur nú. BSRB leggur til að ákvæðið hljóði svo í heild sinni:

e. liður (XII)

„Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild fyrir gildistöku nýrra samþykkt. Ekki skal nýta höfuðstól varúðasjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð. Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku-, maka-, og barnalífeyrisþega fyrir gildistöku nýrra samþykkt.“

Meðal annarra markmiða og forsendna samkomulagsins er að „útgjaldaskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna A-deilda LSR og Brúar verði sambærilegar við það sem hefði orðið miðað við núverandi skipan.“, sbr. d. lið 1. gr. samkomulags. Þá hefur ítrekað hefur komið fram í máli fjármála- og efnahagsráðherra auk hans ráðuneytis að „[r]íkið er heldur ekki að reyna að komast þannig frá málinu að það losi sig undan einhverjum skuldbindingum sem það er þegar búið að lofa í framtíðinni. Það er sem sagt hvorki verið að taka á sig nýjar skuldbindingar né [...]að ríkið sé að losa sig undan neinum skuldbindingum.“ sbr. t.d. andsvar fjármála- og efnahagsráðherra í umræðum um frumvarpið á 4. fundi Alþingis 13. desember s.l. Samkvæmt þessu hlýtur tillaga BSRB að teljast í fullu samræmi við samkomulagið.

Seinni tillaga

Önnur fær leið til að láta frumvarpið endurspegla samkomulagið er t.d. að hlutverk lífeyrisaukasjóðs sé skilgreint betur í frumvarpinu ásamt hlutverki varúðasjóðs og hvenær eigi að leggja höfuðstól hans við lífeyrisaukasjóð. Hér á eftir fer samantekt á því sem byggir að mestu á fyrri umsögn bandalagsins um málið. Að því undanskildu að í frumvarpinu sem nú er til umsagnar hefur 1. málslíð og a lið 3. mgr. c. liðar (X.) 7. gr. tekið breytingum frá fyrra frumvarpi sem var lagt fram í september. Ákvæðið fjallar um hvenær skuli leggja höfuðstól varúðasjóðs við lífeyrisaukasjóð. Í fyrra frumvarpi var ákvæðið samhljóða

viðauka 1 og 2 samkomulagsins um varúðarsjóði en hefur nú verið breytt til verri vegar. Þess er krafist að ákvæðinu sé aftur breytt eins og það var í fyrra frumvarpi en þá hljóðaði það svo:

1. másl. Og a. liður 3. mgr. c. liðar (X)

„Óheimilt er að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins í fimm ár frá stofnun hans. Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en fimm ár, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessi til samræmis.“

Þá þarf jafnframt að tryggja að tilgreint sé í frumvarpinu að réttindi núverandi sjóðfélaga verði ekki skert eftir að nýjar samþykktir taka gildi. BSRB leggur til eftirfarandi breytingar að þessu markmiði.

Við a. lið 7. gr. frumvarpsins bætist við 3. málsliður svohljóðandi:

„Í samþykktunum skal ekki kveða á um lakari réttindi hvers og eins sjóðfélaga sem aðild á að sjóðnum fyrir 1. júní 2017.“

Ákvæði a.liðar 7. gr. frumvarpsins hljóði því svo í heild en breytingartillagan er undirstrikuð:

„Frá og með 1. júní 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykktar er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrissjóðs og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017. Í samþykktunum skal ekki kveða á um lakari réttindi hvers og eins sjóðfélaga sem aðild á að sjóðnum fyrir 1. júní 2017.“

Við 1. mgr. b liðar (IX.) 7. gr. frumvarpsins bætist nýr 2. málsliður:

„Hlutverk lífeyrisauka er að tryggja að áfallnar skuldbindingar og réttindi þeirra sjóðfélaga, sem eiga réttindi í A-deild áður en nýjar samþykktir taka gildi 2017, séu á hverjum tíma óskert og til að framtíðarávinnsla réttinda verði jöfn því sem hún hefði annars verið.“

Ákvæði 1. mgr. b.liðar 7. gr. frumvarpsins hljóði því í heild svo en breytingartillagan er undirstrikuð:

„Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr.

Hlutverk lífeyrisauka er að tryggja að áfallnar skuldbindingar og réttindi þeirra sjóðfélaga, sem eiga réttindi í A-deild áður en nýjar samþykktir taka gildi 2017, séu á hverjum tíma óskert og til að framtíðarávinnsla réttinda verði jöfn því sem hún hefði annars orðið. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar í lok september 2016 og miðað við lífslíkur byggðar á reynslu áramna 2010-2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir

frankvæmdastjóri



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki, 15. desember 2016

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skuli greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Tekið er fram að ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings skuli endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að af heildar-uppgjörinu er áætlað að um 9,3%, eða sem svarar til 9,9 ma.kr., séu lífeyrisréttindi starfsmanna B- og C-hluta fyrirtækja og lánasjóða og sambærilegra aðila sem ekki eru fjármagnaðir að meiri hluta af skattfé. Ekkert kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hvernig sú upphæð skiptist á milli stofnana eða hvaða áhrif þetta frumvarp mun hafa á rekstur stofnana eða skuldastöðu.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 106/1999 er Byggingastofnun rannsóknarstofnun. Hún fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Hlutverk Byggingastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í



atvinnulífi. Bygðastofnun er því einnig lánastofnun og er sem slík á C-hluta ríkisreiknings og nýtur því fjármagnstekna af lánastarfseminni, auk fjárframlaga af fjárlögum til að reka aðra hluta starfseminnar, þ.á.m. til að fjármagna starfsemi landshlutabundinna atvinnuþróunarfélaga.

Það er bagalegt fyrir Bygðastofnun að geta ekki með góðu móti metið áhrif frumvarpsins á rekstur stofnunarinnar. Líklegt má telja að stofnunin fari þess á leit að því verði mætt með hækkuðu fjárframlagi í fjárlagavinnu næsta árs þegar áhrif lagasetningarinnar á rekstur stofnunarinnar verða komin fram.

Fyrir hönd Bygðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri



Dalabyggð

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd

nefndasvid@althingi.is

Vísað er í tölvupóst nefndasviðs frá 14. desember sl. þar sem var gefinn kostur á að senda inn umsögn um ofangreint frumvarp.

Skammur tími er gefinn til umsagnar og er því neðangreind umsögn afgreidd af byggðarráði Dalabyggðar milli formlegra funda.

Byggðarráð Dalabyggðar mælir með að frumvarpið verði samþykkt fyrir komandi áramót og vísar að öðru leyti í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar



Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. desember 2016, þar sem gefin er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Eyjafjarðarsveit styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur áherslu á að það verði að lögum fyrir áramót.

F.h. Eyjafjarðarsveitar

Stefán Árnason, skrifstofustjóri



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadilum gafst til að vega og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. málsl. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykkt A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykkt.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögina bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímann greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykktu, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykktu. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárför sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðsfélaga en ekki þeirra sjóðsfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélaganna sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktanna. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktanna.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ



Félag geislafræðinga

15. desember 2016

Umsögn Félags geislafræðinga vegna draga að Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Frumvarpið til laga sem hér er til umsagnar er tæknilega flókið. Þess vegna verða hér ekki gerðar umsagnir um einstakar greinar í drögum frumvarpsins heldur tekið undir umsögn Bandalags háskólamanna um umrædd lög og samkomulagið sem gert var við BHM og fleiri þar að lútandi.

Þrátt fyrir stuðning við umsögn Bandalags háskólamanna eru hér ítrekuð atriði sem Félag geislafræðinga telur óhjákvæmilegt að verði lagfærð svo það geti stutt breytinguna sem löggin eiga að leiða af sér.

1. Ósamræmis gætir í texta draga frumvarps til laga og samkomulagsins sem getið er hér ofar. Þannig byggja löggin ekki undir að markmiðum samkomulagsins sé náð sem hlýtur að vera skilyrði. Texti laganna þarf að vera orðaður þannig að markmiðum sem getið er í samkomulaginu sé náð.
2. Kjör allra núverandi greiðenda og þeirra sem eiga réttindi í A-deild lífeyrissjóðsins eru ekki tryggð þannig að þau verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar.
3. Öllum launamönnum verður ekki gert kleift færa sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er á starfsævinni án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu þeirra.

Félag geislafræðinga

Netfang: sigl@bhm.is og katrinsig2@simnet.is

Borgartúni 6, 105 Reykjavík



- Því er harðlega mótmælt að kjör opinberra starfsmanna sem hefja störf eftir að löggin taka gildi, séu skert. Opinberir starfsmenn hafa verið lægra launaðir en starfsmenn á almennum markaði m.a. vegna betri lífeyrisréttinda. Það er því óhugsandi að mati Félags geislafræðinga að framkvæma breytingu sem þessa án þess að bæta um leið þá kjaraskerðingu sem verður. Tryggja verður jöfn kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði á sama tíma og lífeyrisréttindi eru skert.

Einnig skal hér áréttað að Félag geislafræðinga greiddi ekki atkvæði með samkomulaginu sem hér um ræðir m.a. af ofangreindum ástæðum.

Virðingarfyllst,

Katrín Sigurðardóttir, formaður
Félags geislafræðinga

Félag geislafræðinga

Netfang: sigl@bhm.is og katrinsig2@simnet.is
Borgartúni 6, 105 Reykjavík



Félag geislafræðinga

3. október 2016

Umsögn Félags geislafræðinga vegna draga að Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Frumvarpið til laga sem hér er til umsagnar er tæknilega flókið. Þess vegna verða hér ekki gerðar umsagnir um einstakar greinar í drögum frumvarpsins heldur tekið undir umsögn Bandalags háskólamanna um umrædd lög og samkomulagið sem gert var við BHM og fleiri þar að lútandi.

Þrátt fyrir stuðning við umsögn Bandalags háskólamanna eru hér ítrekuð atriði sem Félag geislafræðinga telur óhjákvæmilegt að verði lagfærð svo það geti stutt breytinguna sem lögin eiga að leiða af sér.

1. Ósamræmis gætir í texta draga frumvarps til laga og samkomulagsins sem getið er hér ofar. Þannig byggja lögin ekki undir að markmiðum samkomulagsins sé náð sem hlýtur að vera skilyrði. Texti laganna þarf að vera orðaður þannig að markmiðum sem getið er í samkomulaginu sé náð.
2. Kjör allra núverandi greiðenda og þeirra sem eiga réttindi í A-deild lífeyrissjóðsins eru ekki tryggð þannig að þau verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar.
3. Öllum launamönnum verður ekki gert kleift færa sig milli lífeyrissjóð hvenær sem er á starfsævinni án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu þeirra.
4. Ríkið tryggir fjármögnun varúðarsjóðs lífeyrisaukasjóðs A-deildar LSR í 20 ár. Með þessu eru réttindi þeirra sjóðsfélaga sem hefja töku lífeyris eftir það ekki tryggð heldur háð því að stofnanir eða fyrirtæki samþykki að tryggja afkomu sjóðsins eftir að tryggingu ríkisins lýkur. Ríkið þarf að tryggja fjármögnun varúðarsjóðs.

Félag geislafræðinga

Netfang: sigl@bhm.is og katrinsig2@simnet.is

Borgartúni 6, 105 Reykjavík



5. Lífeyrisréttindi þeirra sem þegar hafa hafið töku lífeyris og greiða þar af leiðandi ekki í sjóðinn á árinu 2016 er ekki jafn verðmætur og fyrir breytingu. Tryggja þarf að svo sé.
6. Því er harðlega mótmælt að kjör opinberra starfsmanna sem hefja störf eftir að löggin taka gildi, séu skert. Opinberir starfsmenn hafa verið lægra launaðir en starfsmenn á almennum markaði m.a. vegna betri lífeyrisréttinda. Það er því óhugsandi að mati Félags geislafræðinga að framkvæma breytingu sem þessa án þess að bæta um leið þá kjaraskerðingu sem verður. Tryggja verður jöfn kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði á sama tíma og lífeyrisréttindi eru skert.

Einnig skal hér áréttað að Félag geislafræðinga greiddi ekki atkvæði með samkomulaginu sem hér um ræðir m.a. af ofangreindum ástæðum.

Virðingarfyllst,

Katrín Sigurðardóttir,
formaður Félags geislafræðinga

Félag geislafræðinga

Netfang: sigl@bhm.is og katrinsig2@simnet.is

Borgartúni 6, 105 Reykjavík



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadilum gafst til að vega og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málsgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. málsl. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykpta A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykpta.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögin bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykpta er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímann greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykktu, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykktu. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárför sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga en ekki þeirra sjóðfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélagar sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ

Reykjavík, 15. desember 2016.



Suðurlandsbraut 22

108 Reykjavík

Sími 540 6400

Fax 540 6401

hjukrun@hjukrun.is

www.hjukrun.is

Alþingi,
b.t. nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), sbr. þingskj. nr. 6, 6. mál.

Vísað er til tölvuskeytis nefndarsviðs Alþingis til Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga („Fíh“), dags. 14. desember sl., hvar Fíh var sent til umsagnar ofangreint frumvarps sem lagt var fram á Alþingi hinn 12. desember sl. Óskað var eftir því að umsögn bærist fyrir kl. 15 daginn eftir, 15. desember.

Ljóst má vera að frumvarpið hefur í för með sér stórfelldar breytingar á A-deild LSR, hvort tveggja fyrir núverandi lífeyrisgreiðendur og lífeyrisþega, en einnig fyrir framtíðar lífeyrisgreiðendur í A-deild.

Fíh telur þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá fyrra frumvarpi til bóta, en telur að gera þurfi betur til þess að sátt náist um þessa viðamiklu breytingu. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið eru helstu breytingar eftirfarandi:

1. Framlag ríkisins til lífeyrisaukasjóðs er hækkað til samræmis við áætlaðar tryggingafræðilegar forsendur í árslok 2016, sbr. 1. mgr. b-liðar 7. gr.
2. Ríkissjóður greiðir framlag til A-deildar til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi, sbr. f-lið 7. gr.
3. Ríkissjóður ábyrgist óbreytt réttindi lífeyrisþega og sjóðfélaga sem orðnir eru 60 ára fyrir gildistöku nýrra samþykka, sbr. e-lið 7. gr.
4. Við frumvarpið bætist ný grein sem fjallar um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sbr. 8. gr. Með henni er annars vegar frestað ákvörðunum um hækkan iðgjalda lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði, þ.e. A-deild LSR og A-deild Brúar og hins vegar felur greinin í sér undanþágu frá ákvæðum um samsetningu eigna.
5. Tilteknum dagsetningum og viðmiðunartímabilum er breytt þar sem ekki tókst að afgreiða málið á 145. löggjafarþingi.

Það vekur furðu að gera hafi þurft svo viðamiklar breytingar þeirri fjárhæð sem ríkissjóður þarf að leggja A-deild LSR þar sem stutt er síðan fyrra frumvarp var lagt fram og munar þar um 25,9 milljörðum. Einnig vakna spurningar um áreiðanleika þeirra útreikninga sem frumvarpið byggir á og ljóst að ekki megi verða miklar breytingar á stöðu sjóðsins til að þeir standist ekki. Einnig er ekki að fullu ljóst hvernig réttindi sjóðfélaga í A-deild sjóðsins verði tryggð með frumvarpinu þannig að réttindi þeirra skerðist ekki til framtíðar.

Fíh gerir því alvarlegar athugasemdir við efni frumvarpsins og telur að um slíkar grundvallarbreytingar sé að ræða, að Alþingi sé ekki annar kostur en að haga meðferð þess til samræmis við mikilvægi málsins. Engin aðkallandi nauðsyn er til þess að keyra þetta þingmál í gegn í flýti. Það kemur verulega á óvart að Alþingi skuli haga meðferð máls þessa með sama hætti og gert var fyrir haustkosningar, þar sem keyra átti frumvarpið í gegn og gera að lögum í miklum flýti og í óþökk allra helstu hagsmunaaðila. Er að mati Fíh rétt að staldra sérstaklega við það sem fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið, að frumvarpið hafi verið lagt fram nú að nýju þrátt fyrir að ekki hafi náðst nein niðurstaða í

samtölum þeirra sem umrætt samkomulag gerðu. Hlýtur að vera grundvallaratriði, að breið sátt geti myndast um svo stórar breytingar á A-deild LSR.

Til vara, ef þingnefnd og Alþingi, einsetja sér samt sem áður að keyra frumvarpið í gegnum þingið, er gerð krafa um að breytingar verði gerðar á ákvæðum frumvarpsins til samræmis við eftirfarandi athugasemdir Fíh.

I. Breyting á lífeyrisréttindum brot á stjórnarskrárvörðum eignarrétti.

Lífeyrisréttindi eru eignarréttindi sem varin eru af eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrár, sbr. stjórnskipunarlög nr. 33/1944 með síðari breytingum. Fíh telur einsýnt að lagabreytingar þær sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu muni brjóta verulega gegn þessum stjórnarskrárvarða eignarrétti, m.a. sú skerðing sem frumvarpið felur í sér í tilfelli aldurstengdrar ávinnslu réttinda og hækkun lífeyrisaldurs. Ekki verður séð að fullkannað hafi verið af hálfu frumvarpshöfunda hvaða afleiðingar frumvarpið hafi gegn ákvæðum stjórnarskrár. Hæstiréttur Íslands hefur í dómum sínum staðfest að heimild löggjafarvaldsins til þess að skerða lífeyrisréttindi séu takmörkuð. Fíh getur því ekki tekið undir það sem fram kemur í kafla IV í athugasemdum við frumvarpið að það standist stjórnarskrá. Gera verður ráð fyrir því, verði frumvarpið óbreytt að lögum, að t.d. þeir sem enn greiða til A-deildar eða eru lífeyrisþegar í A-deild, láti á stjórnskipulegt gildi laganna reyna fyrir dómi. Fíh fer því fram á að kannað verði með fullnægjandi hætti eða færð betri rök fyrir því að þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á A-deild LSR standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

II. Hvers vegna var ekki farin önnur leið í breytingum á A-deild LSR?

Að mati Fíh er frumvarpið að mörgu leyti bútasamur við það lífeyriskerfi sem komið var á fót með A-deild á sínum tíma, enda þótt að umbreyta eigi þessum hluta LSR. Ríkisvaldið stendur í verulegri skuld við LSR vegna lífeyrisskuldbindinga. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það af hvaða ástæðum aðrar leiðir voru ekki í boði en þær sem lagðar eru til í frumvarpinu. Hvers vegna sem dæmi, ríkisvaldið leggur LSR ekki til framlög sem standa skil á skuld ríkissjóðs við LSR og geta tryggt framtíð A-deildar í núverandi formi. Einnig telur Fíh að skoða ætti hagkvæmni þess að loka A-deild sjóðsins en starfrækja hana með óbreyttu sniði fyrir þá sem þar eru félagmenn.

III. Formbreyting á A-deild LSR

Í 1.-3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingu á LSR, að því leyti að nú er sjóðnum ætlað að starfa í þremur deildum í stað tveggja áður, en einnig að lagaákvæði um A-deild LSR verða felld brott og deildin frá og með 1. jan. 2017 starfrækt á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Fíh ítrekar að hér er á ferðinni tillaga að slíkri grundvallarformbreytingu á A-deild lífeyrissjóðsins, að rétt hlýtur að teljast að frekari meðferð frumvarpsins fái lengri og betri meðferð þingsins, og að komandi vorþing verði nýtt til þess. Ekki einungis er verið að gera efnisbreytingar sem lúta að réttindum aðildarfélaganna að LSR, heldur er einnig verið að afnema sérákvæði um A-deild LSR í lögum. Ekki er fyrirséð að fullu hvaða áhrif þær breytingar muni hafa á réttindi lífeyrisþega. Samkvæmt athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er byggt á því að samþykktir fyrir A-deild verði aðlagðar að ákvæðum laga nr. 129/1997. Hér er um þá grundvallarbreytingu að ræða, að lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna skal starfa á sama grundvelli og lífeyrissjóðir starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Ekki þykir sýnt fram á, að mati Fíh, hvaða afleiðingar breyting þessi mun hafa réttindalega fyrir ríkisstarfsmenn í framtíðinni.

IV. Tímasetning breytinga á A-deild LSR

Samkvæmt a-lið (VIII.) 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að A-deild LSR starfi frá og með 1. júní 2017 á grundvelli laga nr. 129/1997. Fíh fær ekki skilið af hvaða ástæðu miðað er við

dagsetningu á miðju ári í stað t.d. áramóta. Fíh vísar í því sambandi til framangreindra athugasemda sinna, hvað varðar það að rétt sé að fresta frekari meðferð frumvarps um lífeyrissjóðinn og leggja breytt frumvarp fram á vorþingi. Með því móti mætti m.a. fresta gildistöku breytinga fram til 1. janúar 2018, í stað þess að miða við mitt ár 2017.

V. Áhrif breytinga á félagmenn Fíh

Þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu snerta félagsmenn Fíh sem í dag eru aðilar að A-deild LSR á þrennan hátt að mati Fíh:

1. Þeir hjúkrunarfræðingar sem eru í starfi í dag hafa verið að ávinna sér jöfn réttindi sem leiðir til þess að að króna sem borguð er inn fyrir starfsmann sem hefur starfað lengi á vinnumarkaði gefur jafn ríkuleg réttindi og fyrir starfsmann sem hefur ný hafið störf. Með breytingunni á lífeyrissjóðnum mun ávinnslan breytast í aldurstengda ávinnslu frá og með næstu mánaðarmótum og munu þá krónur sem koma inn snemma á starfsævinni verða verðmætari en krónur sem koma inn seinna á starfsævinni. Þeir sem eru sjóðsfélagar í dag munu fá greiddan svokallaðan lífeyrisauka frá sínum launagreiðanda til að tryggja að þeir njóti lífeyris áfram eins og um jafna ávinnslu hefði verið að ræða. Sjóðsfélaginn mun eiga rétt á lífeyrisaukanum meðan hann er í föstu starfi og greiðslur hans til sjóðsins falla ekki niður í meira en 12 mánuði ella mun réttur til lífeyrisauka falla niður. Þessir hjúkrunarfræðingar missa einnig skuldbindingu launagreiðanda á að hækka mótframlag inn í sjóðinn ef sjóðurinn á ekki fyrir skuldbindingum sínum. Auk þess mun lífeyrisaldur þeirra hækka úr 65 árum í 67 ár.
2. Þeir hjúkrunarfræðingar sem koma inn í félagið frá og með næstu áramótum munu njóta aldurstengdrar ávinnslu og 67 ára lífeyrisaldur. Þeir njóta því lakari kjara en hinir hóparnir sem taldir eru upp lið í 1 og 2.

Um er því að ræða grundvallarbreytingar á skipan lífeyrismála hjúkrunarfræðinga og ekki að fullu ljóst hvernig skipan lífeyrisréttinda verður hjá félagsmönnum Fíh í framtíðinni. Þetta álit Fíh er staðfest í athugasemdum við frumvarpið en þar segir meðal annars: „Horfið er frá því að kveða á um föst réttindi sjóðsfélaga á grundvelli breytilegs iðgjalds í lögum líkt og nú er gert. Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins leggi til breytingar á samþykktum sjóðsins þar sem nýtt réttindakerfi verður sett upp miðað við fast iðgjald“.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og tryggja að ríkissjóður ábyrgist óbreytt réttindi lífeyrisþega og sjóðfélaga sem orðnir eru 60 ára fyrir gildistöku nýrra samþykta, sbr. e-lið 7. gr. bætir stöðu ákveðins hluta félagmanna en eftir stendur spurning um hvernig tryggja á að núverandi sjóðsfélagar tapi ekki áunnum réttindum með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér.

VI. Ekki er ljóst hvernig bæta á ríkisstárfmönnum skerðingu á lífeyrisréttindum

Í frumvarpinu eru sjónarmið höfð í frammi, sem réttlæta eiga samræmingu lífeyrisréttinda milli starfsmanna á almennum vinnumarkaði og hinum opinbera. Fíh getur að sumu leyti tekið undir þau sjónarmið, en telur varasamt að samin séu frá opinberum starfsmönnum réttindi í lífeyrismálum án þess að fyrir liggi nákvæmlega hvað kemur í stað þeirra réttinda. Breytingum á lífeyrisréttindum á að fylgja jöfnun launa þar sem kveðið er á um að unnið verði að því að jafna laun á opinbera og almenna markaðnum innan 6-10 ára. Fíh bendir á að þetta séu einungis fögur fyrirheit og feli í sér í raun engin skuldbindandi loforð af hálfu ríkisvaldsins um að launamunur verði jafnaður. Ekkert kemur fast fram um það hvernig ætlunin er að jafna þennan launamun. Hjúkrunarfræðingar hafa áður fengið loforð frá stjórnvöldum um að stefna beri að jöfnun launa, en þau loforð hafa ekki verið efnd. Árið 2013 gaf þáverandi ríkisstjórn út yfirlýsingu í tengslum við jafnlaunaátak þar sem sagði að stefnt skyldi að skoðun

og leiðréttingu á launamuni kynjanna. Engar efndir voru á þeirri yfirlýsingu þar sem næsta ríkisstjórn taldi sig óbundna af ákvörðunum fyrri ríkisstjórnar. Árið 2015 efndu hjúkrunarfræðingar í starfi hjá ríkinu til verkfalls til að berjast fyrir jöfnun á launum við sambærilegar stéttir. Sett voru lög á verkfallið og úrskurðaði Gerðardómur um laun hjúkrunarfræðinga. Þrátt fyrir þetta hefur engin breyting orðið á 20% kerfislægum og ómálefnalegum launamun milli hjúkrunarfræðinga og annarra háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna skv. launatölum sem birtar eru á vef fjármálaráðuneytisins. Það er því vandséð að mati Fíh hvernig stjórnvöld ætla að standa við að laun opinberra starfsmanna og starfsmanna á almenna markaðnum verðu jöfnuð samfara breytingum á lífeyriskerfinu.

Í kafla VI, lið 2 (jöfnun launakjara almenns og opinbers vinnumarkaðar) kemur fram að mikilvægt sé að stjórnslá og þjónusta sem ríkisstarfsemin annast byggist á mannauði sem fæst til starfa á samkeppnisfærum launakjörum miðað við almenna vinnumarkaðinn. Ekki er vikið að því hvaða hópar opinberra starfsmanna eigi að falla undir jöfnun launakjara. Ljóst er að talverður skortur er á hjúkrunarfræðingum, fjöldi hjúkrunarfræðinga vinnur í dag utan heilbrigðiskerfisins auk þess sem stór hópur hjúkrunarfræðinga mun eiga rétt á að hefja töku lífeyris á næstu árum. Erfitt er að finna sambærilega stétt og hjúkrunarfræðinga sem starfa á almenna markaðnum. Fyrir liggur að launamunur á milli hjúkrunarfræðinga og annarra opinberra starfsmanna með sambærilega menntun og ábyrgð er í kringum 20%. Samkvæmt launatölum sem fjármálaráðuneytið birtir hefur þessi launamunur lítið breyst frá því árið 2015 þrátt fyrir að Gerðardómur hafi úrskurðað um laun hjúkrunarfræðinga í fyrra. Ef hjúkrunarfræðingar verða ekki með í ráðum eða hafðir með þegar kemur að því að jafna kjör á vinnumarkaði er líklegt að ennþá verr muni ganga að halda hjúkrunarfræðingum í starfi, nýliðun verði erfiðari og skortur á hjúkrunarfræðingum sem til staðar er í dag verður ennþá meiri og mönnun í stöður hjúkrunarfræðinga á sjúkrahúsum, heilsugæslu og öðrum heilbrigðisstofnunum verður áfram erfið.

VII. Réttindi sjóðsfélaga sem ekki starfa hjá ríki og sveitafélögum

Samkvæmt 4. mgr. b-liðar (IX.) 7. gr. frumvarpsins eiga sjóðfélagar, sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum, því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr. Regla þessi tekur sem dæmi til launagreiðenda sem eru sjálfseignastofnanir en hvar lífeyrisframlög hjúkrunarfræðinga renna samt til A-deildar LSR. Fíh vekur athygli á því að regla þessi hefur í för með sér að félagsmenn Fíh, sem eru sjóðsfélagar í A-deild og starfa hjá þeim greiðendum sem 4. mgr. fjallar um, munu eftir að frumvarpið verður að lögum standa berskjaldaðir gagnvart því hvort að þeir fái umræddan lífeyrisauka greiddan. Fíh telur að ekki sé nægjanlega skýrt í frumvarpinu til hvaða sjóðsfélaga lífeyrisaukinn nær til. Lífeyrisaukinn fer eftir því hvort að launagreiðandi hefur samþykki að greiða það framlag, sbr. 8. mgr. Hefur því launagreiðandi sjálfsvald um hvort að lífeyrisgreiðandinn og launþeginn njóti aukins réttar í A-deild LSR, en ekkert kemur þar fram sem skyldar launagreiðandann til þess að fallast á þessar greiðslur. Þá má leiða einnig líkum að því að lífeyrisaukaframlag slíkra launagreiðenda yrði að kjaraatriði, með þeim hætti að starfsmaður ætti með samningi um launakjör á hættu að missa rétt til tiltekinna launakjara gegn því að vinnuveitandi greiði lífeyrisaukann. Í því fælist að frumvarpsákvæðið myndi stuðla að ennþá frekari kjaraskerðingu. Að mati Fíh er hér um afar óeðlilega útfærslu að ræða sem ekki fær staðist jafnræðisreglu. Felur það í sér óréttláta lífeyrisskerðingu og mismunun, að hjúkrunarfræðingum sem starfa hjá launagreiðendum af þessu tagi annars vegar og hjá ríkinu hins vegar, sé gert mishátt undir höfði að þessu leyti. Hefur þessu ákvæði og mögulegri mismunun samfara því ekki verið gefinn nægilegur gaumur við frumvarpssmiðina og ekki hefur verið gerð breyting á málsgreininni í nýframlögðu frumvarpi.

VIII. Löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi rétt og skylt að bjóða Fíh að borðinu

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi til laganna er það byggt á „samkomulagi á milli heildarsamtaka opinberra starfsmanna og ríkis og sveitarfélaga um það hvernig aðlögun að nýju kerfi verði úr garði gerð“. Svo háttar til að Fíh var ekki gert kleift að eiga aðkomu með neinum hætti að gerð þess samkomulags eða viðræðum sem leiddu til samkomulagsins. Samkomulagið er ekki gert í umboði Fíh og getur efni samkomulagsins því ekki skuldbundið það. Fíh mótmælir því harðlega að framkvæmdavaldið geti samið frumvarp byggt á samkomulagi, þegar fyrir liggur að einungis hluti þeirra stéttarfélaga sem eiga aðkomu að hinum opinbera vinnumarkaði áttu aðild að umræddu samkomulagi.

Samkvæmt upplýsingum þeim sem Fíh hefur aflað um hvað valdi því að félaginu hafi verið haldið utan umræddra viðræðna, þá byggir það á því að Fíh sé ekki bandalag eða samtök launþega, heldur stéttarfélag. Einungis heildarsamtökum ríkisstarfsmanna hafi verið boðið til viðræðna. Vísað hefur verið til ákvæða laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna í því sambandi, sérstaklega ákvæða um samningsaðild stéttarfélaga og bandalaga þeirra. Fíh mótmælir þessu og bendir á að ekkert í lögum nr. 94/1986 geri hlut bandalaga eða samtaka veigameiri að þessu leyti en stéttarfélaga sem standa utan slíkra heildarsamtaka. Stéttarfélög bera sömu samningsaðildina vegna kjarasamnings og bandalög og samtök samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986.

Það að Fíh hafi sem eitt af stærstu stéttarfélögum ríkisstarfsmanna verið haldið utan við samkomulagið, sætir furðu með vísan til þess m.a. að í frumvarpi til laganna er gert ráð fyrir því að samið verði í kjarasamningum um lífeyrissjóðsaðild þeirra sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild LSR, sbr. d-lið (XI.) 7. gr. frumvarpsins. Hlýtur að teljast eðlilegt að stéttarfélög ríkisstarfsmanna, utan heildarsamtaka launþega, eigi aðild að viðræðum og samkomulagi þar sem kveðið er á um það sem semja á um í kjarasamningi.

Samkvæmt c-lið (X.) í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að BSRB, BHM og Kennarasamband Íslands skipi þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfari tryggingafræðilega stöðu og ákveði hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varasjóði eru uppfyllt. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að fyrrnefnd bandalög og samtök eigi aðkomu að áframhaldandi útfærslu á því sem frumvarpið fjallar um. Fíh mótmælir því að stéttarfélaginu sé áfram haldið utan við aðkomu og samráð vegna þess sem efni frumvarpsins nær til, núna með lagaboði, en í því sambandi er vísað til þeirra raka sem að framan greinir í lið I.

Fíh vísar til stuðnings kröfu um aðkomu sína að samráði um lífeyrisréttindi ríkisstarfsstarfsmanna m.a. til ákvæða laga nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og núgildandi ákvæðis I til bráðabirgða í lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Löggjafinn hefur kosið að hafa sérlög um lífeyrismál hjúkrunarfræðinga. Munu þetta vera einu gildandi sérlögin sem LSR starfar eftir varðandi einstaka hópa lífeyrisþega, að frátöldum almennu lögnum um sjóðinn, þ.e. lögum nr. 1/1997. Í fyrrnefndu ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 1/1997 kemur fram að félagsmenn í stéttarfélögum sem samkvæmt ákvæðum laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hefðu átt skyldu aðild að þeim sjóði, skuli eiga rétt til aðildar að A-deild LSR. Löggjafinn hefur því ætlað hjúkrunarfræðingum sérstaka stöðu lagalega séð hvað lífeyrismál varðar. Einnig er vísað sérstaklega til félagsmanna í stéttarfélagi hjúkrunarfræðinga í lögum nr. 1/1997. Stjórn Fíh skipar tvo af stjórnarmönnum Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga skv. 3. gr. laga nr. 2/1997. Að framan er rakið hvernig löggjafinn stefnir með frumvarpinu að því að eyða launamun milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Í því skyni hyggst löggjafinn m.a. þróa aðferðarfræði til greiningar á launamun, ákvarða hlutlæg viðmið um hvenær leiðréttta beri launamun einstakra hópa og gera áætlun um launajöfnun á grundveli kjarasamninga, til samræmis við nýtt vinnumarkaðslíkan sem móta skuli. Í frumvarpinu er talað um að þessi atriði séu forsenda „fyrir breyttu lífeyriskerfi

ríkisstarfsmanna“. Fíh lýsir því yfir furðu sinni að stærsta stéttarfélagi ríkisstarfsmanna utan bandalaga ríkisstarfsmanna skuli ekki fyrirfram vera ætlað sæti við það borð sem mun móta kjarastefnu til framtíðar. Af þessu öllu leiðir að sú krafa Fíh, að eiga aðkomu að viðræðum og samráði samkvæmt breyttum lögum, er sjálfsögð, eðlileg og til samræmis við inntak þeirra laga sem að framan greinir.

IX. Óskiljanleg flýtimeðferð á frumvarpinu

Fíh vekur athygli á því að hér um afar stórt þingmál að ræða og þær breytingar sem ráðgerðar eru í því eru þess eðlis að þær hafa stórfelld áhrif á lífeyrisréttindi og greiðslur þeirra tuga þúsunda launþega sem tilheyra A-deild LSR. Þá er stefnt að því með frumvarpinu, samkvæmt því sem þar kemur fram, að mynda einn vinnumarkað á Íslandi með samræmdum kjörum. Í því felst að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eigi að aðlaga að því sem gerist á almennum vinnumarkaði. Þá er ætlunin að samhliða þessu verði launamunur milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins jafnaður. Með hliðsjón af þessu öllu hlýtur að teljast afar brýnt að frumvarpið sé vel ígrundað og unnið í sátt og samvinnu allra þeirra sem að opinberum vinnumarkaði koma. Vísað er aftur til þess sem að framan greinir, að fulltrúar þúsunda sjóðsfélaga að A-deild hafa ekki átt aðkomu að gerð samkomulags þess sem var aðdragandi framlagningar frumvarpsins.

Vakin er athygli á því að upphaflegt frumvarp var lagt fram á Alþingi í septembermánuði sl., daginn eftir undirritun samkomulags ríkisvaldsins við bandalög launþega. Enginn vafi leikur því á, með hliðsjón af tímasetningum og innihaldi frumvarpstextans, að framkvæmdavaldið var þá þegar áður en samkomulagið náðist, búið að semja frumvarpið. Í raun hafi því ekki verið um neitt að semja í þeim viðræðum sem fram fóru við einungis hluta af fulltrúum aðildarfélaganna A-deildar LSR. Óskiljanlegt er einnig hversu seint fyrir þinglok 145. löggjafarþings samkomulagið náðist og frumvarpið var lagt fram. Það frumvarp fór ekki í 2. umræðu og dagaði því uppi fyrir alþingiskosningar í októbermánuði. Batt Fíh vonir við það að ef og þegar frumvarpið yrði lagt fram að nýju, yrði það með breyttu sniði og meðferð þess hagað með öðrum og betri hætti en gert var í haust. Þess í stað kaus ríkisvaldið að leggja lítið breytt frumvarp fram að nýju um miðjan desember og keyra það í gegn á örfáum dögum. Koma þessi vinnubrögð mjög á óvart. Er það trauðla til merkis um vandaða lagasetningu ef keyra á frumvarpið í gegnum Alþingi á hlaupum.

Fíh telur rétt að frekari meðferð þingmálsins verði frestað, í þeim tilgangi að vandað verði betur til frumvarpsmíðarinnar og til að meta áhrif frumvarpsins á réttindi núverandi og framtíðar sjóðsfélaga. Jafnframt til þess að tryggja að sátt verði meðal hagsmunaaðila um efni frumvarpsins, enda hlýtur víðtæk sátt um svo stórt mál að vera nauðsynleg. Fíh telur því eðlilegt að ríkisvaldið leiti umsagnar og samvinnu við þau stéttarfélög sem ekki var haft samráð við gerð fyrirbyggjandi samkomulags.

Með vísan til alls framanritaðs skorar Fíh á þingnefnd og Alþingi að samþykkja ekki sem lög ofangreint frumvarp, fresta málinu eða hið minnsta gera þær breytingar á því sem lagðar eru til að framan í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Guðbjörg Pálsdóttir

formaður Fíh

Gunnar Helgason

sviðstjóri kjara- og réttindasviðs

15.12.2016

Kæru þingmenn.

Varðandi þingskjal 6 — 6. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Við hjá Félagi íslenskra leikara viljum byrja á því að lýsa yfir óánægju með þann stutta frest sem okkur var gefinn til að fara yfir þetta mál og þá flýtimeðferð sem þetta mál hefur fengið frá upphafi.

Kjarninn í okkar áhyggjum varðandi þetta mál er að upphæðir í frumvarpinu eins og það lítur út núna eru byggðar á röngum forsendum og réttindi nýrra félaga eru skert. Þetta byggjum við meðal annars á meðfylgjandi skýrslu sem unnin var af Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga innan BHM. Innan BHM eru skiptar skoðanir á því hvort um er að ræða ríkisábyrgð þegar kemur að varúðarsjóði eða ekki. Skilgreiningar á hugtökum í frumvarpinu eru óljósar og gefa tilefni til mismunandi túlkunar.

http://www.kjarafelagvh.is/wp-content/uploads/2016/12/Skýrsla_OAO-fyrir-KVH-9-des-2016.pdf

Hljójar kveðjur,
Birna Hafstein formaður Félags íslenskra leikara.



Berist til:

Nefndarsvið Alþingis - Fjárlaganefndar, nefndasvid@althingi.is

Umsögn frá:

Félagi Íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), fin@bhm.is

Reykjavík, 15. desember 2016

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál á 146. löggjafarþingi.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) samþykkir ekki breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem fela í sér skerðingu á réttindum eða kjörum núverandi eða framtíðar félagsmanna FÍN. FÍN leggur til að samningsaðilar byrji á réttum enda og vinni samhliða að samkomulagi um nýtt framtíðarlífeyriskerfi og launasetningu fyrir framtíðar starfsmenn ríkisins. FÍN telur það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skerða réttindi sjóðfélaga sem eiga aðild að A-deildum LSR og LSS auk þess sem það skerðir kjör og réttindi framtíðar sjóðfélaga deildanna.

Í umsögn þessari verður vísað til samkomulags frá 19. september sl. sem gert var á milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. FÍN tekur fram að félagið samþykkti ekki aðkomu BHM að samkomulaginu (sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð) á sínum tíma og jafnframt lagði til að BHM myndi segja sig frá þessu samkomulagi.

Félagið vísar til athugasemda sinna sem það gerði við framlagningu sama máls (873) sem lagt var fram á síðasta (145) löggjafarþingi, en sú umsögn er hér meðfylgjandi.

Félagið vill hnykkja á eftirfarandi atriðum varðandi frumvarpið sem nú liggur fyrir:

Allir sjóðfélagar þurfa að vera tryggðir og jafn vel settir fyrir og eftir breytingu

Félagið telur einnig mikilvægt að það sé orðað skýrt í frumvarpinu og það tryggt að þeir sjóðfélagar sem nú eru í A-deild LSR og A-deild Brúar muni ekki hafa lakari réttindi, í framtíðinni, en þeir hefðu haft í núverandi kerfi, sbr. lög nr. 110/1997. Að tryggt sé í lögum að sjóðsstjórnnum LSR og Brú sé skylt að tryggja réttindi og að lífeyrisaukinn ásamt varúðarsjóði skuli standa undir þeim réttindum að fullu, þannig að sjóðfélagar séu jafn vel settir fyrir og eftir breytingu. Einnig er mikilvægt að skilgreining á sjóðfélaga sé skýr í lögnum og nái að öllu leyti utanum alla sjóðfélaga A-deilda.

Forsendur ábyrgðar varúðarsjóðsins verða að vera óbreyttar

Félagið gerir athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 7. gr. lið C(X) í tölu-lið a. þar sem dregið hefur verið úr ábyrgð varúðarsjóðsins, þ.e.a.s. þeim forsendum sem þurfa að vera uppi svo varúðarsjóðurinn verði nýttur og leggur til sömu breytingar þar af lútandi eins og gerð var tillaga um í fyrri athugasemdum sínum vegna fyrra frumvarps.

Tryggja þarf rétt sjóðfélaga til að fara á milli vinnumarkaða og halda sjóðsaðild

Félagið telur mjög brýnt að í frumvarpinu séu sjóðfélögum í A-deildum tryggður réttur að A-deildum þegar sjóðfélaga fara á milli **vinnumarkaða**. Sjóðfélagar verða að geta haldið áfram að greiða í A-deild LSR eða LSS/Brúar skipti þeir um starf (fari af opinberum vinnumarkaði yfir á almenna markaðinn og

öfugt) að öðrum kosti er verið að loka opinbera starfsmenn inni hjá ríki og sveitarfélögum til æviloka ef horft er til lífeyrisréttindanna. Mikilvægt er að tryggja hreyfanleika á milli vinnumarkaða og því má ekki skerða rétt sjóðfélaga frá því sem nú er, en í núverandi kerfi er nú þegar hægt að fara á milli vinnumarkaða með auðveldum hætti og halda áfram aðild að A-deildum ef viðkomandi aðili uppfyllir skilyrði skv. 3. gr. nágildandi laga.

Lokaorð

Svo sátt geti orðið um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þarf umrætt frumvarp að tryggja óskert réttindi sjóðfélaga sem eru aðilar að A-deildum LSR og LSS/Brú.

Þá þarf að tryggja að nýir sjóðfélagar hafi sambærileg launakjör og sjóðfélagar sambærilegra sjóða á almennum vinnumarkaði.

Það er krafa FÍN að ofangreindar breytingar verði gerðar á fyrirbyggjandi frumvarpi. Þannig telur félagið að hægt sé að koma í veg fyrir að sjóðfélagar í A-deildum beri skarðan hlut frá borði. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er það mat félagsins að mikill skaði hljóti af bæði fyrir núverandi sjóðfélaga og framtíðar sjóðfélaga.

Þar sem félagið er ekki sátt við þann gjörning BHM að undirrita samkomulag um lífeyrismál opinberra starfsmanna óskar FÍN eftir að fá að koma fyrir fjárlaganefnd til að fara í gegnum ákveðin lykilatriði í umsögninni og svara spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Marianna H. Helgadóttir, formaður

(sign)

Berist til:

Nefndarsvið Alþingis - Fjárlaganefndar, nefndasvid@althingi.is

Umsögn frá:

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), fin@bhm.is

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 873. mál á 145. löggjafarþingi.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) samþykkir ekki breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem fela í sér skerðingu á réttindum eða kjörum núverandi eða framtíðar félagsmanna FÍN. FÍN leggur til að samningsaðilar byrji á réttum enda og vinni samhliða að samkomulagi um nýtt framtíðarlífeyriskerfi og launasetningu fyrir framtíðar starfsmenn ríkisins. FÍN telur það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skerða réttindi sjóðfélaga sem eiga aðild að A-deildum LSR og LSS auk þess sem það skerðir kjör og réttindi framtíðar sjóðfélaga deildanna.

Í umsögn þessari verður vísað til samkomulags frá 19. september sl. sem gert var á milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. FÍN tekur fram að félagið samþykkti ekki aðkomu BHM að samkomulaginu (sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð).

Samkomulagið er þó grundvöllur þeirra lagabreytinga sem fjárlaganefnd hefur nú til umfjöllunar. Eftirfarandi tillögur að breytingum vísa því til samkomulagsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Í frumvarpinu er lagt til í 3. gr. að II kafli laga nr. 1/1997, gr. 12.-21. verði felldur út og hljóðar greinin svo:

3. gr.

II. kafli laganna, A-deild lífeyrissjóðsins, 12.–21. gr., fellur brott.

FÍN bendir á að í samkomulaginu er talað um að sjóðfélagar skuli vera jafnsettir fyrir og eftir breytingu. Verði II. kafli ekki lengur til í lögum heldur eingöngu í samþykktum LSR og LSS/Brúar telur félagið að sjóðsstjórnir á hverjum tíma geti gert breytingar sem valda því að sjóðfélagar verði ekki jafnsettir fyrir og eftir breytingu.

FÍN leggur til að II. kafli verði áfram í lögnum en ákvæðið takmarkað við sjóðfélaga sem eru sjóðfélagar í A-deild á árinu 2016 og leggur til að 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

3. gr.

Aftast í 1. mgr. 12. gr. í II. kafla bætist við setningin: **Ákvæði greina 14.-19. í lögum þessum gilda fyrir sjóðfélaga sem eru í A-deild LSR í lok árs 2016. Í samþykktum LSR og LSS/Brúar skulu þessi ákvæði tryggð.**

13. gr., 20. gr. og 21. gr. fellur brott.

Með þessari breytingu er mat FÍN að réttindi sjóðfélaga til greiðslu úr A-deild LSR og LSS/Brúar sé tryggð.

Verði ekki fallist á ofangreinda breytingu þá leggur FÍN til að eftirfarandi setningu verði komið fyrir 7. gr. a. (VIII) í frumvarpinu verði breytt þannig að aftast bætist nýr málslíður:

Skal stjórn sjóðsins aðlaga samþykktir sjóðsins þannig að réttindi sjóðfélaga sem kveðið er á um í II. kafla núgildandi laga séu tryggð.

Í 7. gr. frumvarpsins bætast við fjögur ný ákvæði til bráðabirgða sem FÍN telur að séu ekki í samræmi við samkomulag aðila. Fram kemur í samkomulagi aðila að A-deild LSR starfi skv. almennum lögum um lífeyrissjóði og, að takmörkuðu leyti, lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Grein a. (VIII.) hljóðar svo:

7. gr.

Við lög in bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda.

Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016.

FÍN leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á a. lið (VIII) 7. gr. þannig að orðalagið og ákvæðin verði í samræmi við samkomulag aðila um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og ákvæðum laga nr. 1/1997 eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda.

Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og lögum nr. 1/1997 eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016. Skál stjórn sjóðsins aðlaga samþykktir LSR þannig að réttindi sjóðfélaga sem kveðið er á um í II. kafla núgildandi laga séu tryggð.

Grein b. (IX.) hljóðar svo:

b. (IX.)

Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91,279 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015 að öðru leyti en því að miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010-2014.

Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.

Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar á árinu 2016, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild, sbr. þó 5. mgr.

Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyris-sjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda.

Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

FÍN leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á b. lið (IX) 7. gr. þannig að orðalagið og ákvæðin séu í samræmi við samkomulag aðila um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna:

b. (IX)

Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða **91,3** ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er **að tryggja réttindi allra sjóðfélaga, þ.e.** til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga **sem eru sjóðfélagar á árinu 2016** sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli **núgildandi** tryggingafræðilegra forsendna ~~í árslok 2015~~ að öðru leyti en því að ~~miðað er við~~ **horft er til lífslíkna byggðar á m.v.** reynslu árána 2010-2014.

Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Lífeyrisaukasjóðir verða hluti af hreinni eign A-deilda LSR og LSS/Brúar og nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar að iðgjaldgreiðslur samsvari réttindum sjóðfélaga, sem eru sjóðfélagar á árinu 2016, og tryggja að hver og einn sjóðfélagi haldi jafn verðmætum réttindum og orðið hefði í óbreyttu kerfi.

Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.

Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

Sjóðfélagar sem eru sjóðfélagar á árinu 2016 í A-deild LSR og/eða LSS/Brú skulu eiga rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar.

Þeir sjóðfélagar sem eru **sjóðfélagar á árinu 2016** ~~virkir greiðendur~~ í A-deild **LSR og/eða LSS/Brú** ~~á árinu 2016~~ og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu **eiga ávinna** ~~sér~~ rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar ~~og starfa hjá aðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.~~

Þeir sjóðfélagar sem eru **sjóðfélagar á árinu 2016** ~~virkir greiðendur~~ í A-deild ~~á árinu 2016~~ og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka **á meðan þeir greiða til deildarinnar þar sem** ~~að~~ launagreiðandi þeirra hafi hefur samþykkt að greiða ~~sér stakt~~ hækkað iðgjald fyrir sjóðfélaga ~~í samræmi við 8. mgr.~~

Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deilda á árinu 2016, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka ~~og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.~~

Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið ~~um tólf mánuði~~ vegna náms, veikinda eða fæðingar- **eða foreldraorlofs** sjóðfélaga.

Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild **LSR**, ~~sbr. þó 5. mgr.~~

Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda.

Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald til A-deilda sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. **Sjóðsstjórn A-deilda skal endurskoða þetta iðgjald þetta skal endurskoða** árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

Grein c. (X.) hljóðar svo:

c. (X.)

Launagreiðendur skulu fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

Óheimilt er að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins í fimm ár frá stofnun hans.

Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfelt í meira en fimm ár, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessi til samræmis.

b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.

Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.

c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opin-berra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.

Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í líf-eyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárbörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennara-samband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt.

Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

FÍN leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á c. lið (X) 7. gr. þannig að orðalagið og ákvæðin séu í samræmi við samkomulag aðila um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna:

c. (X.)

Launagreiðendur **Ríkissjóður** skal skulu fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

Óheimilt er að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins í fimm ár frá stofnun hans.

Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% ~~samefellt~~ **næstliðin** í meira en fimm ár, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessi til samræmis.

b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.

Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs, **þ.e.a.s af þeim hluta sem ríkissjóður hefur lagt til**, skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs ~~eða A-deildar~~.

c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skuldbinda **ríki og sveitarfélög sig** taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.

Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárförf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt.

Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

Einnig gerir FÍN tillögu um að eftirfarandi greinar verði settar inn til bráðabirgða:

„Skilgreining á sjóðfélaga: Sjóðfélagi er sá sem hefur greitt iðgjald til A-deildar LSR og/eða LSS/Brúar á árinu 2016 eða notið réttinda úr sjóðnum á árinu 2016. Hér er einnig átt við sjóðfélaga sem er launþegi í ráðningarsambandi við vinnuveitanda og hefur greitt í A-deild LSR og/eða LSS, en er í tímabundnu leyfi, s.s. launalaus leyfi, fæðingarorlofi, foreldraorlofi, námsleyfi eða veikindaleyfi á árinu 2016. Einnig er átt við sjóðfélaga sem hafa hafið töku lífeyris.“

„Lífeyrissjóðir LSR og LSS/Brúar skulu tryggja að ákvæði samþykktu um þau réttindi sem nú felast í A-deild kveði ekki á um lakari rétt en sjóðfélagar búa við nú.“

„Lífeyrissjóðir LSR og LSS/Brúar skulu tryggja að ákvæði samþykktu sjóðanna kveði á um að sjóðfélögum verði áfram gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku“

Í samkomulagi aðila kemur fram að markmiðið sé að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, að lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært, samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og að landsmenn geti fært sig á milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu. Því er lagt til að eftirfarandi bráðabirgðaákvæði verði sett inn:

„Breytingarnar á A-deild LSR og LSS/Brúar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og að lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu. Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og LSS/Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála.“

Í þessu samhengi er því gríðarlega mikilvægt að iðgjald í LSR og LSS/Brúar sé það sama fyrir alla sjóðfélaga. Einnig er gríðarlega mikilvægt að sjóðfélagar geti fært sig á milli vinnustaða og átt áfram rétt á lífeyrisaukanum ef þeir færa sig milli vinnumarkaða, t.d. af almenna markaðnum til ríkis/sveitarfélaga eða öfugt. Einungis er kveðið á um rétt þeirra sem færa sig milli LSS/Brúar og A-deildar LSR sbr. 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 7. mgr.

Því leggur FÍN til að eftirfarandi grein komi inn til bráðabirgða:

„Í samþykktum LSR og LSS/Brúar skal tryggt að ekki sé gert upp á milli sjóðfélaga sem lífeyrisaukinn nær til, þ.e.a.s. sjóðfélaga sem eru sjóðfélagar í A-deild LSR eða LSS/Brú á árinu 2016. Það skal tryggt að sjóðfélagar geti farið á milli vinnustaða óháð því hvort um sé að ræða vinnustað hjá hinu opinbera

eða á almennum markaði án þess að missa rétt til lífeyrisauka. Þetta ákvæði skal nánar útfært í samþykktum LSR og LSS/Brúar.“

Sé ekki fallist á þessa útfærslu þarf að tryggja í frumvarpinu að sjóðfélagar geti haldið áfram að greiða í A-deild LSR eða LSS/Brúar skipti þeir um starf (fari af opinberum vinnumarkaði yfir á almenna markaðinn og öfugt) og haldið lífeyrisauka með því annað hvort að greiða viðbótariðgjald sjálfir eða launagreiðandi viðkomandi ef um það næst samkomulag. Það sé því óbreytt frá núverandi kerfi að hægt sé að halda sér í A-deild ef viðkomandi uppfyllir skilyrði skv. 3. gr. núgildandi laga.

Niðurstaða:

Svo sátt geti orðið um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þarf umrætt frumvarp að tryggja óskert réttindi sjóðfélaga sem eru aðilar að A-deildum LSR og LSS/Brúar á árinu 2016. Þá þarf að tryggja að nýir sjóðfélagar hafi jöfn launakjör og sjóðfélagar sambærilegra sjóða á almennum vinnumarkaði.

Það er krafa FÍN að ofangreindar breytingar verði gerðar á fyrirliggjandi frumvarpi. Þannig telur félagið að hægt sé að koma í veg fyrir að sjóðfélagar í A-deildum beri skarðan hlut frá borði. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er það mat félagsins að mikill skaði hljótist af bæði fyrir núverandi sjóðfélaga og framtíðar sjóðfélaga.

Þar sem félagið er ekki sátt við þann gjörning BHM að undirrita samkomulag um lífeyrismál opinberra starfsmanna óskar FÍN eftir að fá að koma fyrir fjárlaganefnd til að fara í gegnum ákveðin lyklatríði í umsögninni og svara spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Marianna H. Helgadóttir, formaður

(sign)

Greinargerð:

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur veitt sína umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Breytingin sem um ræðir kemur við alla starfsmenn ríkisins, sem ekki eru sjóðfélagar í B-deildum LSR, til framtíðar og snertir einnig starfsmenn sem starfa á almennum vinnumarkaði og hafa samið við sinn launagreiðanda um að greiða hærra mótframlag í sjóðinn. Kerfisbreytingin sem slík á við sjóðfélaga í A-deildum LSR og LSS/Brú.

Samræming lífeyrisréttinda

FÍN vill koma því á framfæri að félagð er hlynnt því að samræming lífeyrisréttinda sé gerð á milli markaða, en félagið er ekki hlynnt því að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna séu rýrð frá því sem nú er. Jöfnun lífeyrisréttinda má aldrei vera jöfnun niður á við. FÍN telur að ekki þurfi að finna upp hjólið í þessu máli þar sem lífeyriskerfi opinberra starfsmanna tók svipuðum breytingum árin 1997/1998 þegar B-deildum var lokað og A-deildir voru stofnaðar.

Frá því að ljóst var að aðilar ætluðu í þá vegferð að breyta lífeyriskerfinu hefur FÍN viljað að A-deildum sjóðanna yrði lokað eins og gert var árin 1997/1998 þegar B-deildum var lokað og A-deildirnar stofnaðar hjá LSR og Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Í þeim breytingum gátu sjóðfélagar valið á milli þess að vera áfram í B-deildunum eða fara í nýja deild sem var A-deild. A-deildin var ekki lakari kostur, heldur var A-deildin annar valkostur.

Um þessa breytingu var sátt þar sem ekki var verið að taka nein réttindi af sjóðfélögum og sjóðfélagar höfðu val. FÍN telur að það hefði verið skynsamlegast að ganga frá málum með þeim hætti nú í stað þess að fara þá vegferð sem nú hefur verið farin með flóknu samkomulagi og ógagnsæju kerfi mörgum óvissuþáttum og leyndum áhættum.

FÍN er fylgjandi því að lífeyriskerfi verði eins fyrir alla launþega í landinu í komandi framtíð. Slík breyting þarf þó að gerast á eðlilegum hraða og má alls ekki leiða til þess að opinberir starfsmenn eða starfsmenn á almennum markaði beri skarðan hlut frá borði, tímabundið eða til lengri tíma.

Samkomulagið

Samkomulag liggur fyrir, <http://www.bhm.is/media/utgafa/Samkomulag-BHM-BSRB-og-KI-16-09-16.pdf>, milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) annars vegar og fulltrúa ríkisins og sveitarfélaga hins vegar um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Í því samkomulagi kemur fram að breytingarnar miði að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur verði hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess. Breytingarnar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og aðilar lýsa sig samþykka ákveðnum forsendum, markmiðum og ráðstöfunum um skipan málefna A deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Brúar (LSS). Ekki ríkir sátt um samkomulagið innan viðkomandi bandalaga. Svo mikil ósátt ríkir í raun að KÍ taldi sig knúið til að segja sig frá samkomulaginu þann 2. október sl.

Einnig eru ekki allir sáttir við samkomulagið innan aðildarfélaga BHM. Mörg aðildarfélög BHM töldu það betri valkost að samþykkja samkomulagið en að búa við þá óvissu sem fylgdi því að gera það ekki. Þess vegna er ekki hægt að halda því fram að umrætt samkomulag sé fullrýnt af stéttarfélögum eins og fjármálaráðherra fullyrðir. Það er því rík ástæða til að alþingismenn setji sig vel inn í málið. Hér er verið að tala um gríðarlega kerfisbreytingu sem ekki verður aftur tekin. FÍN

krefst vandaðrar stjórnýslu og biður alþingismenn um að vinna sína vinnu af heilum hug, nú sem endranær.

Aðildarfélögum BHM var tjáð á formannaráðsfundum BHM að þeir fjármunir sem standa nú til boða verði mögulega ekki á borðinu síðar. Undir slíkum þrýstingi voru félög að taka ákvörðun um hvort undirrita ætti þetta samkomulag við ríkið og sveitarfélög eða ekki. Að mati FÍN eru þetta forkastanleg vinnubrögð sem eiga ekki að líðast.

Einnig verður að koma fram óánægja félagsins um málshraða. Mikilvæg mál sem þetta á ekki að vinna í þeim flýti sem raun ber vitni. Slíkur hraði er ávísun á mistök sem ekki verða aftur tekin.

FÍN telur að samningsaðilar hafi verið beittir óásættanlegum þrýstingi og tímapressu í þessu samningaferli. Það er því ekki rétt sem fjármálaráðherra, segir í framsöguræðu sinni, að búið sé að vinna að þessu í mörg ár. Því fer fjarri, það er búið að vera að ræða lífeyrismálin í mörg ár, en samkomulagið eins og það liggur fyrir núna er mögulega um það bil 2ja eða 3ja mánaða gamalt. FÍN er þó sammála fjármálaráðherra í því að það þurfi að vera breið samstaða um þetta mál, en sú er ekki raunin í dag. Málið er ekki fullþroskað hjá hagsmunaaðilum eins og ráðherra fullyrðir.

Samkomulagið er að mati FÍN engan veginn nógu vel unnið af samningsaðilum vegna þess hve stuttan tíma aðilum var gefið að rýna umrætt samkomulag, þó svo að umræðan hafi staðið lengi og ýmsar hugmyndir hafi verið ræddar í mörg ár, þá er ekki þar með sagt að góður tími hafi verið gefinn til að ganga frá þeim samningi sem nú er lagður á borðið.

FÍN telur að alþingismenn geti ekki leyft sér, í blindni og af þekkingarskort, að treysta á það að hagsmunafélög launþega hafi rýnt það með fullnægjandi hætti. Alþingismenn verða að rýna vel umrætt lagafrumvarp og taka af öll tvímæli um rétt opinberra starfsmanna og alla aðra núverandi sjóðfélaga í A-deild LSR við breytingu á lögum nr. 1/1997.

Meint umboðsleysi bandalaganna

Það er rétt að benda á að bandalög stéttarfélaga, BHM, BSRB og KÍ hafa í áranna rás skrifað undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála en það hafa þau að jafnaði gert án sérstaks umboðs frá hverju og einu stéttarfélagi sem hefur aðild að bandalaginu. Áður var þó um að ræða samkomulag bandalaganna um jafnverðmætan rétt eða betri rétt sjóðfélaga og eðli málsins samkvæmt gera stéttarfélög ekki athugasemdir við það að félagsmenn sínar fái betri lífeyrisrétt.

Í þessu máli er allt annað upp á teningnum þar sem samkomulagið felur í sér skerðingar á réttindum félagsmanna aðildarfélaga bandalaganna og því eðlilegt að sum aðildarfélög bandalaganna telji að bandalögin hafi undirritað samkomulagið í umboðsleysi.

Stéttarfélög og bandalög eiga að gæta hagsmuna sinna félagsmanna. Að semja lífeyrisréttindi af framtíðarstarfsmönnum ríkisins og breyta lífeyrisréttindum núverandi sjóðfélaga til verri vegar er að mati félagsins ekki góð hagsmunagæsla. FÍN telur að slíkt samræmist ekki hlutverki stéttarfélaga eða bandalaga.

Mikilvægt er að áréttta að samkomulagið snýr að lífeyrisréttindum okkar félagsmanna og það er almennt viðurkennt að lífeyrisréttindi séu órjúfanlegur hluti kjarasamninga. Sá skilningur aðila er reyndar margítrekaður í skýrslu vinnuhóps um endurskoðun lífeyrismála skv. 9. gr. stöðugleikasáttmálans dags. 25. júní 2009, <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2015/Skyrsla-03072015.pdf> en í þeirri skýrslu er fjallað um framtíðarsýn í lífeyrismálum.

FÍN hvetur alþingismenn til að lesa þá skýrslu og vil hér áréttta nokkur atriði sem koma fram í skýrslunni. Þar kemur fram:

- að mikilvægt sé að undirstrika að það er á valdsviði hvers og eins samningsaðila á vinnumarkaði hvernig staðið verður að því að ná fram umræddum breytingum þó aðilar vinnumarkaðarins hafi hér sameinast um framtíðarskipan lífeyrismála (bls. 8).
- að í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna við fjármálaráðherra 1980 voru tekin af öll tvímæli um að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna væru órjúfanlegur hluti af kjarasamningum (bls. 9).
- að við breytingar sem gerðar voru á lögum LSR þegar stofnuð var A-deild LSR og B-deild LSR um leið lokað var skrifað undir samkomulag milli fjármálaráðherra og samtaka opinberra starfsmanna (bls. 10).
- að Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga var stofnaður með samningi milli BHM, BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga (bls. 10).
- að eftir að heildarlöggjöfin var sett árið 1997, með ákvæðum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og viðbótarlífeyrissparnað, beri íslenskra kerfið helstu einkenni þriggja meginstoða sem Alþjóðabankinn mælir oft með og oft er vitnað til (bls. 14). Meginstoðirnar þrjár eru:
 - opinbert almannatryggingakerfi sem byggir á loforði um ákveðinn lágmarkslífeyri sem nær til allra og greiðir lífeyri, fastan eða tekjutengdan, sem er fjármagnaður með sköttum.
 - skyldutryggingakerfi undir opinberu eftirliti en rekið af einkaaðilum. Þetta kerfi byggir á iðgjaldagreiðslum sjóðsfélaga, sjóðssöfnun og samtryggingu að vissu marki. Þessi hluti kerfisins er sjálfbær og er víða byggður á kjarasamningum líkt og hér á landi.
 - frjáls einstaklingsbundinn viðbótarparnaður með hvatningu í gegnum skattkerfið og tilteknum bindingum um ráðstöfun.

FÍN er eitt með samningsumboð til kjarasamningsgerðar fyrir félagsmenn sína og hefur **ekki veitt BHM umboð til að semja um lífeyriskjör sinna félagsmanna með þessum hætti.**

Sjálfbærar A-deildir

Varðandi það hvort A-deild LSR sé sjálfbær, þá þarf að skoða það hve mikill hluti vanda A-deildar má rekja til þess hve margir sjóðfélagar í B-deild LSR völdu A-deild LSR þegar B-deild LSR var lokað á árunum 1997/1998. Því má gera ráð fyrir því að vandi B-deildar LSR í dag teygi sig yfir í A-deild LSR.

Það er því ekki ljóst hvort A-deildin, sem tegund lífeyriskerfis, sé sjálfbær eða ekki þar sem ekki hafa verið lagðir fram útreikninga þess efnis. Einnig liggur það í hlutarins eðli að ef bakabyrgðin afnumin getur sjóðsstjórn skert réttindi sjóðfélaga, þá mun sjóðsstjórn taka á mögulegum halla sjóðsins og skerða réttindi verði A-deildirnar ekki sjálfbærar.

Ekki hefur verið sýnt fram á neina útreikninga þess efnis sem sýna það að við þessar breytingar verði deildin sjálfbær.

Útreikningar liggja ekki fyrir

Mikilvægt er að alþingismenn viti hve litlar upplýsingar aðildarfélög BHM fengu í sínar hendur til að geta gert upp hug sinn og ákveða hvort samþykkja ætti samkomulagið. Aðildarfélög BHM hafa enga útreikninga undir höndum sem liggja að baki þessum kerfisbreytingum.

Sú fjárhæð sem lofað er í umræddu samkomulagi gæti því verið algjörlega úr lausu lofti gripin og því hefur félagið í raun engar forsendur til að veða og meta hvort 91,3 milljarðar króna sé nægjanleg eingreiðsla til að standa straum af lífeyrisréttindum núverandi sjóðfélaga eða hvort Varúðarsjóðurinn standi undir mögulegri bakábygð, þ.e.a.s. að tryggt sé með óbyggjandi hætti að verðmæti réttinda sjóðfélaga séu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingu. Af þessari ástæðu er einsýnt að félagið gat ekki samþykkt að undirrita slíkt samkomulag.

Aðildarfélög BHM hafa enga útreikninga undir höndum sem liggja að baki þessum kerfisbreytingum.

Sviðsmyndir eða dæmi um áhrif breytinganna á sjóðfélaga liggja ekki fyrir

Aðildarfélög BHM hafa ekki fengið í hendur sviðsmyndir eða dæmi um hvernig breytingarnar muni hafa áhrif á einstaka hópa sjóðfélaga miðað við mismunandi forsendur.

Er þá átt við að skoða dæmi um áhrif breytinganna út frá stöðu valdra einstaklinga sem eru á mismunandi stað í æviferli sínum, þ.e.a.s. mismunandi stað í aldri, launum og vinnumörkuðum. Einnig hefði þurft að skoða þau áhrif sem breytingin hefur eða gæti haft ef þessir einstaklingar lentu í áföllum, s.s. örorku, andláti eða öðru.

Ef ekki eru skoðuð dæmi um áhrifin af breytingunum miðað við mismunandi forsendur vitum við ekki hvaða áhrif þessi kerfisbreyting hefur á einstaka hópa sjóðfélaga.

Það er því illframtæklegt að átta sig á hvort breytingar á lögnum séu nægjanlega skýrar varðandi jaðartilfelli. Jaðartilfellið hefði þurft að skoða sérstaklega sem hefur ekki verið gert.

Lokun B-deilda og stofnun A-deilda - bakábygð

Með stofnun A-deilda árin 1997/1998 var sjóðfélögum lofað ákveðnum réttindum til æviloka og lífeyriskjörum á ævikvöldi, lífeyriskjörum sem eru betri en gengur og gerist á almennum markaði. Þessi lífeyriskjör eru hluti af kjarasamningsbundnum rétti launþega. Það er almennt viðurkennt. Við launasetningu opinberra starfsmanna hafa lífeyriskjör, veikindaréttur og starfsöryggi ávallt verið eitt af þeim þáttum sem hafa réttlætt þau launakjör sem opinberir starfsmenn hafa og eru oftast en ekki lakari en gengur og gerist á almennum markaði.

Að mati FÍN er mikilvægt er að tryggja að réttindi sjóðfélaga í nýju lífeyriskerfi verði ekki lakari en um hefur verið samið. Samkomulagið sjálft felur í sér skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga og lífeyrisréttindum framtíðarstarfsmanna ríkisins.

FÍN telur það sérkennilegt í þeirri umræðu um samræmingu lífeyrisréttinda að halda B-deild LSR alveg utan við allar breytingar á A-deild. Þó er B-deildin gríðarlega skuldsett og taka þarf á þeim vanda. Samræming lífeyrisréttinda á því ekki að ná til allra lífeyrissjóða. Það er því ekki hægt annað en að velta því fyrir sér hvers vegna þarf að breyta A-deildum en ekki B-deildum LSR og LSS/Brúar. FÍN grunar að skýringuna sé að leita í sparnaði ríkisins.

FÍN áttar sig á því hve mikla hagsmunir eru í húfi fyrir ríkið í þessu máli, að það náist í gegn. Það er ljóst að verði ekki þessi kerfisbreyting gerð, mun ríkið, sem launagreiðandi, þurfa að bera ábyrgð á

réttindum ríkisstarfsmanna og því er líklegt að ríkið, sem ríkissjóður, vilji gera hvað sem er til að losa ríkið, sem launagreiðanda, undan slíkri ábyrgð til að koma í veg fyrir óvænt eða mögulega mikil útgjöld, sem er hærri launakostnaður.

Það eru nokkur óvænt útgjöld handan við hornið. Með þessu frumvarpi á að **flytja alla bakábyrgðina yfir á sjóðfélaga til framtíðar**. Þetta er gríðarleg grundvallarbreyting sem margir hverjir átta sig ekki á og FÍN getur ekki fallist á að Varúðarsjóður til 20 ára með 8,4 milljörðum geti dekkjað slíka bakábyrgð til framtíðar.

Ríkisábyrgð eða bakábyrgð

Í samantekt á vef Alþingis um frumvarpið við framlagningu þess var sagt að verið væri að afnema ríkisábyrgð af lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna, þeirri samantekt hefur verið breytt eftir á. Það kom nefnilega spáskt fyrir sjónir þar sem ríkið hefur ítrekað sagt að á LSR sé ekki með ríkisábyrgð heldur bakábyrgð og því er FÍN sammála.

Hvort lífeyrisréttindi hafi ríkisábyrgð eða bakábyrgð er alls ekki sami hluturinn og mikilvægt að átta sig á þessum mun. Sú bakábyrgð sem er til staðar í dag á LSR er ekki ríkisábyrgð, ríkissjóður ber ekki ábyrgð á LSR. Það eru launagreiðendur, þ.m.t. ríkið, sem ber ábyrgð á að iðgjöldin nægi til að sjóðurinn standi undir sér. Það er í höndum sjóðsstjórnar LSR að ákveða mótframlag launagreiðanda í A-deild LSR.

Bakábyrgð ríkisins sem launagreiðanda í A-deild LSR og bakábyrgð sveitarfélaganna sem launagreiðanda í A-deild LSS er því ómetanleg fyrir sjóðfélaga þessara deilda. Því til áréttingar er rétt að benda á ársskýrslu LSR (http://www.lsr.is/media/frettir/Arsskyrsla_2015.pdf) þar sem segir: „Miðað við núgildandi lög skal stjórn sjóðsins gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta af fjárhag hans með því að hækka iðgjald launagreiðenda“ (bls. 48).

Bakábyrgð sjóðsins er ómetanleg, þar sem hún tekur ætíð við öllum áföllum sem steðja að sjóðnum, þ.e. áföll eru á ábyrgð launagreiðanda. Hið opinbera er því að breyta þessu kerfi til að koma í veg fyrir að aukin kostnaður lendi á sér, sem launagreiðanda.

FÍN getur ekki fallist á að bakábyrgð launagreiðanda (þ.e.a.s. ríkisins, sveitarfélaga og launagreiðenda á almennum markaði) sé látin niður falla og að ábyrgð á lífeyrissjóðnum verði þannig eingöngu á sjóðfélögum.

Varúðarsjóðurinn sem á að koma í stað þessarar bakábyrgðar er ekki jafn verðmætur og bakábyrgðin sjálf þegar horft er til framtíðar.

Skuldsetning A-deildar

Alþingi hefur meðvitað heimilað stjórn LSR með lagasetningu að reka sjóðinn með halla í nokkur ár (sjá nánar t.d.: <http://www.althingi.is/altext/140/s/0245.html>).

Sá halli hleypur nú á 57 milljörðum sem er hluti af þeim 91,3 milljörðum króna sem ríkið lofar nú sem eingreiðslu inn í sjóðinn. Ef ríkið hefði ekki sett í lög þessa heimild þá hefði sjóðstjórn þurft að hækka iðgjöld launagreiðanda um ca. 4% til að standa straum af hallanum. Það setur því úgg að félaginu og það veltir fyrir sér hvort sjóðfélagar LSR beri skarðan hlut frá borði með samkomulaginu sem nú hefur verið gert og engir útreikningar liggja fyrir.

Félagið telur það einkennilegt að halli deildarinnar á síðustu 18 árum skuli vera kominn í 57 milljarða en eingreiðsla ríkisins til tryggingar framtíðarréttindum sjóðfélaga, næstu 20 árin, skuli aðeins nema um um 34,3 milljörðum króna.

Formenn aðildarfélaga BHM ekki fengið kostnaðarútreikninga sem liggja að baki breytingunum þrátt fyrir að hafa kallað ítrekað eftir þeim og sviðsmyndum um áhrif breytinganna á sjóðfélaga.

Skylduaðild launþega að lífeyrissjóði

Alþingi hefur sett lög sem skylda launþega, með lögum, að greiða í lífeyrissjóð þegar þeir eru á vinnumarkaði en engin trygging er fyrir hendi til handa sjóðfélaga að hann geti gengið að þeim réttindum vísam, þegar þeir hefja töku lífeyris, sem þeir telja sig vera að ávinna sér með greiðslum í lífeyrissjóði. Sjóðfélagi hefur oft ekki val um hvaða lífeyrissjóð hann greiðir í, þar sem stundum ákvæði í lögum eða kjarasamningum stéttarfélaga hvert lífeyrisiðgjöld skuli renna. Því verður að hafa það í huga að ríkisstarfsmenn hafa verið með skylduaðild LSR.

Lögum samkvæmt ber launþega skylda til þess að greiða í lífeyrissjóð alla ævi ef hann er á vinnumarkaði og því er það eðlileg krafa, að mati FÍN, að sjóðfélögum séu tryggð ákveðin trygging fyrir greiðslum úr lífeyrissjóðum, hvort sem sjóðfélaginn starfar á almennum eða opinberum markaði.

Við nánari umhugsun þá er ekki óeðlilegt að velta því fyrir sér hvers vegna launagreiðendur beri ekki meiri ábyrgð á réttindum launþega sinna í lífeyrissjóðum. Fulltrúar atvinnurekanda sitja í stjórnnum lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðirnir eru að fjárfesta í hlutabréfum atvinnurekanda og lífeyrissjóðirnir eru að taka þátt í að fjármagna framkvæmdir atvinnurekanda. Þetta gera stjórnir lífeyrissjóðanna í þeirri von að fjármunir sjóðfélaga muni fá góða ávöxtun.

Gangi atvinnulífið illa og ef lífeyrissjóðirnir tapa á fjárfestingum eða á slíkum framkvæmdum þá er gert ráð fyrir því, á almennum markaði, að lífeyrissjóðurinn beri það tap, þ.e.a.s. sjóðfélagar í viðkomandi sjóði. Verði fyrirséð að lífeyrissjóður á almennum markaði stendur ekki undir réttindum sjóðfélaga þá hefur verið farin sú leið að skerða réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðunum.

Það ætti að sjálfsgöðu að vera bakábyrgð atvinnurekanda að baki réttindum sjóðfélaga þannig að atvinnurekandur, sem launagreiðendur, ættu að bera það tjón en ekki sjóðfélagi. Það er slík bakábyrgð sem nú liggur fyrir að eigi að afnema í þessu frumvarpi. Það skítur svolítið skökku við að það er talin ástæða til þess að tryggja innistæður í bönkum en það er ekki talin ástæða til að tryggja ævisparnað lífeyrisþega.

Fjárfurtafrefkir lífeyrissjóðir - Örorka

Önnur umræða, sem ekki verður farið djúpt í hér þó hún sé mjög mikilvæg. Hún snýr að því hvers vegna ákveðnir lífeyrissjóðir eru svona fjárfurtafrefkir. Skýringin getur m.a. verið sú að ákveðnir sjóðfélagar þurfa að bera örorkubyrðni sinna sjóðfélaga.

Almenna tryggingakerfið ætti að bera örorkubyrðni þegnanna. Hægt væri að nota iðgjaldagreiðslur til að reikna út réttindi úr almennatryggingakerfinu. Það væri skynsamlegra að lífeyrissjóður væri eingöngu til þess að greiða út ellilífeyri. Sá sem hefði greitt í lífeyrissjóð og fer á örorku frá almenna tryggingakerfinu myndi þá greiða af sínum tekjum inn í lífeyrissjóð. Þegar sá aðili sem hefur verið á örorku úr almennatryggingakerfinu og fer á ellilífeyri þá tekur lífeyrissjóðurinn við greiðslunum.

Það er ljóst að örorkubyrðni lífeyrissjóðanna er að rýra réttindi hins vinnandi sjóðfélaga. Ríkissjóður, samfélagið, ætti alfarið að taka að sér að greiða örorkubætur.

Launakjör og réttindi framtíðar starfsmanna hins opinbera

Samkomulag aðila um breytingar á kerfinu er að mati FÍN ekki þannig úr garði gert að réttindi sjóðfélaga séu að öllu leyti tryggð og réttindi framtíðar starfsmanna hins opinbera eru ekki til umræðu í samkomulaginu. Þau eru skilin eftir í lausu lofti sem kallar á ýmis ófyrirséð vandamál og deilur innan félagsins sem utan þess. Það er ljóst að réttindi þeirra verða ekki þau sömu og núverandi starfsmanna hins opinbera. Framtíðarstarfsmenn ríkisins munu því, að öllu óbreyttu, vera með sömu laun og núverandi opinberir starfsmenn, laun sem eru ekki sambærileg við almenna markaðinn, og lakari lífeyrisréttindi.

Þá er mikilvægt að átta sig á að það er þannig í pottinn búið að fjárhæð launa skiptir máli þegar viðkomandi sjóðfélagi fer á lífeyri, hvort sem um er að ræða sjóðfélaga sem greiðir í aldurstengt lífeyriskerfi eða jafnávinnskjerfi. Fjárhæð launa myndar stig til réttinda. Einnig eru margir félagsmenn okkar langskólagegnir og eru með að lágmarki 3ja ára háskólanám. Okkar fólk kemur síðar inn á vinnumarkaðinn en ófaglærðir og oft með námslánaskuldir á bakinu. Eðli málsins samkvæmt er tíminn sem langskólagegnir hafa til að safna sér iðgjaldastiga í hinu nýja kerfi styttri en þeirra sem ekki fara í háskóla.

Launakjör háskólamenntaðra eru í mörgum tilvikum sambærileg við launakjör þeirra sem ekki eru með háskólamenntun. Það er því með öllu óásættanlegt að jafna niður lífeyrisréttindi framtíðarstarfsmanna ríkisins án þess að launaleiðréttingar séu gerðar samhliða.

Það er því með öllu óásættanlegt að þessi breyting sé gerð án þess að bætur eða hærri laun komi til. Það er mat FÍN að það verður að breyta launum ríkisstarfsmanna, þ.e.a.s. að launasetningin verði nær launasetningu almenna markaðarins, samhliða breytingum á lífeyriskerfinu.

Í 7. gr. samkomulagsins kemur fram að taka eigi 6-10 ár í að greina vandann vegna lakari launasetningar opinbera markaðarins í samanburði við almenna markaðinn. Finna á leiðir til að taka á vandanum næsta áratuginn. Að mati FÍN er 7. gr. samkomulagsins eingöngu fögur fyrirheit. Í henni eru engar marktækar áætlanir og óljóst er hverju samkomulagið mun að endingu skila.

Að mati FÍN hefði verið eðlilegt að gera eftirfarandi atriði samhliða:

1. Semja um nýtt vinnumarkaðsmódel
2. Semja um launaleiðréttingar á launakjörum opinberra starfsmanna
3. Semja um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna

Í 7. gr. samkomulagsins er settur ákveðinn rammi sem FÍN getur ekki samþykkt. Þar er verið að fastsetja eða áætla leyfilegar launabreytingar til framtíðar á launum einstakra hópa samhliða því að festa aðildarfélag BHM inn í svokölluðu SALEK samstarfi. Einnig getur félagið ekki fallist á að fela utanaðkomandi aðilum að sjá um það mat eða ákveða hvort félagsmenn FÍN séu næstir í röðinni eða eitthvað annað stéttarfélag. FÍN er stéttarfélag og gerir kjarasamninga og semur um réttindi fyrir sína félagsmenn.

Í þessu sambandi verður að nefna að fjármálaráðgjafi, í framsöguræðu sinni um frumvarpið, að þessi breyting á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna væri ein varðan að nýju vinnumarkaðsmódeli á Íslandi sem hann taldi að bráðnauðsynlegt væri að koma á og að áfram yrði unnið að. Hann ræddi um það að SALEK samkomulagið væri hluti af þessu til að hægt væri yfir höfuð að jafna launakjör milli markaða og koma í veg fyrir frekara höfrungahlaup.

FÍN er alls ekki sammála þessu og mun ekki samþykkja að undirrita SALEK samkomulagið eins og látið er í veðri vaka að sé næsta skref samhliða breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Það þarf að ganga betur frá 7. gr. samkomulagsins sem núna liggur fyrir áður en slíkt verður gert.

Sjóðfélagar eru að öllu óbreyttu læstir inni í kerfinu

Félagsmenn FÍN starfa hjá ríkinu, sveitarfélögum og á almennum markaði. FÍN er stærsta félagið á almennum markaði innan BHM. Í dag geta félagsmenn FÍN á almennum markaði samið um hærra mótframlag og verið í LSR þar sem lagaákvæði er til staðar um að félagsmenn í aðildarfélögum BHM geti greitt í A-deild svo fremi að launagreiðandi semji um og undirgengst hærra mótframlag. Félagsmenn geta því auðveldlega skipt um starf og farið á milli vinnumarkaða án þess að skipta um lífeyrissjóð eins og staðan er í dag. Að öllu óbreyttu verður félagsmönnum torveldara að fara á milli markaða verði frumvarpið samþykkt eins það lítur út í dag.

Með frumvarpinu eins og það er í dag er verið að læsa félagsmenn inni og koma í veg fyrir að þeir geti með auðveldum hætti skipt um vinnu og farið á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar. Þeir geta átt á hættu að missa framtíðarréttindi sín og eiga þá aðeins möguleika á geymdum réttindum í hinu gamla kerfi, sem er verið að leggja af. Þetta er gríðarlegt hagsmunamál og því getur FÍN ekki fallist á þessa breytingu á lífeyriskerfinu að öllu óbreyttu.

Það er þó hægt að gera ákveðnar breytingar á frumvarpinu til að tryggja að félagsmenn geti farið fyrirhafnarlaust á milli markaða með því að hafa skýr ákvæði um það í lögum um að núverandi sjóðfélögum sé heimilt að fara á milli markaða og að þeir eigi rétt á hækkuðu mótframlagi atvinnurekanda, bæði á almennum markaði og ríkinu. Eins og frumvarpið lítur út í dag er það ekki rétt sem fjármálaráðherra sagði í framsöguræðu sinni, að með þessari breytingu væri launafólki gert betur kleift að fara á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi teljandi áhrif á ávinnslu lífeyrisréttinda.

FÍN áréttar að það er ekki tryggt í frumvarpinu að launamenn geti flutt sig til á milli markaða og því þarf að breyta frumvarpinu svo það endurspegli þann vilja sem lesa má úr orðum fjármálaráðherra.

Samspil samkomulagsins og frumvarpsins

Í umræddu samkomulagi hafa aðilar sett niður ákvæði um markmið, forsendur, gildistöku, breytingar á lögum og samþykktum, þar stendur:

Markmið og forsendur:

- a) Lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.
- b) Unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er.
- c) Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu. Við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðfélaga sérstaklega tryggð.
- d) Útgjaldaskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna A-deilda LSR og Brúar verði sambærilegar við það sem orðið hefði miðað við núverandi skipan.

Gildistaka breytinga á lögum og samþykktum:

- a) Að breytt skipan lífeyrismála taki gildi 1. janúar 2017 og **samhliða falla almenn lagaákvæði um A-deild LSR** úr gildi.
- b) A-deild LSR starfi skv. almennum lögum um lífeyrissjóði og, að takmörkuðu leyti, lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verða réttindi sjóðfélaga byggð á samþykktum.
- c) Samhliða verði samþykktum Brúar breytt til að endurspeglar efni samkomulags þessa.

Í kaflanum um breytta ávinnslu réttinda kemur fram:

- a. Framtíðarskipan lífeyriskerfisins byggi á skilgreindum iðgjöldum í stað skilgreindra réttinda.
- b. Ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verði aldurstengd en ekki jöfn líkt og nú er.
- c. Lífeyristökualdur hækki 1. janúar 2017 úr 65 árum í 67 ár, en sjóðfélögum verði áfram gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku.
- d. Við framangreindar breytingar verði verðmæti réttinda núverandi sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Í kaflanum um fjármögnun skuldbindinga vegna núverandi sjóðfélaga kemur fram

- a. Breyting úr jafnri í aldurstengda ávinnslu réttinda, ásamt hækkun lífeyristökualdurs úr 65 í 67 ár, veldur að öðru óbreyttu skerðingu réttinda sem er háð aldri sjóðfélaga. Launagreiðendur munu leggja sjóðunum til skilgreind framlög, sem byggja á tryggingafræðilegu mati á þessari skerðingu. Nánar er kveðið á um framlög þessi í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál sem staðfestur er í tengslum við samkomulag þetta.
- b. Til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga þarf að leggja A-deild LSR til um 91,3 milljarða kr. og A-deild Brúar um 28,1 milljarða kr. að núvirði. Framlögin mynda svokallaða lífeyrisaukasjóði. Fjárhæðirnar eru byggðar á núgildandi tryggingafræðilegum forsendum að öðru leyti en því að horft er til lífslíknna m.v. reynslu árána 2010-2014.
- c. Lífeyrisaukasjóðir verða hluti af hreinni eign A-deilda LSR og Brúar og nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar að iðgjaldgreiðslur samsvari réttindum núverandi sjóðfélaga og tryggja þannig að hver og einn sjóðfélagi haldi jafn verðmætum réttindum og orðið hefði í óbreyttu kerfi.
- d. Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A- deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum í þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðasamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðfélag en um endurkröfu fer skv. fyrirliggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðfélaga.

Í kaflanum um Varúðarsjóði kemur fram:

- a. Ábyrgð launagreiðenda á breytilegu iðgjaldi A-deilda LSR og Brúar verði afnumin 1. janúar 2017 enda séu framtíðarskuldbindingar viðkomandi launagreiðenda að fullu tryggðar.

b. Launagreiðendur leggja til tiltekin framlög í sérstaka varúðarsjóði. Hlutverk varúðarsjóða er að styðja við lífeyrisaukasjóði A-deilda LSR og Brúar. Vísað er til Viðauka 1 og Viðauka 2 við samkomulag þetta um hlutverk sjóðanna.

Að lokum er í samkomulaginu ákvæði um jöfnun launa, en þar kemur m.a. fram að það sé sameiginleg stefna fulltrúa opinberra launagreiðenda og bandalaga opinberra starfsmanna að laun og önnur kjör hjá hinu opinbera séu samkeppnisfær. Vinna þarf sérstaklega að því að jafna laun einstakra hópa milli almenns og opinbers vinnumarkaðar og munu aðilar beita sér fyrir því að sérstaklega verði unnið að slíkri launajöfnun. Þetta gildir einnig um laun og kjör félagsmanna sem hefja störf í nýju aldurstengdu lífeyriskerfi.

Fyrirséð er að það er langt í land að jöfnun launa verði að raunveruleika fyrir stóran hóp ríkisstarfsmanna. Það er því áreittað að mikilvægt er að frumvarpið endurspegli að lágmarki það sem um er rætt í samkomulaginu verði það að lögum og að tekin séu af öll tvímæli í lögnum um hver skilningurinn á að vera.

FÍN hefur sett upp töflu til að átta sig á samspili samkomulagsins og frumvarpsins, sjá minnisblað FÍN í fylgiskjöllum, og leggur áherslu á að þar sem umrætt samkomulag hefur verið undirritað þá verði alþingismenn að fara málefnalega í gegnum það og færa frumvarpið til betri vegar þannig að það endurspegli að lágmarki það sem um var samið.

Breyttar lífslíkur

Þrátt fyrir að frumvarpið komi ekki inn á breyttar töflur um lífslíkur sjóðfélaga telur FÍN nauðsynlegt að nefna þær í umsögn sinni. Handan við hornið er kostnaðarsöm breyting í vændum sem mun, í breyttu kerfi, falla alfarið á sjóðfélaga. Það eru skerðingar í farvatninu sem munu koma við alla lífeyrissjóði landsmanna og ekki sanngjarnt að um það sé ekki rætt þegar verið er að taka bakábygðina af LSR. Það liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir muni taki upp nýjar töflur um lífslíkur innan skamms. Þessar töflur eiga að gefa réttari mynd af lífslíkum sjóðfélaga og þannig öruggari útreikninga um hver fjárhagsleg byrði lífeyrissjóðanna muni verða í framtíðinni.

Nýjar töflur um lífslíkur hafa þau áhrif að útgjaldabyrði lífeyrissjóða mun aukast að öllu óbreyttu. Sjóðsstjórnir í almennum lífeyrissjóði geta aðeins beitt einni aðferð til að koma á móts við þennan kostnað, þeir verða að skerða réttindi sjóðfélaga og það er þekkt að þeirri aðferð sé beitt á almennum markaði. Vegna bakábygðar A-deildar LSR, sem er til staðar í dag, þá myndu þessar breytingar hafa þau áhrif að sjóðsstjórnir A-deildar LSR yrðu að hækka mótframlag launagreiðanda til að standa undir réttindum sjóðfélaga í A-deild LSR. Ef þessi bakábygð er afnumin í þessu frumvarpi þá munu sjóðsstjórnir LSR þurfa að gjaldfella réttindi sjóðfélaga.

Helsta ógnin sem launþegar standa þá frammi fyrir er sú að Alþingi/ríkisvaldið ákveði einhliða að hækka lífeyristökualdur allra landsmanna þegar nýjar töflur um lífslíkur taka gildi. Samhliða þeirri breytingu myndi vera gerð breyting á lögum um almenna lífeyrissjóði um að lífeyrisaldur færi upp í 70 ár án nokkurra bóta. Það væri almennt mikil rýrnun á réttindum allra landsmanna, almennt hækkaði lífeyrisaldurinn um 3 ár (úr 67 árum í 70 ár) og um 5 ár fyrir opinbera starfsmenn, þ.e. úr 65 ára aldri til 70 ára. Þessi ár eru mjög verðmæt og vart hægt að meta að fullu til fjár.

Verði nýjar töflur um lífslíkur ekki kostaðar með hækkun lífeyrisaldurs eru allar líkur á því að réttindi sjóðfélaga í sjóðum lífeyrissjóða verði almennt skert til að standa straum af þeim. Um nýjar töflur um

lífslíkur hefur t.d. verið fjallað á ársfundi LSS: <http://www.lifbru.is/static/files/Brupdf/fundargerð-arsfundar-lss-2016.pdf>.

Afstaða FÍN til samkomulagsins

Í lok ágúst sl. gerði FÍN formannaráði BHM ljósa afstöðu sína í áliti sem það sendi formannaráðinu, sjá fylgiskjal: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0825---Afstada-FIN-um-tillogur-FJR-og-SNS-um-breytingar-a-fyrirkomulagi-lifeyrismala.pdf>. Þar kemur fram að FÍN muni ekki semja um né samþykkja breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem fela í sér skerðingu á réttindum eða kjörum núverandi eða framtíðar félagsmanna FÍN.

Aftur á móti lýsti FÍN sig reiðubúið til að ræða um að breyta lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þó aðeins þannig að ef nýtt kerfi fæli í sér skerðingu á lífeyrisréttindum þá yrði það bætt upp í launum eða með öðrum hætti.

FÍN tjáði formannaráði BHM að það væri tilbúið til að vinna að samkomulagi um framtíðarlífeyriskerfi fyrir opinberra starfsmenn og samhliða því semja í kjarasamningum um kaup og kjör, þannig að um yrði að ræða sambærileg launakjör og eru á almennum markaði.

Jafnframt lagði FÍN til að samningsaðilar myndu byrja á réttum enda, þ.e.a.s byrja á því að vinna að samningum um nýtt framtíðarlífeyriskerfi og launasetningu fyrir framtíðar starfsmenn ríkisins, án tímapressu eða óeðlilegs þrýstings.

FÍN lagði til að aðilar myndu útfæra nýtt lífeyriskerfi með það að leiðarljósi að sjóðfélagar í A-deild LSR og A-deild LSS gætu frekar kosið nýtt lífeyriskerfi þar sem launasetning yrði betri, þ.e. sambærileg laun við almenna markaðinn.

Við atkvæðagreiðslu á formannaráðsfundi BHM þann 9. september sl. ítrekaði félagið afstöðu sína með eftirfarandi bókun, sjá nánar: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0909---Afstada-FIN.pdf>. Í bókuninni kom eftirfarandi fram:

- Stjórn FÍN telur að ekki sé hægt að samþykkja samkomulagið þar sem það innihaldi of marga óvissuþætti, s.s samþykktir sjóða sem liggja ekki fyrir, óvissu um réttindi sjóðfélaga sem nú fara samkv. II kafla laga nr. 1/1997 (örorka, makalífeyri og barnalífeyri), sem geta falið í sér skerðingu á réttindum sjóðfélaga.
- Stjórn FÍN telur mikilvægt að útreikningar liggi fyrir og að teknar séu út sviðsmyndir til skýringar.
- Stjórn FÍN telur ótækt að kjör nýrra sjóðfélaga séu ekki tryggð.
- Stjórn FÍN telur að markmið samkomulagsins um að auðvelda sjóðfélögum að fara á milli markaða sé ekki náð.

Fylgiskjöl:

1. Samkomulag Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna: <http://www.bhm.is/media/utgafa/Samkomulag-BHM-BSRB-og-KI-16-09-16.pdf>
2. Afstaða FÍN, lagt fram í formannaráði BHM þann 28. ágúst 2016: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0825---Afstada-FIN-um-tillogur-FJR-og-SNS-um-breytingar-a-fyrirkomulagi-lif>
3. Afstaða FÍN, lagt fram í formannaráði BHM þann 9. september 2016: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0909---Afstada-FIN.pdf>
4. Skýrsla: [Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun lífeyrismála skv. 9. gr. stöðugleikasáttmálans \(drög\).](#)
5. Minnisblað FÍN, dags. 27. september 2016, samantekt á ákvæðum frumvarpsins, samkomulagsins og gildandi lögum.

Minnisblað FÍN - Samantekt

Samkomulagið – Frumvarsdrögin - Gildandi lög

- Frumvarp til breytinga á lögum staðsett í miðjunni og er í rétttri röð eins og það er fram sett á Alþingi.
- Texta úr samkomulaginu er skeytt við frumvarpið vinstra megin.
- Valin eru út atriði úr gildandi lögum hægra megin, sem eiga við, þ.e.a.s. borin eru saman breytingar á núverandi lögum sem eru áætluð í frumvarpinu.

Samkomulag BSRB, BHM, KÍ við ríki og sveit	Frumvarp til breytinga á lögum nr. 1/1997	Gildandi lög nr. 1/1997
	<p>1. gr.</p> <p>2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.</p>	<p>I. kafli. Almenn ákvæði.</p> <p>■ 1. gr. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.</p> <p><input type="checkbox"/> Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur.</p>
	<p>2. gr.</p> <p>3. gr. laganna fellur brott.</p>	<p>■ 3. gr. Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvæðana samkvæmt [lögum um kjararáð].¹⁾ [Ákvæði 1. másl. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn.]²⁾ Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.</p> <p><input type="checkbox"/> Starfsmenn annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessara laga, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild hans, kjósi þeir að nýta sér heimild 4. mgr. 4. gr., og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðjald þeirra vegna til sjóðsins skv. 13. gr. Sama gildir um þá hjúkrunarfræðinga sem hefur verið skylt að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna en kjósa fremur aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og hvílir þá sama skylda á launagreiðendum þeirra um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins.</p> <p><input type="checkbox"/> Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólanna og</p>

		<p>Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Nánar skal kveðið á um aðild þessa í samþykktum sjóðsins.</p> <p><input type="checkbox"/> Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggi samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skulu vera í samþykktum hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.</p>
<p>Ábyrgð launagreiðenda á breytilegu iðgjaldi A-deilda LSR og Brúar verði afnumin 1. janúar 2017 enda séu framtíðarskuldbindingar viðkomandi launagreiðenda að fullu tryggðar.</p>	<p>3. gr.</p> <p>II. kafli laganna, A-deild lífeyrissjóðsins, 12.–21. gr., fellur brott.</p>	<p>II. kafli. A-deild lífeyrissjóðsins.</p> <p>■ 12. gr. A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.–21. gr. sérstaklega um deildina.</p> <p>■ 13. gr. [Stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.]¹⁾</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.</p> <p><input type="checkbox"/> Launagreiðendur greiða að lágmarki [8%]²⁾ af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. [Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt móttframlagi launagreiðenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi</p>

		<p>við niðurstöðu athugunarinnar.³⁾ Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram [8%]²⁾ af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.</p> <p><input type="checkbox"/> Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.</p> <p><input type="checkbox"/> Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.</p> <p>¹⁾L. 142/1997, 1. gr. ²⁾L. 167/2006, 4. gr. ³⁾L. 157/2011, 1. gr.</p> <p>■ 14. gr. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.</p> <p><input type="checkbox"/> Stig hvers árs reiknast þannig að í árslaun sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.</p> <p><input type="checkbox"/> Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.</p> <p><input type="checkbox"/> Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.</p> <p>■ 15. gr. Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.</p> <p><input type="checkbox"/> Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót</p>
--	--	---

		<p>eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.</p> <p><input type="checkbox"/> Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> 16. gr. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.</p> <p><input type="checkbox"/> Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.</p> <p><input type="checkbox"/> Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarsögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. [Trúnaðarlæknir sjóðsins]¹⁾ skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.</p> <p><input type="checkbox"/> Heimilt er, að fengnu álit [trúnaðarlæknis sjóðsins],¹⁾ að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess</p>
--	--	--

		<p>stigafjöldi sem sjóðfélaginn hefur á árunni sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:</p> <p>a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og árunni sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,</p> <p>b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,</p> <p>c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.</p> <p><input type="checkbox"/> Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati [trúnaðarlæknis sjóðsins]¹⁾ eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.</p> <p><input type="checkbox"/> Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.</p> <p><input type="checkbox"/> Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.</p> <p><input type="checkbox"/> Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá</p>
--	--	--

		<p>starfsorkuserðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.</p> <p><input type="checkbox"/> Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.</p> <p><input type="checkbox"/> Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. eða 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.</p> <p><input type="checkbox"/> Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.</p> <p><input type="checkbox"/> Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.</p> <p><input type="checkbox"/> Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.</p> <p><input type="checkbox"/> Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.</p> <p><input type="checkbox"/> Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.</p> <p><input type="checkbox"/> Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru</p>
--	--	---

		<p>reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.</p> <p>¹⁾<u>L. 142/2003. 1. gr.</u></p> <p><input checked="" type="checkbox"/> 17. gr. Nú andast sjóðfélagi sem naut eili- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.</p> <p><input type="checkbox"/> Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.</p> <p><input type="checkbox"/> Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.</p> <p><input type="checkbox"/> Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.</p> <p><input type="checkbox"/> Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í</p>
--	--	--

		<p>samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.</p> <p><input type="checkbox"/> Réttthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga ...¹⁾ eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð [tveggja einstaklinga]¹⁾ sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. ...¹⁾ Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.</p> <p>¹⁾L. 65/2010, 39. gr.</p> <p>■ 18. gr. Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.</p> <p><input type="checkbox"/> Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.</p> <p><input type="checkbox"/> Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap</p>
--	--	--

		<p>eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.</p> <p><input type="checkbox"/> Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.</p> <p><input type="checkbox"/> Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.</p> <p>■ 19. gr. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.</p> <p><input type="checkbox"/> Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.</p> <p>■ 20. gr. Í samþykktum sjóðsins er heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga.</p> <p>■ 21. gr. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.</p> <p><input type="checkbox"/> Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrrsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.</p>
	<p>4. gr.</p> <p>Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. másl. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.</p>	<p><input type="checkbox"/> Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II.</p>

		<p>Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða úppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.]²⁾</p>
	<p>5. gr.</p> <p>Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:</p> <p>a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykkt A-deildar.</p> <p>b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykkt A.</p>	<p>[39. gr. Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.</p> <p>Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris. Á sama hátt skal við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein miðað við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.</p> <p>Ákvæði 4. mgr. 15. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga A-deildar vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.</p> <p>Ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.]</p>
	<p>6. gr.</p> <p>Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögum falla brott.</p>	<p>Ákvæði til bráðabirgða.</p> <p>I. Félagsmenn í stéttarfélögum, sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvænna, hefðu átt skylduáðild að þessum sjóðum, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn, þó svo að ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna taki ekki til þeirra, og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins samkvæmt ákvæðum 13. gr. laganna.</p> <p>II. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997–99.</p>
<p>Þessar breytingar miða að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur verði hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess.</p>		
<p>Breytingarnar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.</p>		
<p>Lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.</p>		

Unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er.		
Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu.		
Við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðfélaga sérstaklega tryggð.		
Útgjaldaskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna A-deilda LSR og Brúar verði sambærilegar við það sem orðið hefði miðað við núverandi skipan.		
<p>Breytt skipan lífeyrismála taki gildi 1. janúar 2017 og samhliða falla almenn lagaákvæði um A-deild LSR úr gildi.</p> <p>A-deild LSR starfi skv. almennum lögum um lífeyrissjóði og, að takmörkuðu leyti, lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verða réttindi sjóðfélaga byggð á samþykktum.</p>	<p>7. gr.</p> <p>Við lögina bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:</p> <p>a. (VIII.) Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skylduþryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykka er fyrir sjóðinn gilda.</p> <p>Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016.</p>	
<p>Launagreiðendur munu leggja sjóðunum til skilgreind framlög, sem byggja á tryggingafræðilegu mati á þessari skerðingu.</p> <p>Til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga þarf að leggja A-deild LSR til um 91,3 milljarða kr. og A-deild Brúar um 28,1 milljarða kr. að núvirði.</p> <p>Lífeyrisaukasjóðir verða hluti af hreinni eign A-deilda LSR og Brúar og nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar að iðgjaldagreiðslur samsvari réttindum núverandi sjóðfélaga og tryggja þannig að hver og einn sjóðfélagi haldi jafn verðmætum réttindum og orðið hefði í óbreyttu kerfi.</p>	<p>b. (IX.) Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91,279 ma.kr. framlag til A-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr.</p>	
Fjárhæðirnar eru byggðar á núgildandi tryggingafræðilegum forsendum að öðru leyti en því að horft er til lífslíkna m.v. reynslu árána 2010-2014.	Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015 að öðru leyti en því að miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010-2014.	
<p>Breyting úr jafnri í aldurstengda ávinnslu réttinda, ásamt hækkun lífeyristökualdurs úr 65 í 67 ár, veldur að öðru óbreyttu skerðingu réttinda sem er háð aldri sjóðfélaga.</p> <p>Ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verði aldurstengd en ekki jöfn líkt og nú er.</p>	Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.	

<p>Framtíðarskipan lífeyriskerfisins byggi á skilgreindum iðgjöldum í stað skilgreindra réttinda.</p>		
<p>Við framangreindar breytingar verði verðmæti réttinda núverandi sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.</p> <p>Lífeyristökualdur hækki 1. janúar 2017 úr 65 árum í 67 ár,</p>	<p>Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.</p>	
<p>en sjóðfélögum verði áfram gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku</p>		
<p>Framlöggin mynda svokallaða lífeyrisaukasjóði.</p>		
<p>Með sérstöku samkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, annars vegar, og Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) er kveðið á um að launagreiðendur leggi A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og A-deild Brúar lífeyrissjóði til fjármuni sem standa munu undir skuldbindingum sem stofnast við greiðslu lífeyrisauka til handa núverandi sjóðfélögum. Þessi framlög myndi sérstaka sjóði, svokallaða Lífeyrisaukasjóði.</p>		
	<p>Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.</p>	
	<p>Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.</p>	
	<p>Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.</p>	
	<p>Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar á árinu 2016, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.</p>	
	<p>Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.</p>	
	<p>Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild, sbr. þó 5. mgr.</p>	

<p>Samhliða verði samþykktum Brúar breytt til að endurspegla efni samkomulags þessa.</p>	<p>Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.</p>	
<p>Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald.</p>	<p>Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda.</p>	
<p>Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR.</p>	<p>Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.</p>	
<p>Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A- deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum í þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðasamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskona mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar.</p>	<p>Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.</p>	
	<p>Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.</p>	
<p>Nánar er kveðið á um framlög þessi í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál sem staðfestur er í tengslum við samkomulag þetta.</p>		
<p>Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald.</p>		
<p>Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðfélaga.</p>		
<p>Launagreiðendur leggja til tiltekin framlög í sérstaka varúðarsjóði. Hlutverk varúðarsjóða er að styðja við lífeyrisaukasjóði A-deilda LSR og Brúar. Vísað er til Víðauka 1 og Víðauka 2 við samkomulag þetta um hlutverk sjóðanna.</p> <p>Að auki reiða ríki og sveitarfélög fram fjármuni í sérstaka Varúðarsjóði, sem ætlað er að styðja við Lífeyrisaukasjóði LSR og Brúar.</p> <p>Ríkissjóður leggur til tiltekna fjárhæð í varúðarsjóð LSR. Fjárhæðin skal vera 8,4 milljarðar kr.</p>	<p>c. (X.) Launagreiðendur skulu fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.</p>	

Höfuðstóll varúðarsjóðs er varðveittur og ávaxtaður af LSR, en hann skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem LSR fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.		
Ekki er heimilt að ganga á höfuðstól varúðarsjóðs í fimm ár eftir að til hans er stofnað.	Óheimilt er að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins í fimm ár frá stofnun hans.	
Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs	Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:	
Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð) við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.	a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en fimm ár, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.	
Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.	Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessi til samræmis.	
Að 20 árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans að hluta eða öllu leyti við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.	b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.	
Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs.	Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.	
Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugar ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að ekki verði komist hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skuldbinda launagreiðendur sig til að taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.	c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.	
Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggð er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið samkomulags þessa um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.	Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggð er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.	
Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa í matshóp og bandalög opinberra starfsmanna þrjá fulltrúa sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr Varúðarsjóði séu uppfyllt.	Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt.	

<p>Nái matshópur ekki niðurstöðu um nýtingu sjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur sæti í matshópnum.</p>	<p>Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.</p>	
	<p>d. (XI.) Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. janúar 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélaga sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. janúar 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til ákvörðun þess hefur verið gerð í kjarasamningi.</p>	
	<p>8. gr. Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.</p>	



Berist til:

Nefndarsvið Alþingis - Fjárlaganefndar, nefndasvid@althingi.is

Umsögn frá:

Félagi Íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), fin@bhm.is

Reykjavík, 15. desember 2016

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál á 146. löggjafarþingi.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) samþykkir ekki breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem fela í sér skerðingu á réttindum eða kjörum núverandi eða framtíðar félagsmanna FÍN. FÍN leggur til að samningsaðilar byrji á réttum enda og vinni samhliða að samkomulagi um nýtt framtíðarlífeyriskerfi og launasetningu fyrir framtíðar starfsmenn ríkisins. FÍN telur það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skerða réttindi sjóðfélaga sem eiga aðild að A-deildum LSR og LSS auk þess sem það skerðir kjör og réttindi framtíðar sjóðfélaga deildanna.

Í umsögn þessari verður vísað til samkomulags frá 19. september sl. sem gert var á milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. FÍN tekur fram að félagið samþykkti ekki aðkomu BHM að samkomulaginu (sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð) á sínum tíma og jafnframt lagði til að BHM myndi segja sig frá þessu samkomulagi.

Félagið vísar til athugasemda sinna sem það gerði við framlagningu sama máls (873) sem lagt var fram á síðasta (145) löggjafarþingi, en sú umsögn er hér meðfylgjandi.

Félagið vill hnykkja á eftirfarandi atriðum varðandi frumvarpið sem nú liggur fyrir:

Allir sjóðfélagar þurfa að vera tryggðir og jafn vel settir fyrir og eftir breytingu

Félagið telur einnig mikilvægt að það sé orðað skýrt í frumvarpinu og það tryggt að þeir sjóðfélagar sem nú eru í A-deild LSR og A-deild Brúar muni ekki hafa lakari réttindi, í framtíðinni, en þeir hefðu haft í núverandi kerfi, sbr. lög nr. 110/1997. Að tryggt sé í lögum að sjóðsstjórnnum LSR og Brú sé skylt að tryggja réttindi og að lífeyrisaukinn ásamt varúðarsjóði skuli standa undir þeim réttindum að fullu, þannig að sjóðfélagar séu jafn vel settir fyrir og eftir breytingu. Einnig er mikilvægt að skilgreining á sjóðfélaga sé skýr í lögnum og nái að öllu leyti utanum alla sjóðfélaga A-deilda.

Forsendur ábyrgðar varúðarsjóðsins verða að vera óbreyttar

Félagið gerir athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 7. gr. lið C(X) í tölu-lið a. þar sem dregið hefur verið úr ábyrgð varúðarsjóðsins, þ.e.a.s. þeim forsendum sem þurfa að vera uppi svo varúðarsjóðurinn verði nýttur og leggur til sömu breytingar þar af lútandi eins og gerð var tillaga um í fyrri athugasemdum sínum vegna fyrra frumvarps.

Tryggja þarf rétt sjóðfélaga til að fara á milli vinnumarkaða og halda sjóðsaðild

Félagið telur mjög brýnt að í frumvarpinu séu sjóðfélögum í A-deildum tryggður réttur að A-deildum þegar sjóðfélaga fara á milli **vinnumarkaða**. Sjóðfélagar verða að geta haldið áfram að greiða í A-deild LSR eða LSS/Brúar skipti þeir um starf (fari af opinberum vinnumarkaði yfir á almenna markaðinn og

öfugt) að öðrum kosti er verið að loka opinbera starfsmenn inni hjá ríki og sveitarfélögum til æviloka ef horft er til lífeyrisréttindanna. Mikilvægt er að tryggja hreyfanleika á milli vinnumarkaða og því má ekki skerða rétt sjóðfélaga frá því sem nú er, en í núverandi kerfi er nú þegar hægt að fara á milli vinnumarkaða með auðveldum hætti og halda áfram aðild að A-deildum ef viðkomandi aðili uppfyllir skilyrði skv. 3. gr. nágildandi laga.

Lokaorð

Svo sátt geti orðið um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þarf umrætt frumvarp að tryggja óskert réttindi sjóðfélaga sem eru aðilar að A-deildum LSR og LSS/Brú.

Þá þarf að tryggja að nýir sjóðfélagar hafi sambærileg launakjör og sjóðfélagar sambærilegra sjóða á almennum vinnumarkaði.

Það er krafa FÍN að ofangreindar breytingar verði gerðar á fyrirbyggjandi frumvarpi. Þannig telur félagið að hægt sé að koma í veg fyrir að sjóðfélagar í A-deildum beri skarðan hlut frá borði. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er það mat félagsins að mikill skaði hljóti af bæði fyrir núverandi sjóðfélaga og framtíðar sjóðfélaga.

Þar sem félagið er ekki sátt við þann gjörning BHM að undirrita samkomulag um lífeyrismál opinberra starfsmanna óskar FÍN eftir að fá að koma fyrir fjárlaganefnd til að fara í gegnum ákveðin lykilatriði í umsögninni og svara spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Marianna H. Helgadóttir, formaður

(sign)

Berist til:

Nefndarsvið Alþingis - Fjárlaganefndar, nefndasvid@althingi.is

Umsögn frá:

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), fin@bhm.is

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 873. mál á 145. löggjafarþingi.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) samþykkir ekki breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem fela í sér skerðingu á réttindum eða kjörum núverandi eða framtíðar félagsmanna FÍN. FÍN leggur til að samningsaðilar byrji á réttum enda og vinni samhliða að samkomulagi um nýtt framtíðarlífeyriskerfi og launasetningu fyrir framtíðar starfsmenn ríkisins. FÍN telur það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skerða réttindi sjóðfélaga sem eiga aðild að A-deildum LSR og LSS auk þess sem það skerðir kjör og réttindi framtíðar sjóðfélaga deildanna.

Í umsögn þessari verður vísað til samkomulags frá 19. september sl. sem gert var á milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. FÍN tekur fram að félagið samþykkti ekki aðkomu BHM að samkomulaginu (sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð).

Samkomulagið er þó grundvöllur þeirra lagabreytinga sem fjárlaganefnd hefur nú til umfjöllunar. Eftirfarandi tillögur að breytingum vísa því til samkomulagsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Í frumvarpinu er lagt til í 3. gr. að II kafli laga nr. 1/1997, gr. 12.-21. verði felldur út og hljóðar greinin svo:

3. gr.

II. kafli laganna, A-deild lífeyrissjóðsins, 12.–21. gr., fellur brott.

FÍN bendir á að í samkomulaginu er talað um að sjóðfélagar skuli vera jafnsettir fyrir og eftir breytingu. Verði II. kafli ekki lengur til í lögum heldur eingöngu í samþykktum LSR og LSS/Brúar telur félagið að sjóðsstjórnir á hverjum tíma geti gert breytingar sem valda því að sjóðfélagar verði ekki jafnsettir fyrir og eftir breytingu.

FÍN leggur til að II. kafli verði áfram í lögnum en ákvæðið takmarkað við sjóðfélaga sem eru sjóðfélagar í A-deild á árinu 2016 og leggur til að 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

3. gr.

Aftast í 1. mgr. 12. gr. í II. kafla bætist við setningin: **Ákvæði greina 14.-19. í lögum þessum gilda fyrir sjóðfélaga sem eru í A-deild LSR í lok árs 2016. Í samþykktum LSR og LSS/Brúar skulu þessi ákvæði tryggð.**

13. gr., 20. gr. og 21. gr. fellur brott.

Með þessari breytingu er mat FÍN að réttindi sjóðfélaga til greiðslu úr A-deild LSR og LSS/Brúar sé tryggð.

Verði ekki fallist á ofangreinda breytingu þá leggur FÍN til að eftirfarandi setningu verði komið fyrir 7. gr. a. (VIII) í frumvarpinu verði breytt þannig að aftast bætist nýr málslíður:

Skal stjórn sjóðsins aðlaga samþykktir sjóðsins þannig að réttindi sjóðfélaga sem kveðið er á um í II. kafla núgildandi laga séu tryggð.

Í 7. gr. frumvarpsins bætast við fjögur ný ákvæði til bráðabirgða sem FÍN telur að séu ekki í samræmi við samkomulag aðila. Fram kemur í samkomulagi aðila að A-deild LSR starfi skv. almennum lögum um lífeyrissjóði og, að takmörkuðu leyti, lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Grein a. (VIII.) hljóðar svo:

7. gr.

Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda.

Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016.

FÍN leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á a. lið (VIII) 7. gr. þannig að orðalagið og ákvæðin verði í samræmi við samkomulag aðila um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og ákvæðum laga nr. 1/1997 eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda.

Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og lögum nr. 1/1997 eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016. Skal stjórn sjóðsins aðlaga samþykktir LSR þannig að réttindi sjóðfélaga sem kveðið er á um í II. kafla núgildandi laga séu tryggð.

Grein b. (IX.) hljóðar svo:

b. (IX.)

Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91,279 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015 að öðru leyti en því að miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010-2014.

Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.

Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar á árinu 2016, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild, sbr. þó 5. mgr.

Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyris-sjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda.

Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

FÍN leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á b. lið (IX) 7. gr. þannig að orðalagið og ákvæðin séu í samræmi við samkomulag aðila um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna:

b. (IX)

Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða **91,3** ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er **að tryggja réttindi allra sjóðfélaga, þ.e.** til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga **sem eru sjóðfélagar á árinu 2016** sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli **núgildandi** tryggingafræðilegra forsendna ~~í árslok 2015~~ að öðru leyti en því að ~~miðað er við~~ **horft er til lífslíkna byggðar á m.v.** reynslu árána 2010-2014.

Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Lífeyrisaukasjóðir verða hluti af hreinni eign A-deilda LSR og LSS/Brúar og nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar að iðgjaldgreiðslur samsvari réttindum sjóðfélaga, sem eru sjóðfélagar á árinu 2016, og tryggja að hver og einn sjóðfélagi haldi jafn verðmætum réttindum og orðið hefði í óbreyttu kerfi.

Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.

Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

Sjóðfélagar sem eru sjóðfélagar á árinu 2016 í A-deild LSR og/eða LSS/Brú skulu eiga rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar.

Þeir sjóðfélagar sem eru **sjóðfélagar á árinu 2016** ~~virkir greiðendur~~ í A-deild **LSR og/eða LSS/Brú** ~~á árinu 2016~~ og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu **eiga ávinna** ~~er~~ rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar ~~og starfa hjá aðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.~~

Þeir sjóðfélagar sem eru **sjóðfélagar á árinu 2016** ~~virkir greiðendur~~ í A-deild ~~á árinu 2016~~ og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka **á meðan þeir greiða til deildarinnar þar sem** ~~að~~ launagreiðandi þeirra hafi hefur samþykkt að greiða ~~er stakt~~ hækkað iðgjald fyrir sjóðfélaga ~~í samræmi við 8. mgr.~~

Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deilda á árinu 2016, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka ~~og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.~~

Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið ~~um tólf mánuði~~ vegna náms, veikinda eða fæðingar- **eða foreldraorlofs** sjóðfélaga.

Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild **LSR**, ~~sbr. þó 5. mgr.~~

Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda.

Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald til A-deilda sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. **Sjóðsstjórn A-deilda skal endurskoða þetta iðgjald þetta skal endurskoða** árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

Grein c. (X.) hljóðar svo:

c. (X.)

Launagreiðendur skulu fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

Óheimilt er að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins í fimm ár frá stofnun hans.

Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfelt í meira en fimm ár, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessi til samræmis.

b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.

Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.

c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opin-berra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.

Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í líf-eyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárbörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennara-samband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt.

Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

FÍN leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á c. lið (X) 7. gr. þannig að orðalagið og ákvæðin séu í samræmi við samkomulag aðila um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna:

c. (X.)

Launagreiðendur **Ríkissjóður** skal skulu fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

Óheimilt er að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins í fimm ár frá stofnun hans.

Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% ~~samefellt~~ **næstliðin** í meira en fimm ár, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessi til samræmis.

b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.

Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs, **þ.e.a.s af þeim hluta sem ríkissjóður hefur lagt til**, skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs ~~eða A-deildar~~.

c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skuldbinda **ríki og sveitarfélög sig** taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.

Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárförf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt.

Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

Einnig gerir FÍN tillögu um að eftirfarandi greinar verði settar inn til bráðabirgða:

„Skilgreining á sjóðfélaga: Sjóðfélagi er sá sem hefur greitt iðgjald til A-deildar LSR og/eða LSS/Brúar á árinu 2016 eða notið réttinda úr sjóðnum á árinu 2016. Hér er einnig átt við sjóðfélaga sem er launþegi í ráðningarsambandi við vinnuveitanda og hefur greitt í A-deild LSR og/eða LSS, en er í tímabundnu leyfi, s.s. launalaus leyfi, fæðingarorlofi, foreldraorlofi, námsleyfi eða veikindaleyfi á árinu 2016. Einnig er átt við sjóðfélaga sem hafa hafið töku lífeyris.“

„Lífeyrissjóðir LSR og LSS/Brúar skulu tryggja að ákvæði samþykktu um þau réttindi sem nú felast í A-deild kveði ekki á um lakari rétt en sjóðfélagar búa við nú.“

„Lífeyrissjóðir LSR og LSS/Brúar skulu tryggja að ákvæði samþykktu sjóðanna kveði á um að sjóðfélögum verði áfram gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku“

Í samkomulagi aðila kemur fram að markmiðið sé að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, að lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært, samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og að landsmenn geti fært sig á milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu. Því er lagt til að eftirfarandi bráðabirgðaákvæði verði sett inn:

„Breytingarnar á A-deild LSR og LSS/Brúar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og að lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu. Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og LSS/Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála.“

Í þessu samhengi er því gríðarlega mikilvægt að iðgjald í LSR og LSS/Brúar sé það sama fyrir alla sjóðfélaga. Einnig er gríðarlega mikilvægt að sjóðfélagar geti fært sig á milli vinnustaða og átt áfram rétt á lífeyrisaukanum ef þeir færa sig milli vinnumarkaða, t.d. af almenna markaðnum til ríkis/sveitarfélaga eða öfugt. Einungis er kveðið á um rétt þeirra sem færa sig milli LSS/Brúar og A-deildar LSR sbr. 7. gr. LSR-frumvarpsins, b-liður (IX), 7. mgr.

Því leggur FÍN til að eftirfarandi grein komi inn til bráðabirgða:

„Í samþykktum LSR og LSS/Brúar skal tryggt að ekki sé gert upp á milli sjóðfélaga sem lífeyrisaukinn nær til, þ.e.a.s. sjóðfélaga sem eru sjóðfélagar í A-deild LSR eða LSS/Brú á árinu 2016. Það skal tryggt að sjóðfélagar geti farið á milli vinnustaða óháð því hvort um sé að ræða vinnustað hjá hinu opinbera

eða á almennum markaði án þess að missa rétt til lífeyrisauka. Þetta ákvæði skal nánar útfært í samþykktum LSR og LSS/Brúar.“

Sé ekki fallist á þessa útfærslu þarf að tryggja í frumvarpinu að sjóðfélagar geti haldið áfram að greiða í A-deild LSR eða LSS/Brúar skipti þeir um starf (fari af opinberum vinnumarkaði yfir á almenna markaðinn og öfugt) og haldið lífeyrisauka með því annað hvort að greiða viðbótariðgjald sjálfir eða launagreiðandi viðkomandi ef um það næst samkomulag. Það sé því óbreytt frá núverandi kerfi að hægt sé að halda sér í A-deild ef viðkomandi uppfyllir skilyrði skv. 3. gr. núgildandi laga.

Niðurstaða:

Svo sátt geti orðið um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þarf umrætt frumvarp að tryggja óskert réttindi sjóðfélaga sem eru aðilar að A-deildum LSR og LSS/Brúar á árinu 2016. Þá þarf að tryggja að nýir sjóðfélagar hafi jöfn launakjör og sjóðfélagar sambærilegra sjóða á almennum vinnumarkaði.

Það er krafa FÍN að ofangreindar breytingar verði gerðar á fyrirliggjandi frumvarpi. Þannig telur félagið að hægt sé að koma í veg fyrir að sjóðfélagar í A-deildum beri skarðan hlut frá borði. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er það mat félagsins að mikill skaði hljótist af bæði fyrir núverandi sjóðfélaga og framtíðar sjóðfélaga.

Þar sem félagið er ekki sátt við þann gjörning BHM að undirrita samkomulag um lífeyrismál opinberra starfsmanna óskar FÍN eftir að fá að koma fyrir fjárlaganefnd til að fara í gegnum ákveðin lyklatríði í umsögninni og svara spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Marianna H. Helgadóttir, formaður

(sign)

Greinargerð:

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur veitt sína umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Breytingin sem um ræðir kemur við alla starfsmenn ríkisins, sem ekki eru sjóðfélagar í B-deildum LSR, til framtíðar og snertir einnig starfsmenn sem starfa á almennum vinnumarkaði og hafa samið við sinn launagreiðanda um að greiða hærra mótframlag í sjóðinn. Kerfisbreytingin sem slík á við sjóðfélaga í A-deildum LSR og LSS/Brú.

Samræming lífeyrisréttinda

FÍN vill koma því á framfæri að félagð er hlynnt því að samræming lífeyrisréttinda sé gerð á milli markaða, en félagið er ekki hlynnt því að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna séu rýrð frá því sem nú er. Jöfnun lífeyrisréttinda má aldrei vera jöfnun niður á við. FÍN telur að ekki þurfi að finna upp hjólið í þessu máli þar sem lífeyriskerfi opinberra starfsmanna tók svipuðum breytingum árin 1997/1998 þegar B-deildum var lokað og A-deildir voru stofnaðar.

Frá því að ljóst var að aðilar ætluðu í þá vegferð að breyta lífeyriskerfinu hefur FÍN viljað að A-deildum sjóðanna yrði lokað eins og gert var árin 1997/1998 þegar B-deildum var lokað og A-deildirnar stofnaðar hjá LSR og Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Í þeim breytingum gátu sjóðfélagar valið á milli þess að vera áfram í B-deildunum eða fara í nýja deild sem var A-deild. A-deildin var ekki lakari kostur, heldur var A-deildin annar valkostur.

Um þessa breytingu var sátt þar sem ekki var verið að taka nein réttindi af sjóðfélögum og sjóðfélagar höfðu val. FÍN telur að það hefði verið skynsamlegast að ganga frá málum með þeim hætti nú í stað þess að fara þá vegferð sem nú hefur verið farin með flóknu samkomulagi og ógagnsæju kerfi mörgum óvissuþáttum og leyndum áhættum.

FÍN er fylgjandi því að lífeyriskerfi verði eins fyrir alla launþega í landinu í komandi framtíð. Slík breyting þarf þó að gerast á eðlilegum hraða og má alls ekki leiða til þess að opinberir starfsmenn eða starfsmenn á almennum markaði beri skarðan hlut frá borði, tímabundið eða til lengri tíma.

Samkomulagið

Samkomulag liggur fyrir, <http://www.bhm.is/media/utgafa/Samkomulag-BHM-BSRB-og-KI-16-09-16.pdf>, milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) annars vegar og fulltrúa ríkisins og sveitarfélaga hins vegar um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Í því samkomulagi kemur fram að breytingarnar miði að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur verði hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess. Breytingarnar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og aðilar lýsa sig samþykka ákveðnum forsendum, markmiðum og ráðstöfunum um skipan málefna A deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Brúar (LSS). Ekki ríkir sátt um samkomulagið innan viðkomandi bandalaga. Svo mikil ósátt ríkir í raun að KÍ taldi sig knúð til að segja sig frá samkomulaginu þann 2. október sl.

Einnig eru ekki allir sáttir við samkomulagið innan aðildarfélaga BHM. Mörg aðildarfélög BHM töldu það betri valkost að samþykkja samkomulagið en að búa við þá óvissu sem fylgdi því að gera það ekki. Þess vegna er ekki hægt að halda því fram að umrætt samkomulag sé fullrýnt af stéttarfélagunum eins og fjármálaráðherra fullyrðir. Það er því rík ástæða til að alþingismenn setji sig vel inn í málið. Hér er verið að tala um gríðarlega kerfisbreytingu sem ekki verður aftur tekin. FÍN

krefst vandaðrar stjórnýslu og biður alþingismenn um að vinna sína vinnu af heilum hug, nú sem endranær.

Aðildarfélögum BHM var tjáð á formannaráðsfundum BHM að þeir fjármunir sem standa nú til boða verði mögulega ekki á borðinu síðar. Undir slíkum þrýstingi voru félög að taka ákvörðun um hvort undirrita ætti þetta samkomulag við ríkið og sveitarfélög eða ekki. Að mati FÍN eru þetta forkastanleg vinnubrögð sem eiga ekki að líðast.

Einnig verður að koma fram óánægja félagsins um málshraða. Mikilvæg mál sem þetta á ekki að vinna í þeim flýti sem raun ber vitni. Slíkur hraði er ávísun á mistök sem ekki verða aftur tekin.

FÍN telur að samningsaðilar hafi verið beittir óásættanlegum þrýstingi og tímapressu í þessu samningaferli. Það er því ekki rétt sem fjármálaráðherra, segir í framsöguræðu sinni, að búið sé að vinna að þessu í mörg ár. Því fer fjarri, það er búið að vera að ræða lífeyrismálin í mörg ár, en samkomulagið eins og það liggur fyrir núna er mögulega um það bil 2ja eða 3ja mánaða gamalt. FÍN er þó sammála fjármálaráðherra í því að það þurfi að vera breið samstaða um þetta mál, en sú er ekki raunin í dag. Málið er ekki fullþroskað hjá hagsmunaaðilum eins og ráðherra fullyrðir.

Samkomulagið er að mati FÍN engan veginn nógu vel unnið af samningsaðilum vegna þess hve stuttan tíma aðilum var gefið að rýna umrætt samkomulag, þó svo að umræðan hafi staðið lengi og ýmsar hugmyndir hafi verið ræddar í mörg ár, þá er ekki þar með sagt að góður tími hafi verið gefinn til að ganga frá þeim samningi sem nú er lagður á borðið.

FÍN telur að alþingismenn geti ekki leyft sér, í blindni og af þekkingarskort, að treysta á það að hagsmunafélög launþega hafi rýnt það með fullnægjandi hætti. Alþingismenn verða að rýna vel umrætt lagafrumvarp og taka af öll tvímæli um rétt opinberra starfsmanna og alla aðra núverandi sjóðfélaga í A-deild LSR við breytingu á lögum nr. 1/1997.

Meint umboðsleysi bandalaganna

Það er rétt að benda á að bandalög stéttarfélaga, BHM, BSRB og KÍ hafa í áranna rás skrifað undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála en það hafa þau að jafnaði gert án sérstaks umboðs frá hverju og einu stéttarfélagi sem hefur aðild að bandalaginu. Áður var þó um að ræða samkomulag bandalaganna um jafnverðmætan rétt eða betri rétt sjóðfélaga og eðli málsins samkvæmt gera stéttarfélög ekki athugasemdir við það að félagsmenn sínar fái betri lífeyrisrétt.

Í þessu máli er allt annað upp á teningnum þar sem samkomulagið felur í sér skerðingar á réttindum félagsmanna aðildarfélaga bandalaganna og því eðlilegt að sum aðildarfélög bandalaganna telji að bandalögin hafi undirritað samkomulagið í umboðsleysi.

Stéttarfélög og bandalög eiga að gæta hagsmuna sinna félagsmanna. Að semja lífeyrisréttindi af framtíðarstarfsmönnum ríkisins og breyta lífeyrisréttindum núverandi sjóðfélaga til verri vegar er að mati félagsins ekki góð hagsmunagæsla. FÍN telur að slíkt samræmist ekki hlutverki stéttarfélaga eða bandalaga.

Mikilvægt er að áréttast að samkomulagið snýr að lífeyrisréttindum okkar félagsmanna og það er almennt viðurkennt að lífeyrisréttindi séu órjúfanlegur hluti kjarasamninga. Sá skilningur aðila er reyndar margítrekaður í skýrslu vinnuhóps um endurskoðun lífeyrismála skv. 9. gr. stöðugleikasáttmálans dags. 25. júní 2009, <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2015/Skyrsla-03072015.pdf> en í þeirri skýrslu er fjallað um framtíðarsýn í lífeyrismálum.

FÍN hvetur alþingismenn til að lesa þá skýrslu og vil hér áréttta nokkur atriði sem koma fram í skýrslunni. Þar kemur fram:

- að mikilvægt sé að undirstrika að það er á valdsviði hvers og eins samningsaðila á vinnumarkaði hvernig staðið verður að því að ná fram umræddum breytingum þó aðilar vinnumarkaðarins hafi hér sameinast um framtíðarskipan lífeyrismála (bls. 8).
- að í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna við fjármálaráðherra 1980 voru tekin af öll tvímæli um að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna væru órjúfanlegur hluti af kjarasamningum (bls. 9).
- að við breytingar sem gerðar voru á lögum LSR þegar stofnuð var A-deild LSR og B-deild LSR um leið lokað var skrifað undir samkomulag milli fjármálaráðherra og samtaka opinberra starfsmanna (bls. 10).
- að Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga var stofnaður með samningi milli BHM, BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga (bls. 10).
- að eftir að heildarlöggjöfin var sett árið 1997, með ákvæðum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og viðbótarlífeyrissparnað, beri íslenskra kerfið helstu einkenni þriggja meginstoða sem Alþjóðabankinn mælir oft með og oft er vitnað til (bls. 14). Meginstoðirnar þrjár eru:
 - opinbert almannatryggingakerfi sem byggir á loforði um ákveðinn lágmarkslífeyri sem nær til allra og greiðir lífeyri, fastan eða tekjutengdan, sem er fjármagnaður með sköttum.
 - skyldutryggingakerfi undir opinberu eftirliti en rekið af einkaaðilum. Þetta kerfi byggir á iðgjaldagreiðslum sjóðsfélaga, sjóðssöfnun og samtryggingu að vissu marki. Þessi hluti kerfisins er sjálfbær og er víða byggður á kjarasamningum líkt og hér á landi.
 - frjáls einstaklingsbundinn viðbótarparnaður með hvatningu í gegnum skattkerfið og tilteknum bindingum um ráðstöfun.

FÍN er eitt með samningsumboð til kjarasamningsgerðar fyrir félagsmenn sína og hefur **ekki veitt BHM umboð til að semja um lífeyriskjör sinna félagsmanna með þessum hætti.**

Sjálfbærar A-deildir

Varðandi það hvort A-deild LSR sé sjálfbær, þá þarf að skoða það hve mikill hluti vanda A-deildar má rekja til þess hve margir sjóðfélagar í B-deild LSR völdu A-deild LSR þegar B-deild LSR var lokað á árunum 1997/1998. Því má gera ráð fyrir því að vandi B-deildar LSR í dag teygir sig yfir í A-deild LSR.

Það er því ekki ljóst hvort A-deildin, sem tegund lífeyriskerfis, sé sjálfbær eða ekki þar sem ekki hafa verið lagðir fram útreikninga þess efnis. Einnig liggur það í hlutarins eðli að ef bakabyrgðin afnumin getur sjóðsstjórn skert réttindi sjóðfélaga, þá mun sjóðsstjórn taka á mögulegum halla sjóðsins og skerða réttindi verði A-deildirnar ekki sjálfbærar.

Ekki hefur verið sýnt fram á neina útreikninga þess efnis sem sýna það að við þessar breytingar verði deildin sjálfbær.

Útreikningar liggja ekki fyrir

Mikilvægt er að alþingismenn viti hve litlar upplýsingar aðildarfélög BHM fengu í sínar hendur til að geta gert upp hug sinn og ákveða hvort samþykkja ætti samkomulagið. Aðildarfélög BHM hafa enga útreikninga undir höndum sem liggja að baki þessum kerfisbreytingum.

Sú fjárhæð sem lofað er í umræddu samkomulagi gæti því verið algjörlega úr lausu lofti gripin og því hefur félagið í raun engar forsendur til að veða og meta hvort 91,3 milljarðar króna sé nægjanleg eingreiðsla til að standa straum af lífeyrisréttindum núverandi sjóðfélaga eða hvort Varúðarsjóðurinn standi undir mögulegri bakábygð, þ.e.a.s. að tryggt sé með óbyggjandi hætti að verðmæti réttinda sjóðfélaga séu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingu. Af þessari ástæðu er einsýnt að félagið gat ekki samþykkt að undirrita slíkt samkomulag.

Aðildarfélög BHM hafa enga útreikninga undir höndum sem liggja að baki þessum kerfisbreytingum.

Sviðsmyndir eða dæmi um áhrif breytinganna á sjóðfélaga liggja ekki fyrir

Aðildarfélög BHM hafa ekki fengið í hendur sviðsmyndir eða dæmi um hvernig breytingarnar muni hafa áhrif á einstaka hópa sjóðfélaga miðað við mismunandi forsendur.

Er þá átt við að skoða dæmi um áhrif breytinganna út frá stöðu valdra einstaklinga sem eru á mismunandi stað í æviferli sínum, þ.e.a.s. mismunandi stað í aldri, launum og vinnumörkuðum. Einnig hefði þurft að skoða þau áhrif sem breytingin hefur eða gæti haft ef þessir einstaklingar lentu í áföllum, s.s. örorku, andláti eða öðru.

Ef ekki eru skoðuð dæmi um áhrifin af breytingunum miðað við mismunandi forsendur vitum við ekki hvaða áhrif þessi kerfisbreyting hefur á einstaka hópa sjóðfélaga.

Það er því illframtæklegt að átta sig á hvort breytingar á lögnum séu nægjanlega skýrar varðandi jaðartilfelli. Jaðartilfellið hefði þurft að skoða sérstaklega sem hefur ekki verið gert.

Lokun B-deilda og stofnun A-deilda - bakábygð

Með stofnun A-deilda árin 1997/1998 var sjóðfélögum lofað ákveðnum réttindum til æviloka og lífeyriskjörum á ævikvöldi, lífeyriskjörum sem eru betri en gengur og gerist á almennum markaði. Þessi lífeyriskjör eru hluti af kjarasamningsbundnum rétti launþega. Það er almennt viðurkennt. Við launasetningu opinberra starfsmanna hafa lífeyriskjör, veikindaréttur og starfsöryggi ávallt verið eitt af þeim þáttum sem hafa réttlætt þau launakjör sem opinberir starfsmenn hafa og eru oftast en ekki lakari en gengur og gerist á almennum markaði.

Að mati FÍN er mikilvægt er að tryggja að réttindi sjóðfélaga í nýju lífeyriskerfi verði ekki lakari en um hefur verið samið. Samkomulagið sjálft felur í sér skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga og lífeyrisréttindum framtíðarstarfsmanna ríkisins.

FÍN telur það sérkennilegt í þeirri umræðu um samræmingu lífeyrisréttinda að halda B-deild LSR alveg utan við allar breytingar á A-deild. Þó er B-deildin gríðarlega skuldsett og taka þarf á þeim vanda. Samræming lífeyrisréttinda á því ekki að ná til allra lífeyrissjóða. Það er því ekki hægt annað en að velta því fyrir sér hvers vegna þarf að breyta A-deildum en ekki B-deildum LSR og LSS/Brúar. FÍN grunar að skýringuna sé að leita í sparnaði ríkisins.

FÍN áttar sig á því hve mikla hagsmunir eru í húfi fyrir ríkið í þessu máli, að það náist í gegn. Það er ljóst að verði ekki þessi kerfisbreyting gerð, mun ríkið, sem launagreiðandi, þurfa að bera ábyrgð á

réttindum ríkisstarfsmanna og því er líklegt að ríkið, sem ríkissjóður, vilji gera hvað sem er til að losa ríkið, sem launagreiðanda, undan slíkri ábyrgð til að koma í veg fyrir óvænt eða mögulega mikil útgjöld, sem er hærri launakostnaður.

Það eru nokkur óvænt útgjöld handan við hornið. Með þessu frumvarpi á að **flytja alla bakábyrgðina yfir á sjóðfélaga til framtíðar**. Þetta er gríðarleg grundvallarbreyting sem margir hverjir átta sig ekki á og FÍN getur ekki fallist á að Varúðarsjóður til 20 ára með 8,4 milljörðum geti dekkjað slíka bakábyrgð til framtíðar.

Ríkisábyrgð eða bakábyrgð

Í samantekt á vef Alþingis um frumvarpið við framlagningu þess var sagt að verið væri að afnema ríkisábyrgð af lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna, þeirri samantekt hefur verið breytt eftir á. Það kom nefnilega spáskt fyrir sjónir þar sem ríkið hefur ítrekað sagt að á LSR sé ekki með ríkisábyrgð heldur bakábyrgð og því er FÍN sammála.

Hvort lífeyrisréttindi hafi ríkisábyrgð eða bakábyrgð er alls ekki sami hluturinn og mikilvægt að átta sig á þessum mun. Sú bakábyrgð sem er til staðar í dag á LSR er ekki ríkisábyrgð, ríkissjóður ber ekki ábyrgð á LSR. Það eru launagreiðendur, þ.m.t. ríkið, sem ber ábyrgð á að iðgjöldin nægi til að sjóðurinn standi undir sér. Það er í höndum sjóðsstjórnar LSR að ákveða mótframlag launagreiðanda í A-deild LSR.

Bakábyrgð ríkisins sem launagreiðanda í A-deild LSR og bakábyrgð sveitarfélaganna sem launagreiðanda í A-deild LSS er því ómetanleg fyrir sjóðfélaga þessara deilda. Því til áréttingar er rétt að benda á ársskýrslu LSR (http://www.lsr.is/media/frettir/Arsskyrsla_2015.pdf) þar sem segir: „Miðað við núgildandi lög skal stjórn sjóðsins gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta af fjárhag hans með því að hækka iðgjald launagreiðenda“ (bls. 48).

Bakábyrgð sjóðsins er ómetanleg, þar sem hún tekur ætíð við öllum áföllum sem steðja að sjóðnum, þ.e. áföll eru á ábyrgð launagreiðanda. Hið opinbera er því að breyta þessu kerfi til að koma í veg fyrir að aukin kostnaður lendi á sér, sem launagreiðanda.

FÍN getur ekki fallist á að bakábyrgð launagreiðanda (þ.e.a.s. ríkisins, sveitarfélaga og launagreiðenda á almennum markaði) sé látin niður falla og að ábyrgð á lífeyrissjóðnum verði þannig eingöngu á sjóðfélögum.

Varúðarsjóðurinn sem á að koma í stað þessarar bakábyrgðar er ekki jafn verðmætur og bakábyrgðin sjálf þegar horft er til framtíðar.

Skuldsetning A-deildar

Alþingi hefur meðvitað heimilað stjórn LSR með lagasetningu að reka sjóðinn með halla í nokkur ár (sjá nánar t.d.: <http://www.althingi.is/altext/140/s/0245.html>).

Sá halli hleypur nú á 57 milljörðum sem er hluti af þeim 91,3 milljörðum króna sem ríkið lofar nú sem eingreiðslu inn í sjóðinn. Ef ríkið hefði ekki sett í lög þessa heimild þá hefði sjóðstjórn þurft að hækka iðgjöld launagreiðanda um ca. 4% til að standa straum af hallanum. Það setur því úgg að félaginu og það veltir fyrir sér hvort sjóðfélagar LSR beri skarðan hlut frá borði með samkomulaginu sem nú hefur verið gert og engir útreikningar liggja fyrir.

Félagið telur það einkennilegt að halli deildarinnar á síðustu 18 árum skuli vera kominn í 57 milljarða en eingreiðsla ríkisins til tryggingar framtíðarréttindum sjóðfélaga, næstu 20 árin, skuli aðeins nema um um 34,3 milljörðum króna.

Formenn aðildarfélaga BHM ekki fengið kostnaðarútreikninga sem liggja að baki breytingunum þrátt fyrir að hafa kallað ítrekað eftir þeim og sviðsmyndum um áhrif breytinganna á sjóðfélaga.

Skylduaðild launþega að lífeyrissjóði

Alþingi hefur sett lög sem skylda launþega, með lögum, að greiða í lífeyrissjóð þegar þeir eru á vinnumarkaði en engin trygging er fyrir hendi til handa sjóðfélaga að hann geti gengið að þeim réttindum vísam, þegar þeir hefja töku lífeyris, sem þeir telja sig vera að ávinna sér með greiðslum í lífeyrissjóði. Sjóðfélagi hefur oft ekki val um hvaða lífeyrissjóð hann greiðir í, þar sem stundum ákvæði í lögum eða kjarasamningum stéttarfélaga hvert lífeyrisiðgjöld skuli renna. Því verður að hafa það í huga að ríkisstarfsmenn hafa verið með skylduaðild LSR.

Lögum samkvæmt ber launþega skylda til þess að greiða í lífeyrissjóð alla ævi ef hann er á vinnumarkaði og því er það eðlileg krafa, að mati FÍN, að sjóðfélögum séu tryggð ákveðin trygging fyrir greiðslum úr lífeyrissjóðum, hvort sem sjóðfélaginn starfar á almennum eða opinberum markaði.

Við nánari umhugsun þá er ekki óeðlilegt að velta því fyrir sér hvers vegna launagreiðendur beri ekki meiri ábyrgð á réttindum launþega sinna í lífeyrissjóðum. Fulltrúar atvinnurekanda sitja í stjórnnum lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðirnir eru að fjárfesta í hlutabréfum atvinnurekanda og lífeyrissjóðirnir eru að taka þátt í að fjármagna framkvæmdir atvinnurekanda. Þetta gera stjórnir lífeyrissjóðanna í þeirri von að fjármunir sjóðfélaga muni fá góða ávöxtun.

Gangi atvinnulífið illa og ef lífeyrissjóðirnir tapa á fjárfestingum eða á slíkum framkvæmdum þá er gert ráð fyrir því, á almennum markaði, að lífeyrissjóðurinn beri það tap, þ.e.a.s. sjóðfélagar í viðkomandi sjóði. Verði fyrirséð að lífeyrissjóður á almennum markaði stendur ekki undir réttindum sjóðfélaga þá hefur verið farin sú leið að skerða réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðunum.

Það ætti að sjálfsögðu að vera bakábyrgð atvinnurekanda að baki réttindum sjóðfélaga þannig að atvinnurekandur, sem launagreiðendur, ættu að bera það tjón en ekki sjóðfélagi. Það er slík bakábyrgð sem nú liggur fyrir að eigi að afnema í þessu frumvarpi. Það skítur svolítið skökku við að það er talin ástæða til þess að tryggja innistæður í bönkum en það er ekki talin ástæða til að tryggja ævisparnað lífeyrisþega.

Fjárfurtafrefkir lífeyrissjóðir - Örorka

Önnur umræða, sem ekki verður farið djúpt í hér þó hún sé mjög mikilvæg. Hún snýr að því hvers vegna ákveðnir lífeyrissjóðir eru svona fjárfurtafrefkir. Skýringin getur m.a. verið sú að ákveðnir sjóðfélagar þurfa að bera örorkubyrðni sinna sjóðfélaga.

Almenna tryggingakerfið ætti að bera örorkubyrði þegnanna. Hægt væri að nota iðgjaldagreiðslur til að reikna út réttindi úr almennatryggingakerfinu. Það væri skynsamlegra að lífeyrissjóður væri eingöngu til þess að greiða út ellilífeyri. Sá sem hefði greitt í lífeyrissjóð og fer á örorku frá almenna tryggingakerfinu myndi þá greiða af sínum tekjum inn í lífeyrissjóð. Þegar sá aðili sem hefur verið á örorku úr almennatryggingakerfinu og fer á ellilífeyri þá tekur lífeyrissjóðurinn við greiðslunum.

Það er ljóst að örorkubyrði lífeyrissjóðanna er að rýra réttindi hins vinnandi sjóðfélaga. Ríkissjóður, samfélagið, ætti alfarið að taka að sér að greiða örorkubætur.

Launakjör og réttindi framtíðar starfsmanna hins opinbera

Samkomulag aðila um breytingar á kerfinu er að mati FÍN ekki þannig úr garði gert að réttindi sjóðfélaga séu að öllu leyti tryggð og réttindi framtíðar starfsmanna hins opinbera eru ekki til umræðu í samkomulaginu. Þau eru skilin eftir í lausu lofti sem kallar á ýmis ófyrirséð vandamál og deilur innan félagsins sem utan þess. Það er ljóst að réttindi þeirra verða ekki þau sömu og núverandi starfsmanna hins opinbera. Framtíðarstarfsmenn ríkisins munu því, að öllu óbreyttu, vera með sömu laun og núverandi opinberir starfsmenn, laun sem eru ekki sambærileg við almenna markaðinn, og lakari lífeyrisréttindi.

Þá er mikilvægt að átta sig á að það er þannig í pottinn búið að fjárhæð launa skiptir máli þegar viðkomandi sjóðfélagi fer á lífeyri, hvort sem um er að ræða sjóðfélaga sem greiðir í aldurstengt lífeyriskerfi eða jafnávinnskjerfi. Fjárhæð launa myndar stig til réttinda. Einnig eru margir félagsmenn okkar langskólagegnir og eru með að lágmarki 3ja ára háskólanám. Okkar fólk kemur síðar inn á vinnumarkaðinn en ófaglærðir og oft með námslánaskuldir á bakinu. Eðli málsins samkvæmt er tíminn sem langskólagegnir hafa til að safna sér iðgjaldastiga í hinu nýja kerfi styttri en þeirra sem ekki fara í háskóla.

Launakjör háskólamenntaðra eru í mörgum tilvikum sambærileg við launakjör þeirra sem ekki eru með háskólamenntun. Það er því með öllu óásættanlegt að jafna niður lífeyrisréttindi framtíðarstarfsmanna ríkisins án þess að launaleiðréttingar séu gerðar samhliða.

Það er því með öllu óásættanlegt að þessi breyting sé gerð án þess að bætur eða hærri laun komi til. Það er mat FÍN að það verður að breyta launum ríkisstarfsmanna, þ.e.a.s. að launasetningin verði nær launasetningu almenna markaðarins, samhliða breytingum á lífeyriskerfinu.

Í 7. gr. samkomulagsins kemur fram að taka eigi 6-10 ár í að greina vandann vegna lakari launasetningar opinbera markaðarins í samanburði við almenna markaðinn. Finna á leiðir til að taka á vandanum næsta áratuginn. Að mati FÍN er 7. gr. samkomulagsins eingöngu fögur fyrirheit. Í henni eru engar marktækar áætlanir og óljóst er hverju samkomulagið mun að endingu skila.

Að mati FÍN hefði verið eðlilegt að gera eftirfarandi atriði samhliða:

1. Semja um nýtt vinnumarkaðsmódel
2. Semja um launaleiðréttingar á launakjörum opinberra starfsmanna
3. Semja um breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna

Í 7. gr. samkomulagsins er settur ákveðinn rammi sem FÍN getur ekki samþykkt. Þar er verið að fastsetja eða áætla leyfilegar launabreytingar til framtíðar á launum einstakra hópa samhliða því að festa aðildarfélag BHM inn í svokölluðu SALEK samstarfi. Einnig getur félagið ekki fallist á að fela utanaðkomandi aðilum að sjá um það mat eða ákveða hvort félagsmenn FÍN séu næstir í röðinni eða eitthvað annað stéttarfélag. FÍN er stéttarfélag og gerir kjarasamninga og semur um réttindi fyrir sína félagsmanna.

Í þessu sambandi verður að nefna að fjármálaráðgjafi, í framsöguræðu sinni um frumvarpið, að þessi breyting á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna væri ein varðan að nýju vinnumarkaðsmódeli á Íslandi sem hann taldi að bráðnauðsynlegt væri að koma á og að áfram yrði unnið að. Hann ræddi um það að SALEK samkomulagið væri hluti af þessu til að hægt væri yfir höfuð að jafna launakjör milli markaða og koma í veg fyrir frekara höfrungahlaup.

FÍN er alls ekki sammála þessu og mun ekki samþykkja að undirrita SALEK samkomulagið eins og látið er í veðri vaka að sé næsta skref samhliða breytingu á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Það þarf að ganga betur frá 7. gr. samkomulagsins sem núna liggur fyrir áður en slíkt verður gert.

Sjóðfélagar eru að öllu óbreyttu læstir inni í kerfinu

Félagsmenn FÍN starfa hjá ríkinu, sveitarfélögum og á almennum markaði. FÍN er stærsta félagið á almennum markaði innan BHM. Í dag geta félagsmenn FÍN á almennum markaði samið um hærra mótframlag og verið í LSR þar sem lagaákvæði er til staðar um að félagsmenn í aðildarfélögum BHM geti greitt í A-deild svo fremi að launagreiðandi semji um og undirgengst hærra mótframlag. Félagsmenn geta því auðveldlega skipt um starf og farið á milli vinnumarkaða án þess að skipta um lífeyrissjóð eins og staðan er í dag. Að öllu óbreyttu verður félagsmönnum torveldara að fara á milli markaða verði frumvarpið samþykkt eins það lítur út í dag.

Með frumvarpinu eins og það er í dag er verið að læsa félagsmenn inni og koma í veg fyrir að þeir geti með auðveldum hætti skipt um vinnu og farið á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar. Þeir geta átt á hættu að missa framtíðarréttindi sín og eiga þá aðeins möguleika á geymdum réttindum í hinu gamla kerfi, sem er verið að leggja af. Þetta er gríðarlegt hagsmunamál og því getur FÍN ekki fallist á þessa breytingu á lífeyriskerfinu að öllu óbreyttu.

Það er þó hægt að gera ákveðnar breytingar á frumvarpinu til að tryggja að félagsmenn geti farið fyrirhafnarlaust á milli markaða með því að hafa skýr ákvæði um það í lögum um að núverandi sjóðfélögum sé heimilt að fara á milli markaða og að þeir eigi rétt á hækkuðu mótframlagi atvinnurekanda, bæði á almennum markaði og ríkinu. Eins og frumvarpið lítur út í dag er það ekki rétt sem fjármálaráðherra sagði í framsöguræðu sinni, að með þessari breytingu væri launafólki gert betur kleift að fara á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi teljandi áhrif á ávinnslu lífeyrisréttinda.

FÍN áréttar að það er ekki tryggt í frumvarpinu að launamenn geti flutt sig til á milli markaða og því þarf að breyta frumvarpinu svo það endurspegli þann vilja sem lesa má úr orðum fjármálaráðherra.

Samspil samkomulagsins og frumvarpsins

Í umræddu samkomulagi hafa aðilar sett niður ákvæði um markmið, forsendur, gildistöku, breytingar á lögum og samþykktum, þar stendur:

Markmið og forsendur:

- a) Lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.
- b) Unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er.
- c) Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu. Við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðfélaga sérstaklega tryggð.
- d) Útgjaldaskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna A-deilda LSR og Brúar verði sambærilegar við það sem orðið hefði miðað við núverandi skipan.

Gildistaka breytinga á lögum og samþykktum:

- a) Að breytt skipan lífeyrismála taki gildi 1. janúar 2017 og **samhliða falla almenn lagaákvæði um A-deild LSR** úr gildi.
- b) A-deild LSR starfi skv. almennum lögum um lífeyrissjóði og, að takmörkuðu leyti, lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verða réttindi sjóðfélaga byggð á samþykktum.
- c) Samhliða verði samþykktum Brúar breytt til að endurspeglar efni samkomulags þessa.

Í kaflanum um breytta ávinnslu réttinda kemur fram:

- a. Framtíðarskipan lífeyriskerfisins byggi á skilgreindum iðgjöldum í stað skilgreindra réttinda.
- b. Ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verði aldurstengd en ekki jöfn líkt og nú er.
- c. Lífeyristökualdur hækki 1. janúar 2017 úr 65 árum í 67 ár, en sjóðfélögum verði áfram gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku.
- d. Við framangreindar breytingar verði verðmæti réttinda núverandi sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Í kaflanum um fjármögnun skuldbindinga vegna núverandi sjóðfélaga kemur fram

- a. Breyting úr jafnri í aldurstengda ávinnslu réttinda, ásamt hækkun lífeyristökualdurs úr 65 í 67 ár, veldur að öðru óbreyttu skerðingu réttinda sem er háð aldri sjóðfélaga. Launagreiðendur munu leggja sjóðunum til skilgreind framlög, sem byggja á tryggingafræðilegu mati á þessari skerðingu. Nánar er kveðið á um framlög þessi í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál sem staðfestur er í tengslum við samkomulag þetta.
- b. Til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga þarf að leggja A-deild LSR til um 91,3 milljarða kr. og A-deild Brúar um 28,1 milljarða kr. að núvirði. Framlögin mynda svokallaða lífeyrisaukasjóði. Fjárhæðirnar eru byggðar á núgildandi tryggingafræðilegum forsendum að öðru leyti en því að horft er til lífslíknna m.v. reynslu árána 2010-2014.
- c. Lífeyrisaukasjóðir verða hluti af hreinni eign A-deilda LSR og Brúar og nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar að iðgjaldgreiðslur samsvari réttindum núverandi sjóðfélaga og tryggja þannig að hver og einn sjóðfélagi haldi jafn verðmætum réttindum og orðið hefði í óbreyttu kerfi.
- d. Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A- deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum í þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðasamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóttast, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðfélag en um endurkröfu fer skv. fyrirliggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðfélaga.

Í kaflanum um Varúðarsjóði kemur fram:

- a. Ábyrgð launagreiðenda á breytilegu iðgjaldi A-deilda LSR og Brúar verði afnumin 1. janúar 2017 enda séu framtíðarskuldbindingar viðkomandi launagreiðenda að fullu tryggðar.

b. Launagreiðendur leggja til tiltekin framlög í sérstaka varúðarsjóði. Hlutverk varúðarsjóða er að styðja við lífeyrisaukasjóði A-deilda LSR og Brúar. Vísað er til Viðauka 1 og Viðauka 2 við samkomulag þetta um hlutverk sjóðanna.

Að lokum er í samkomulaginu ákvæði um jöfnun launa, en þar kemur m.a. fram að það sé sameiginleg stefna fulltrúa opinberra launagreiðenda og bandalaga opinberra starfsmanna að laun og önnur kjör hjá hinu opinbera séu samkeppnisfær. Vinna þarf sérstaklega að því að jafna laun einstakra hópa milli almenns og opinbers vinnumarkaðar og munu aðilar beita sér fyrir því að sérstaklega verði unnið að slíkri launajöfnun. Þetta gildir einnig um laun og kjör félagsmanna sem hefja störf í nýju aldurstengdu lífeyriskerfi.

Fyrirséð er að það er langt í land að jöfnun launa verði að raunveruleika fyrir stóran hóp ríkisstarfsmanna. Það er því áreittað að mikilvægt er að frumvarpið endurspegli að lágmarki það sem um er rætt í samkomulaginu verði það að lögum og að tekin séu af öll tvímæli í lögum um hver skilningurinn á að vera.

FÍN hefur sett upp töflu til að átta sig á samspili samkomulagsins og frumvarpsins, sjá minnisblað FÍN í fylgiskjöllum, og leggur áherslu á að þar sem umrætt samkomulag hefur verið undirritað þá verði alþingismenn að fara málefnalega í gegnum það og færa frumvarpið til betri vegar þannig að það endurspegli að lágmarki það sem um var samið.

Breyttar lífslíkur

Þrátt fyrir að frumvarpið komi ekki inn á breyttar töflur um lífslíkur sjóðfélaga telur FÍN nauðsynlegt að nefna þær í umsögn sinni. Handan við hornið er kostnaðarsöm breyting í vændum sem mun, í breyttu kerfi, falla alfarið á sjóðfélaga. Það eru skerðingar í farvatninu sem munu koma við alla lífeyrissjóði landsmanna og ekki sanngjarnt að um það sé ekki rætt þegar verið er að taka bakábygðina af LSR. Það liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir muni taki upp nýjar töflur um lífslíkur innan skamms. Þessar töflur eiga að gefa réttari mynd af lífslíkum sjóðfélaga og þannig öruggari útreikninga um hver fjárhagsleg byrði lífeyrissjóðanna muni verða í framtíðinni.

Nýjar töflur um lífslíkur hafa þau áhrif að útgjaldabyrði lífeyrissjóða mun aukast að öllu óbreyttu. Sjóðsstjórnir í almennum lífeyrissjóði geta aðeins beitt einni aðferð til að koma á móts við þennan kostnað, þeir verða að skerða réttindi sjóðfélaga og það er þekkt að þeirri aðferð sé beitt á almennum markaði. Vegna bakábygðar A-deildar LSR, sem er til staðar í dag, þá myndu þessar breytingar hafa þau áhrif að sjóðsstjórnir A-deildar LSR yrðu að hækka mótframlag launagreiðanda til að standa undir réttindum sjóðfélaga í A-deild LSR. Ef þessi bakábygð er afnumin í þessu frumvarpi þá munu sjóðsstjórnir LSR þurfa að gjaldfella réttindi sjóðfélaga.

Helsta ógnin sem launþegar standa þá frammi fyrir er sú að Alþingi/ríkisvaldið ákveði einhliða að hækka lífeyristökualdur allra landsmanna þegar nýjar töflur um lífslíkur taka gildi. Samhliða þeirri breytingu myndi vera gerð breyting á lögum um almenna lífeyrissjóði um að lífeyrisaldur færi upp í 70 ár án nokkurra bóta. Það væri almennt mikil rýrnun á réttindum allra landsmanna, almennt hækkaði lífeyrisaldurinn um 3 ár (úr 67 árum í 70 ár) og um 5 ár fyrir opinbera starfsmenn, þ.e. úr 65 ára aldri til 70 ára. Þessi ár eru mjög verðmæt og vart hægt að meta að fullu til fjár.

Verði nýjar töflur um lífslíkur ekki kostaðar með hækkun lífeyrisaldurs eru allar líkur á því að réttindi sjóðfélaga í sjóðum lífeyrissjóða verði almennt skert til að standa straum af þeim. Um nýjar töflur um

lífslíkur hefur t.d. verið fjallað á ársfundi LSS: <http://www.lifbru.is/static/files/Brupdf/fundargerð-arsfundar-lss-2016.pdf>.

Afstaða FÍN til samkomulagsins

Í lok ágúst sl. gerði FÍN formannaráði BHM ljósa afstöðu sína í áliti sem það sendi formannaráðinu, sjá fylgiskjal: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0825---Afstada-FIN-um-tillogur-FJR-og-SNS-um-breytingar-a-fyrirkomulagi-lifeyrismala.pdf>. Þar kemur fram að FÍN muni ekki semja um né samþykkja breytingar á lífeyrisherfi opinberra starfsmanna sem fela í sér skerðingu á réttindum eða kjörum núverandi eða framtíðar félagsmanna FÍN.

Aftur á móti lýsti FÍN sig reiðubúið til að ræða um að breyta lífeyrisherfi opinberra starfsmanna þó aðeins þannig að ef nýtt kerfi fæli í sér skerðingu á lífeyrisréttindum þá yrði það bætt upp í launum eða með öðrum hætti.

FÍN tjáði formannaráði BHM að það væri tilbúið til að vinna að samkomulagi um framtíðarlífeyrisherfi fyrir opinberra starfsmenn og samhliða því semja í kjarasamningum um kaup og kjör, þannig að um yrði að ræða sambærileg launakjör og eru á almennum markaði.

Jafnframt lagði FÍN til að samningsaðilar myndu byrja á réttum enda, þ.e.a.s byrja á því að vinna að samningum um nýtt framtíðarlífeyrisherfi og launasetningu fyrir framtíðar starfsmenn ríkisins, án tímapressu eða óeðlilegs þrýstings.

FÍN lagði til að aðilar myndu útfæra nýtt lífeyrisherfi með það að leiðarljósi að sjóðfélagar í A-deild LSR og A-deild LSS gætu frekar kosið nýtt lífeyrisherfi þar sem launasetning yrði betri, þ.e. sambærileg laun við almenna markaðinn.

Við atkvæðagreiðslu á formannaráðsfundi BHM þann 9. september sl. ítrekaði félagið afstöðu sína með eftirfarandi bókun, sjá nánar: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0909---Afstada-FIN.pdf>. Í bókuninni kom eftirfarandi fram:

- Stjórn FÍN telur að ekki sé hægt að samþykkja samkomulagið þar sem það innihaldi of marga óvissuþætti, s.s samþykktir sjóða sem liggja ekki fyrir, óvissu um réttindi sjóðfélaga sem nú fara samkv. II kafla laga nr. 1/1997 (örorka, makalífeyri og barnalífeyri), sem geta falið í sér skerðingu á réttindum sjóðfélaga.
- Stjórn FÍN telur mikilvægt að útreikningar liggi fyrir og að teknar séu út sviðsmyndir til skýringar.
- Stjórn FÍN telur ótækt að kjör nýrra sjóðfélaga séu ekki tryggð.
- Stjórn FÍN telur að markmið samkomulagsins um að auðvelda sjóðfélögum að fara á milli markaða sé ekki náð.

Fylgiskjöl:

1. Samkomulag Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna: <http://www.bhm.is/media/utgafa/Samkomulag-BHM-BSRB-og-KI-16-09-16.pdf>
2. Afstaða FÍN, lagt fram í formannaráði BHM þann 28. ágúst 2016: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0825---Afstada-FIN-um-tillogur-FJR-og-SNS-um-breytingar-a-fyrirkomulagi-lif>
3. Afstaða FÍN, lagt fram í formannaráði BHM þann 9. september 2016: <http://www.fin.is/media/samningar/16-0909---Afstada-FIN.pdf>
4. Skýrsla: [Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun lífeyrismála skv. 9. gr. stöðugleikasáttmálans \(drög\).](#)
5. Minnisblað FÍN, dags. 27. september 2016, samantekt á ákvæðum frumvarpsins, samkomulagsins og gildandi lögum.

Minnisblað FÍN - Samantekt

Samkomulagið – Frumvarsdrögin - Gildandi lög

- Frumvarp til breytinga á lögum staðsett í miðjunni og er í rétttri röð eins og það er fram sett á Alþingi.
- Texta úr samkomulaginu er skeytt við frumvarpið vinstra megin.
- Valin eru út atriði úr gildandi lögum hægra megin, sem eiga við, þ.e.a.s. borin eru saman breytingar á núverandi lögum sem eru áætluð í frumvarpinu.

Samkomulag BSRB, BHM, KÍ við ríki og sveit	Frumvarp til breytinga á lögum nr. 1/1997	Gildandi lög nr. 1/1997
	<p>1. gr.</p> <p>2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.</p>	<p>I. kafli. Almenn ákvæði.</p> <p>■ 1. gr. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.</p> <p><input type="checkbox"/> Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur.</p>
	<p>2. gr.</p> <p>3. gr. laganna fellur brott.</p>	<p>■ 3. gr. Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvæðana samkvæmt [lögum um kjararáð].¹⁾ [Ákvæði 1. másl. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn.]²⁾ Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.</p> <p><input type="checkbox"/> Starfsmenn annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessara laga, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild hans, kjósi þeir að nýta sér heimild 4. mgr. 4. gr., og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðjald þeirra vegna til sjóðsins skv. 13. gr. Sama gildir um þá hjúkrunarfræðinga sem hefur verið skylt að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna en kjósa fremur aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og hvílir þá sama skylda á launagreiðendum þeirra um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins.</p> <p><input type="checkbox"/> Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólanna og</p>

		<p>Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Nánar skal kveðið á um aðild þessa í samþykktum sjóðsins.</p> <p><input type="checkbox"/> Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggi samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skulu vera í samþykktum hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.</p>
<p>Ábyrgð launagreiðenda á breytilegu iðgjaldi A-deilda LSR og Brúar verði afnumin 1. janúar 2017 enda séu framtíðarskuldbindingar viðkomandi launagreiðenda að fullu tryggðar.</p>	<p>3. gr.</p> <p>II. kafli laganna, A-deild lífeyrissjóðsins, 12.–21. gr., fellur brott.</p>	<p>II. kafli. A-deild lífeyrissjóðsins.</p> <p>■ 12. gr. A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.–21. gr. sérstaklega um deildina.</p> <p>■ 13. gr. [Stofn til iðgjalds til A-deilda sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.]¹⁾</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deilda sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.</p> <p><input type="checkbox"/> Launagreiðendur greiða að lágmarki [8%]²⁾ af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deilda sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. [Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt móttframlagi launagreiðenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi</p>

		<p>við niðurstöðu athugunarinnar.³⁾ Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram [8%]²⁾ af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.</p> <p><input type="checkbox"/> Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.</p> <p><input type="checkbox"/> Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.</p> <p>¹⁾L. 142/1997, 1. gr. ²⁾L. 167/2006, 4. gr. ³⁾L. 157/2011, 1. gr.</p> <p>■ 14. gr. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.</p> <p><input type="checkbox"/> Stig hvers árs reiknast þannig að í árslau sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.</p> <p><input type="checkbox"/> Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.</p> <p><input type="checkbox"/> Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.</p> <p>■ 15. gr. Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.</p> <p><input type="checkbox"/> Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót</p>
--	--	--

		<p>eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.</p> <p><input type="checkbox"/> Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> 16. gr. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.</p> <p><input type="checkbox"/> Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.</p> <p><input type="checkbox"/> Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarsögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. [Trúnaðarlæknir sjóðsins]¹⁾ skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.</p> <p><input type="checkbox"/> Heimilt er, að fengnu álit [trúnaðarlæknis sjóðsins],¹⁾ að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess</p>
--	--	--

		<p>stigafjöldi sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:</p> <p>a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,</p> <p>b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,</p> <p>c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.</p> <p><input type="checkbox"/> Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati [trúnaðarlæknis sjóðsins]¹⁾ eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.</p> <p><input type="checkbox"/> Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.</p> <p><input type="checkbox"/> Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.</p> <p><input type="checkbox"/> Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá</p>
--	--	--

		<p>starfsorkuserðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.</p> <p><input type="checkbox"/> Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.</p> <p><input type="checkbox"/> Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. eða 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.</p> <p><input type="checkbox"/> Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.</p> <p><input type="checkbox"/> Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.</p> <p><input type="checkbox"/> Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.</p> <p><input type="checkbox"/> Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.</p> <p><input type="checkbox"/> Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.</p> <p><input type="checkbox"/> Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru</p>
--	--	---

		<p>reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.</p> <p>¹⁾<u>L. 142/2003. 1. gr.</u></p> <p><input checked="" type="checkbox"/> 17. gr. Nú andast sjóðfélagi sem naut eili- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.</p> <p><input type="checkbox"/> Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.</p> <p><input type="checkbox"/> Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.</p> <p><input type="checkbox"/> Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.</p> <p><input type="checkbox"/> Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.</p> <p><input type="checkbox"/> Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í</p>
--	--	--

		<p>samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.</p> <p><input type="checkbox"/> Réttthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga ...¹⁾ eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð [tveggja einstaklinga]¹⁾ sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. ...¹⁾ Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.</p> <p>¹⁾L. 65/2010, 39. gr.</p> <p>■ 18. gr. Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.</p> <p><input type="checkbox"/> Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.</p> <p><input type="checkbox"/> Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap</p>
--	--	---

		<p>eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.</p> <p><input type="checkbox"/> Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.</p> <p><input type="checkbox"/> Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.</p> <p>■ 19. gr. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.</p> <p><input type="checkbox"/> Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.</p> <p>■ 20. gr. Í samþykktum sjóðsins er heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga.</p> <p>■ 21. gr. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.</p> <p><input type="checkbox"/> Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrrsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.</p>
	<p>4. gr.</p> <p>Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. másl. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.</p>	<p><input type="checkbox"/> Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II.</p>

		Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða úppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.] ²⁾
	<p>5. gr.</p> <p>Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:</p> <p>a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykka A-deildar.</p> <p>b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykka.</p>	<p>[39. gr. Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.</p> <p>Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris. Á sama hátt skal við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein miða við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.</p> <p>Ákvæði 4. mgr. 15. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga A-deildar vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.</p> <p>Ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.]1)</p>
	<p>6. gr.</p> <p>Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.</p>	<p>Ákvæði til bráðabirgða.</p> <p>I. Félagsmenn í stéttarfélögum, sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, hefðu átt skylduáðild að þessum sjóðum, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn, þó svo að ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna taki ekki til þeirra, og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins samkvæmt ákvæðum 13. gr. laganna.</p> <p>II. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997–99.</p>
Þessar breytingar miða að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur verði hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess.		
Breytingarnar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.		
Lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.		

Unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er.		
Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu.		
Við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðfélaga sérstaklega tryggð.		
Útgjaldaskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna A-deilda LSR og Brúar verði sambærilegar við það sem orðið hefði miðað við núverandi skipan.		
<p>Breytt skipan lífeyrismála taki gildi 1. janúar 2017 og samhliða falla almenn lagaákvæði um A-deild LSR úr gildi.</p> <p>A-deild LSR starfi skv. almennum lögum um lífeyrissjóði og, að takmörkuðu leyti, lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verða réttindi sjóðfélaga byggð á samþykktum.</p>	<p>7. gr.</p> <p>Við lögina bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:</p> <p>a. (VIII.) Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skylduþryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykka er fyrir sjóðinn gilda.</p> <p>Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016.</p>	
<p>Launagreiðendur munu leggja sjóðunum til skilgreind framlög, sem byggja á tryggingafræðilegu mati á þessari skerðingu.</p> <p>Til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga þarf að leggja A-deild LSR til um 91,3 milljarða kr. og A-deild Brúar um 28,1 milljarða kr. að núvirði.</p> <p>Lífeyrisaukasjóðir verða hluti af hreinni eign A-deilda LSR og Brúar og nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar að iðgjaldagreiðslur samsvari réttindum núverandi sjóðfélaga og tryggja þannig að hver og einn sjóðfélagi haldi jafn verðmætum réttindum og orðið hefði í óbreyttu kerfi.</p>	<p>b. (IX.) Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91,279 ma.kr. framlag til A-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr.</p>	
Fjárhæðirnar eru byggðar á núgildandi tryggingafræðilegum forsendum að öðru leyti en því að horft er til lífslíkna m.v. reynslu árána 2010-2014.	Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015 að öðru leyti en því að miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010-2014.	
<p>Breyting úr jafnri í aldurstengda ávinnslu réttinda, ásamt hækkun lífeyristökualdurs úr 65 í 67 ár, veldur að öðru óbreyttu skerðingu réttinda sem er háð aldri sjóðfélaga.</p> <p>Ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verði aldurstengd en ekki jöfn líkt og nú er.</p>	Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.	

<p>Framtíðarskipan lífeyriskerfisins byggi á skilgreindum iðgjöldum í stað skilgreindra réttinda.</p>		
<p>Við framangreindar breytingar verði verðmæti réttinda núverandi sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.</p> <p>Lífeyristökualdur hækki 1. janúar 2017 úr 65 árum í 67 ár,</p>	<p>Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.</p>	
<p>en sjóðfélögum verði áfram gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku</p>		
<p>Framlöggin mynda svokallaða lífeyrisaukasjóði.</p>		
<p>Með sérstöku samkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, annars vegar, og Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) er kveðið á um að launagreiðendur leggi A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og A-deild Brúar lífeyrissjóði til fjármuni sem standa munu undir skuldbindingum sem stofnast við greiðslu lífeyrisauka til handa núverandi sjóðfélögum. Þessi framlög myndi sérstaka sjóði, svokallaða Lífeyrisaukasjóði.</p>		
	<p>Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.</p>	
	<p>Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.</p>	
	<p>Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur í A-deild á árinu 2016 og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.</p>	
	<p>Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar á árinu 2016, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.</p>	
	<p>Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.</p>	
	<p>Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild, sbr. þó 5. mgr.</p>	

Samhliða verði samþykktum Brúar breytt til að endurspeglar efni samkomulags þessa.	Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.	
Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald.	Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda.	
Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR.	Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.	
Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A- deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum í þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðasamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskona mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar.	Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.	
	Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.	
Nánar er kveðið á um framlög þessi í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál sem staðfestur er í tengslum við samkomulag þetta.		
Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald.		
Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðfélaga.		
Launagreiðendur leggja til tiltekin framlög í sérstaka varúðarsjóði. Hlutverk varúðarsjóða er að styðja við lífeyrisaukasjóði A-deilda LSR og Brúar. Vísað er til Víðauka 1 og Víðauka 2 við samkomulag þetta um hlutverk sjóðanna. Að auki reiða ríki og sveitarfélög fram fjármuni í sérstaka Varúðarsjóði, sem ætlað er að styðja við Lífeyrisaukasjóði LSR og Brúar. Ríkissjóður leggur til tiltekna fjárhæð í varúðarsjóð LSR. Fjárhæðin skal vera 8,4 milljarðar kr.	c. (X.) Launagreiðendur skulu fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.	

Höfuðstóll varúðarsjóðs er varðveittur og ávaxtaður af LSR, en hann skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem LSR fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.		
Ekki er heimilt að ganga á höfuðstól varúðarsjóðs í fimm ár eftir að til hans er stofnað.	Óheimilt er að ganga á höfuðstól varúðarsjóðsins í fimm ár frá stofnun hans.	
Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs	Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:	
Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð) við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.	a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en fimm ár, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta, í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð, við eignir lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.	
Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.	Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessi til samræmis.	
Að 20 árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans að hluta eða öllu leyti við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.	b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.	
Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs.	Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.	
Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugar ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að ekki verði komist hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skuldbinda launagreiðendur sig til að taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.	c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist.	
Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggð er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið samkomulags þessa um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.	Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggð er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.	
Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa í matshóp og bandalög opinberra starfsmanna þrjá fulltrúa sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr Varúðarsjóði séu uppfyllt.	Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt.	

<p>Nái matshópur ekki niðurstöðu um nýtingu sjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur sæti í matshópnum.</p>	<p>Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.</p>	
	<p>d. (XI.) Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. janúar 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélaga sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. janúar 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til ákvörðun þess hefur verið gerð í kjarasamningi.</p>	
	<p>8. gr. Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.</p>	



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadilum gafst til að vega og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. málsli. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykkt A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykkt.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögina bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímann greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykktu, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykktu. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárför sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga en ekki þeirra sjóðfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélagar sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ



Reykjavík, 15. desember 2016

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags lífeindafræðinga um 873. mál á 145. Löggjafarþingi, Frumvarp um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkissins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins)

Félag lífeindafræðinga (hér eftir nefnt FL) sendi inn umsögn um frumvarpið þegar það var til umfjöllunar hjá fjárlaganefnd, þann 3. október síðastliðinn. Efnislega hefur frumvarpið ekki tekið nægilegum breytingum til að endurspeglar það samkomulag sem gert var 19. september síðastliðinn og áhyggjur okkar eru eftir sem áður þær sömu og fram komu í síðustu umsögn.

Þar sem umsagnarfrestur um frumvarpsdrög þessi var mjög stuttur þá tel ég rétt að í stað þess að endurskrifa ályktun okkar frá 3. október þá vísa ég beint til hennar, ekkert í breyttu frumvarpi lagfærir þá ágalla sem við bentum á í þeirri umsögn. Hvað varðar þær breytingar sem búið er að gera á drögum frumvarpsins þá er sumt til bóta en annað ekki. Í mjög stuttu máli á eru megináhyggjuefni okkar þetta:

- Laun og lífeyrisréttindi eru nátengd hvort öðru, starfsmenn hjá hinu opinbera hafa löngum staðið frammi fyrir þeirri röksemdarfærslu ríkissins við gerð kjarasamninga að lífeyrisréttindi þeirra séu svo verðmæt að það skýri mikinn launamun milli markaða. Því þarf þetta frumvarp að tryggja það með öruggum hætti að fyrrgreind lífeyrisréttindi allra þessa launþega séu og verði sannanlega staðreynd til framtíðar. **Þeir hafa greitt fyrir þau til margra ára með lakari launum.** Það þarf einnig að koma fram með skýrum hætti hvernig jafna á laun milli markaða í framtíðinni, og það þarf að taka miklu styttri tíma en áratug.

Að þessu sögðu vísa ég til fyrri umsagnar FL, við getum ekki stutt það frumvarp sem nú er til umfjöllunar, þrátt fyrir þær breytingar sem búið er að gera þar sem það skerðir réttindi félagsmanna okkar þrátt fyrir samkomulag um annað.

Virðingarfyllst,

Gyða Hrönn Einarsdóttir, formaður.

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Félagið tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB um lagafrumvarp fjármála og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

Með kveðju,
Gylfi Guðmundsson
Formaður FOS-Vest



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) leggst gegn samþykkt fyrirleggjandi frumvarps til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR)

Stjórnin telur óljóst samkvæmt frumvarpinu hvernig áunnin réttindi núverandi félagsmanna A-deildar verða tryggð, þrátt fyrir skýr ákvæði undirritaðs samkomulags um annað. Þá telur stjórnin óljóst samkvæmt frumvarpinu hvernig framtíðarávinningi réttinda núverandi félagsmanna A-deildarinnar verði háttað.

Stjórnin vekur athygli á að á nokkrum mánuðum hefur mat á tryggingarfræðilegri stöðu LSR versnað um 25,9 milljarða króna á þeim tíma sem leið á milli framlagningar fyrstu útgáfu frumvarpsins og þeirrar útgáfu sem nú er lögð fram. Eins og fram kemur í ágætri greinargerð dr. Oddgeirs Ottesen fyrir stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga frá 9. desember 2016, er stærð Varúðarsjóðs alltof lítil til að tryggja félagsmönnum A-deildarinnar að umsamin og áunnin réttindi skili sér til þeirra þegar til lífeyristöku kemur.

Réttast og eðlilegast væri, að áliti stjórnarinnar, að loka A-deildinni en starfrækja hana áfram með óbreyttu sniði fyrir þá sem þar eru félagsmenn. Annarri framkvæmd samræmingar lífeyrisréttinda fylgir óvissa, uggur og grunsemdir um að verið sé að taka af núverandi sjóðfélögum áður áunnum og umsamin réttindi. Önnur framkvæmd eykur auk þess líkur á að rekin verði dómsmál af hálfu núverandi sjóðfélaga til staðfestingar þeirra réttinda sem þeir njóta nú.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Rúnar Vilhjálmsson, formaður



Félag starfsmanna Alþingis

Reykjavík, 16. desember 2016

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið

Erindi: Frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál á 146. löggjafarþingi.

Félagi starfsmanna Alþingis hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar þar sem lagðar eru til breytingar á A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Stjórn félagsins tekur undir þá afstöðu sem kemur fram í athugasemdum BHM, BSRB og KÍ um málið.

Að öðru leiti hefur stjórnin ekki athugasemdir við frumvarpið enda skammur fyrirvari til að afhenda umsögn.

Virðingarfyllt,

Arnar Óskar Egilsson
formaður FSA

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags starfsmanna stjórnarráðsins (FSS) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Félag starfsmanna stjórnarráðsins hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

Félagið veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Félagið tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB um lagafrumvarp fjármála og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

F.h. stjórnar FSS
Þórveig Þormóðsdóttir formaður





KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadílum gafst til að veita og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. málsl. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykkt A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykkt.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögin bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímann greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykta, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykta. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárför sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga en ekki þeirra sjóðfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélagar sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykkt. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykkt.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadilum gafst til að veita og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. málsli. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykkt A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykkt.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögin bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykkt er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímann greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykktu, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykktu. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárför sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðsfélaga en ekki þeirra sjóðsfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélagar sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykkt. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykkt.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadílum gafst til að veita og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málsgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. málsl. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykpta A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykpta.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögin bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykpta er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímann greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykktu, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykktu. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljótask, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárför sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga en ekki þeirra sjóðfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélagar sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykkt. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykkt.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ

Reykjavík, 15. desember 2016

Nefndasvið Alþingis
B/t efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, með síðari breytingum (þingskjal 6 – 6. mál).

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar tækifærið til að gera umsögn um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997. Félagið tekur undir umsögn BHM dags. 15. desember og ítrekar mikilvægi þess að þeir þættir sem þar eru nefndir verði teknir til endurskoðunar í meðferð frumvarpsins.

Í samkomulagi því sem undirritað var þann 19. september síðastliðinn kemur skýrt fram að réttindi núverandi félagsmanna í A deildum LSR og Brúar verði jafnverðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. Þar kemur einnig fram að markmiðið sé að landsmenn geti fært sig á milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu. Þá kom fram í undirrituðu samkomulagi að unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði. Á þessari forsendu samþykkti Félagsráðgjafafélag Íslands að gefa umboð sitt til BHM til undirritunar samkomulagsins.

Frumvarp það sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins endurspeglar ekki að samkomulag sem undirritað var 19. september. Það er gott að í frumvarpi því sem nú er lagt fram er tekið tillit til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyrissjóðanna (LSR og Brú) í lok september 2016 í stað ársloka 2015. Hefur félagið þó áhyggjur af því hver áhrifin verði versni tryggingafræðileg staða á næstu árum enn frekar og hvaða áhrif slíkar sveiflur hafi á lífeyrisréttindi félagsmanna til framtíðar. Það er til bóta að ríkissjóður ábyrgist svo enginn vafi sé á óbreytt réttindi lífeyrisþega og sjóðfélaga sem eru orðnir 60 ára við gildistöku samþykta en gerir alvarlegar athugasemdir við að ríkissjóður ábyrgist ekki óbreytt réttindi allra félagsráðgjafa sem greitt hafa í LSR eða Brú. Þá gerir Félagsráðgjafafélagið athugasemdir við að svo virðist sem félagsmenn sem nú þegar greiði í LSR eða Brú geti ekki færst á milli markaða án þess að tapa réttindum sínum, hvort heldur sem þeir flytji sig frá opinberum markaði yfir á almennan eða frá almennum yfir á opinberan eftir 1. janúar 2017 eins og markmið þessara kerfisbreytinga átti meðal annars að fela í sér.

Félagsráðgjafar starfa langflestir á opinberum markaði og eru sveitarfélögin þar stærsti vinnuveitandinn. Nokkuð algengt er að félagsráðgjafar skipti um starfsvettvang og fari til starfa í félagasamtökum/sjálfsseignarstofnanum og á almennum markaði og hafa þeir þá haldið áfram að greiða til LSR eða til Brúar. Algengt er að þessir sömu félagsráðgjafar komi síðar aftur til starfa hjá opinberum aðilum. Þannig hafa félagsráðgjafar geta flust á milli vinnumarkaða án þess að lífeyrisréttindi þeirra

skerðist. Félagsráðgjafafélagið styður þá stefnu að samræma lífeyrisréttindi landsmanna en telur frumvarp það sem nú liggur fyrir festa félagsráðgjafa í vistarbönd á þeim markaði sem þeir nú starfa á. Þannig er ekki ljóst að félagsráðgjafar sem nú starfa hjá félagasamtökum og hafa haldið áfram að greiða í LSR eða Brú geti haldið réttindum sínum starfsævina á enda, kjósi þeir að skipta um starfsvettvang og snúa (aftur) til starfa á opinberum markaði eftir 1. janúar 2017. Þá ber að hafa hugfast að þegar er búið að gjaldfæra kostnað vegna þessara félagsmanna og því óverjandi að haga málum með þessum hætti.

Félagsráðgjafafélagið ítrekar athugasemdir við 7. grein frumvarpsins þannig að tryggt verði opið flæði félagsráðgjafa á milli opinbers vinnumarkaðar og almenns. Í fyrsta lagi þannig að það að bundið verði í lög að vinnuveitendur aðrir en þeir sem taldir eru upp í 7. grein frumvarpsins verði skuldbundnir til þess að greiða hækkað iðgjald og í öðru lagi að viðkomandi félagsráðgjafar geti snúið aftur til starfa á opinberum markaði eftir kerfisbreytinguna og réttindi þeirra verði áfram tryggð, starfsævina á enda.

Að síðustu vill Félagsráðgjafafélag Íslands benda á þá staðreynd að félagsráðgjafar sem starfa hjá ríkinu hafa dregist enn frekar aftur í launum samanborið við félagsráðgjafa hjá sveitarfélögunum í kjölfar þess að launahækkningar voru bundnar við vísitölupróun í svokölluðu SALEK samkomulagi sem BHM er ekki aðili að og Félagsráðgjafafélagið hafnaði meðal annars af þessum sökum. Ástæða þess að félagið nefnir þetta hér er að í samkomulagi dags. 19. september er m.a. lögð áhersla á að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði. Félagið hefur barist fyrir því í kjaraviðræðum síðastliðinna ára að leiðrétta laun félagsmanna hjá ríkinu þannig að þau verði samkeppnisfær við laun félagsmanna hjá sveitarfélögunum. Það markmið hefur ekki náðst og nú liggur fyrir að með fyrirhuguðum breytingum á lífeyriskerfinu verða launakjör nýútskrifaðra félagsráðgjafa hjá ríkinu enn lakari en þeirra sem fyrir eru. Þannig munu nýútskrifaðir félagsráðgjafar sem fá starf á Landspítala, þar sem lægstu laun félagsráðgjafa á Íslandi er að finna, standa enn verr að vígi en fyrir breytingar. Gerir Félagsráðgjafafélagið þá kröfu að laun félagsráðgjafa sem starfa hjá ríkinu verði samkeppnisfær við laun annarra félagsráðgjafa og annarra sambærilegra hópa á vinnumarkaði og að laun þeirra verði leiðrétt og að launamunur sem til komi vegna breytinga á lífeyriskerfi verði bættur að fullu í launum.

Það er mat Félagsráðgjafafélags Íslands að verði þessar athugasemdir sem og aðrar athugasemdir sem koma fram í umsögn BHM dags. 3. október og 15. desember ekki teknar til endurskoðunar og breytingar gerðar á fyrirbyggjandi frumvarpi þá sé frumvarpið ekki í samræmi við samkomulag það sem undirritað var þann 19. september síðastliðinn. Getur Félagsráðgjafafélagið ekki stutt frumvarpið í þeirri mynd sem það er nú. Fer Félagsráðgjafafélag Íslands fram á að efnahags- og viðskiptanefnd endurskoði frumvarpið og geri á því nauðsynlegar breytingar þannig að lífeyrisréttindi félagsráðgjafa í LSR og Brú verði tryggð ævina á enda, eins og skrifað var undir 19. september síðastliðinn.

Virðingarfyllst

María Rúnarsdóttir, formaður FÍ



Vernd lífeyrisréttinda

Háskólinn í Reykjavík, 4. febrúar 2008
 Þórey S. Þórðardóttir hdl. LL.M.
 forstöðumaður réttindamála





Skoðanir fræðimanna

Ólafur Jóhannesson: sennilega væri löggjafanum heimilt að skerða eftirlauna- og lífeyrisrétt þótt gild rök mæltu gegn því. Greiðslur sem starfsmaður innir sjálfur af hendi eigi þó að njóta verndar.

Gaukur Jörundsson: eru endurgjald fyrir vinnu og fyrir bein fjárframlög réttahafanna og njóti verndar. Ekki takmarkað við að rétturinn sé orðinn virkur né fjárframlag starfsmanns.


15.8.2017 3



Skoðanir fræðimanna

- Bernhard Gomard: gerir mikinn munur á virkum eftirlaunarétti og eftirlaunavon. Jafnframt mikill munur á réttarvernd lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna og annarra. Eftirlaunavon og réttur ríkisstarfsmanna njóti ekki verndar.
- Poul Anderssen: réttur ríkisstarfsmanna eigi að njóta sömu verndar og annarra.
- Henrik Zahle: mat hverju sinni en leggur mikið upp úr framlagi rétthafans.

15.8.2017 3




Lífeyrisréttindi eru stjórnarskrárvarin eignarréttindi

Hugtakið eignarréttur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrá skýrt rúmri lögskýringu

- Umboðsmaður Alþingis
- Hæstiréttur
- Mannréttindadómstóll Evrópu

15.8.2017 4




Álit umboðsmanns Alþingis

Nokkur mál þar sem reynir á svigrúm löggjafans til að beyta reglum um lífeyrisréttindi.

- Álitsgerð frá 30. nóv. 1989 (nr. 46/1988): Lög um LSR hafði verið breytt. Réttur hafði verið miðaður við síðasta starfshlutfall en var breytt á þá leið að miðað var við meðal starfshlutfall meðan greitt var í sjóðinn.
 - gat verið hagstæðara eða óhagstæðara
 - ekki farinn að taka lífeyri og ekki átt þess kost
- Álitsgerð frá 6. feb. 1992 (nr. 389/1991).
- Álitsgerð frá 17. ágúst 1995 (nr. 1313/1994) um Lífeyrissjóð sjómanna. Sjóðfélagar á aldrinum 60-65 ára höfðu ákveðna sérstöðu um skerðingu. Meginþungi breyttra réttinda láttinn bitna á þessum hópi.

15.8.2017 5



Álit umboðsmanns Alþingis

- Réttindin til komin sem endurgjald fyrir vinnu og fyrir fjárframlög sjóðfélaga og njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrár
- Hins vegar heimilt er að breyta réttindum en þá þarf að gæta jafnræðis og málefnalegar ástæður þurfa að liggja að baki slíkum breytingum

15.8.2017 6

Hæstaréttardómar



- H.1998:2140 (nr. 368/1997), Lífeyrissjóður sjómanna og íslenska ríkið gegn Svavari Benediktssyni.

S hóf töku lífeyris á árinu 1991 er hann varð 60 ára, en þá voru í gildi lög nr. 49/1974. Á árinu 1994 tóku gildi ný lög nr. 94/1994. Ekki ákvæði í þeim hvernig skyldi fara með áunnin réttindi í sjóðnum en í þeim voru ákvæði sem sagði að nánari ákvæði skyldi setja í reglugerð. Í reglugerðinni voru skerðingarákvæði til þeirra sem voru 60 – 65 ára.

15.8.2017

7

Forsendur Hæstaréttar



“Á það er fallist með héraðsdómi að þau réttindi, er stefndi hafði áunnið sér samkvæmt lögum nr. 49/1974 til lífeyris, hafi notið vermdar þágildandi 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Þau réttindi urðu ekki af honum tekin nema með skýlausri lagaheimild í samræmi við ofangreint stjórnarskrárákvæði. Verður ekki talið að slík heimild hafi fallist í lögum nr. 94/1994, sem ekki hófðu að geyma efnisleg ákvæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Var skerðing réttindanna með framangreindri reglugerð því ólögæt.”

15.8.2017

8

H.1999:4769 (nr. 195/1999), Kjartan Ásmundsson g. Lífeyrissjóði sjómanna



- K hóf töku örorkulífeyris á árinu 1979. Með lögum nr. 44/1992 var reglum um grundvöll örorkumats breytt – m.v. almenn störf.
- Tekið fram að lífeyrisréttur K nyti eignarréttarvermdar og yrði hann ekki skertur nema með skýlausri lagaheimild.
- Hæstiréttur taldi skerðingu lífeyrisins hafa haft nægilega heimild í lögum.

15.8.2017

9

Forsendur Hæstaréttar



- Málefnalegar ástæður – hallarekstur sjóðsins.
- Almenn og tók með sambærilegum hætti til allra sem nutu eða gátu notið örorkulífeyris en fimm ára aðlögun gildi jafnt um alla sjóðfélaga – því jafnræðis verið gætt.

15.8.2017

10

Samanburður



- Af máli 1998:2140 má ráða að lífeyrisréttindi sem þegar eru orðin virk verði ekki skert nema með skýrri lagaheimild. Ekki tekin afstaða hvort skerðing hefði staðist ef lagaheimild verið fullnægjandi.
- Í máli 1999:4769 er lagaheimildin til staðar sem Hæstiréttur metur fullnægjandi.

15.8.2017

11

Dómar MDE



Kjartan Ásmundsson g. Íslandi, 12.
október 2004.

Málið var borið undir MDE aðallega á grundvelli brots á jafnræði lífeyrisþega og að ekki hafi verið gætt meðalhófs.

15.8.2017

12

Niðurstaða dómsins



- Fjárhagsörðugleikar sjóðsins geti ekki réttlætt að lífúll minnihluti örorkulífeyrisþega (54) þyrftu að þola niðurfall allra réttinda. Heildarfjöldi örorkulífeyrisþega var 689.
- Kom harkalega niður á K sem hafði fengið greiddan örorkulífeyri í nærri 20 ár.
- Rétturinn féll niður og ástæður þess mátti ekki rekja til aðstæðna sem sjóðfélagi hafði yfir að ráða.
- Talinn þurfa að bera of miklar byrðar.

15.8.2017

13

Málgrein 45



"Against this background, the Court finds that, as an individual, the applicant was made to bear an excessive and disproportionate burden which, even having regard to the wide margin of appreciation to be enjoyed by the State in the area of social legislation, cannot be justified by the legitimate community interests relied on by the authorities. It would have been otherwise had the applicant been obliged to endure a reasonable and commensurate reduction rather than the total deprivation of his entitlements."

15.8.2017

14

Jankovic g. Króatíu, 12.10.2000



- Skerðing á eftirlaunaréttindum hermanna í fyrrum Júgóslavíu
- MDE taldi skerðinguna heimila
- Litið til óvenjulegra aðstæðna og að eftirlaunaréttur hermanna í júgóslavneska hernum var töluvert ríkari en almennur eftirlaunaréttur

15.8.2017

15

Stec o.fl g. Bretlandi, 12. apríl 2006



- Reyndi á ólíkar reglur almannatrygginga til ellilífeyris og örorku eftir kynferði.
- Tekin hafði verið ákvörðun að jafna eftirlaunaaldur í þrepum.
- MDE taldi ákvörðun ríkisstjórnarinnar eðlilega réttlætunlega enda yrði að veita ríkisstjórnnum ákveðið svigrúm.
- Ekki talið brot á 1. gr. 1. samningsviðauka að teknu tilliti til 14. gr. MSE.

15.8.2017

16

Zeman g. Austurríki, 29. september 2006



- Ólíkar reglur giltu um makalífeyri ríkisstarfsmanna eftir kynferði.
- Kærandi sem var karlmaður byggði á því að ef hann hefði verið kona í sambærilegri stöðu hefði hann fengið hærra makalífeyri.
- Fyrir MDE byggði kærandi á 1. gr. 1. samningsviðauka með hlöðsjóna af 14. gr. MSE.
- Í dómnum er tekið fram að 14. gr. banni ekki ríkjum að beita mismunandi reglum á mismunandi hópa. Slíkt þarf að byggja á hlutlægum og málefnalegum grundvelli og til að stuðla að lögmatu markmiði.
- Gæta verði meðalhórs þó ríki hafi mikið svigrúm við val á leiðum.
- Dómurinn vísar í niðurstöðu sína í Stec gegn Bretlandi en bendir á að aðstæður séu aðrar í þessu máli þar sem ekki liggja fyrir hlutlaus og málefnaleg rök fyrir því að jafnrétti til lífeyris hafi ekki þegar verið náð til samræmis við stefnumörkun ríkisins frá árinu 1986.
- MDE taldi því að brotið hafi verið gegn 14. gr. MSE

15.8.2017

17

Hvað segja þessir dómur?



- Af dómum þessum má ráða að málefnaleg og sanngjörn skerðing á lífeyrisréttindum sem uppfyllir skilyrði um jafnræði og meðalhóf, brýtur ekki í bága við eignarréttarákvæði 1. gr., I. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu eða 14. gr. hans.

(www.echr.coe.int)

15.8.2017

18

H.2000:1252 (nr. 340/1999)
Lífeyrissjóður sjómanna g. Herði
Magnússyni



- H hóf töku örorkulífeyris árið 1994 en þá höfðu tekið gildi lög nr. 94/1994 – á grundvelli þeirra sett ný reglugerð
- Ákvæði reglugerðarinnar fól í sér skerðingu frá því sem áður hafði gilt
- H taldi breytinguna fela í sér brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar

15.8.2017

19

Hæstiréttur hafnar kröfunni:



“Við úrlausn málsins verður ekki komist hjá að líta til þess að lífeyrisréttindi gagnáfrýjanda voru ekki orðin virk þegar þau voru skert með heimild í lögum nr. 94/1994. Að því leyti er aðstaða gagnáfrýjanda önnur en þeirra sjóðfélaga í aðaláfrýjanda, sem áður hafa lagt ágreining sinn við hann undir dómstóla vegna skerðingar á lífeyri þeirra, sbr. dóma Hæstaréttar í dóm safni 1998, bls. 2140, og 9. desember 1999 í máli nr. 195/1999.”

15.8.2017

20

Rök Hæstaréttar



- “Skiptir þá máli að heimild löggjafans er mun þengri til að skerða virk lífeyrisréttindi en þau, sem einungis eru væntanleg þegar skerðingin öðlast gildi.”
- Fjárhagur bágur
- Skerðing reist á almennum grundvelli og gætt jafnræðis
- Skerðing verið innan þeirra marka sem eignarréttarákvæði stjórnarskrár setur

15.8.2017

21

Hvað er vert skoðunar?



- Í H.2000:1252, er talið að lög nr. 94/1994 feli í sér nægilega lagaheimild til skerðingar en í H.1998:2140 eru sömu lög ekki talin fullnægjandi lagastoð til skerðingar
- Má álykta að vægari kröfur séu gerðar til lagastoðar þegar um er að ræða virk réttindi en þegar réttindin eru ekki orðin virk
- Rýmri heimildir til að skerða réttindi sem aðeins eru væntanleg

15.8.2017

22

Mál nr. 101/2002, LH gegn
Bergljótu Líndal



- Ekki metin réttindi á námstíma eftir lagabreytingu sbr. lög nr. 2/1997
- Lög nr. 2/1997 voru sett í kjölfar endurskoðunar á lífeyrisréttindum í LH og lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna
- Fyrir breytingu átti B kost á að hefja töku lífeyris skv. eldri lögum – kaus að vinna áfram og ávann sér réttindi skv. nýjum lögum
- Fyrirhuguð breyting verið kynnt sjóðfélögum

15.8.2017

23

Niðurstaða Hæstaréttar



- Ætla verður löggjafanum nokkurt svigrúm til að breyta reglum með hliðsjón af breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu
- Liður í samræmingu á réttindum ríkisstarfsmanna í heild og rót að rekja til samningaviðræðna viðkomandi stéttarfélaganna og ríkisvaldsins
- Breytingarnar almennar og málefnalegar og náðu jafnt til allra þeirra sem áunnið höfðu sér rétt á námstíma
- Sjóðfélagar fengu umtalsverðar bætur á ýmsum sviðum

15.8.2017

24

Samantekt



- Lífeyrisréttindi eru vernduð af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar
- Ef breyta eða skerða skal réttindi þarf slíkt að gerast með skýlausri lagaheimild. Lagaheimild skal byggð á málefnalegum ástæðum og gætt skal meðalhófs og jafnræðis

15.8.2017

25

Aukning/skerðing skv. 39. gr. l. nr. 129/1997



- Sjóður á að eiga fyrir skuldbindingum sínum
- Ákvæðið á rætur að rekja til samnings ASÍ og VSÍ um lífeyrismál frá 12. des. 1995
- Í samningnum segir:
"Skyldutrygging í lífeyrissjóðum gerir kröfu til þess að engum manni verði skv. ákvæðum kjarasamninga gert að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs sem kann að vera ófær um að standa við loforð um lífeyrisgreiðslur síðar meir."
- Í samningnum eru nokkur ákvæði er varða framkvæmdina

15.8.2017

26

39. gr. l. 129/1997



- Vikmörk:
 - Meira en 10%
 - Meira en 5% í meira en fimm ár
- Ef breyta ber samþykktum sbr. 39. gr. þá nægilegt að fara inn fyrir 5% markið
- Við samþykktarbreytingar ber að gæta meðalhófs og jafnræðis
- Samþykktir sem vísa til þess að standa vörð um ákveðin réttindi framfar öðrum. Er það málefnalegt?

15.8.2017

27

Lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna



Sérlög



- Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997
- Lög um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga nr. 2/1997
- Lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara nr. 141/2003

15.8.2017

29

A-deild LSR frá 1997



- 1997 tóku gildi breytingar á lögum LSR
- Sjóðnum skipt í 2 deildir A og B
- B-deild LSR starfar skv. eldra kerfi
- B-deild LSR byggir á gegnumstreymi og að hluta sjóðsöfnun
- A-deild LSR byggir á fullri sjóðsöfnun með líkum hætti og lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði
- Allir nýir sjóðfélagar ganga í A-deild og B-deild lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum og launagreiðendum

15.8.2017

30

Réttindi skilgreind



- Réttindi skilgreind í lögum
- Réttindi ekki aukin eða skert til samræmis við eignir og skuldbindingar sjóðsins
- Lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka eru undanþegnir ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997

15.8.2017

31

Stærð LSR



- Í árslok 2006 voru eignir sjóðanna komnar yfir 300 milljarða króna
- Lífeyrisgreiðslur LSR og LH voru yfir 15 milljarðar á árinu 2006
- Meðalfjöldi lífeyrisþega á mánuði er rúmlega 11.000
- Greiðandi sjóðfélagar rúmlega 36.000

16.02.008

LSR kynning um lífeyrismál

32

Sjóðfélagar

	Mánuðleg lífeyrisgreiðsla			Greiðandi sjóðfélagar			Lífeyrisþega
	2006	2005	2004	2006	2005	2004	
A-deild	14.000	13.500	13.000	24.000	23.000	22.000	40.000
B-deild	1.000	1.000	1.000	1.500	1.500	1.500	3.000
LH	1.000	1.000	1.000	1.500	1.500	1.500	3.000
Samtals	16.000	15.500	15.000	27.000	26.000	25.000	46.000


15.8.2017 LSR kynning um lífeyrismál 33

Lífeyrir

	Greiðsla (milljarðar kr.)			Fyrirskráðingarnúmer			Mánuðleg lífeyrisþega		
	2006	2005	2004	2006	2005	2004	2006	2005	2004
A-deild	14.000	13.500	13.000	24.000	23.000	22.000	40.000	38.000	36.000
B-deild	1.000	1.000	1.000	1.500	1.500	1.500	3.000	3.000	3.000
LH	1.000	1.000	1.000	1.500	1.500	1.500	3.000	3.000	3.000
Samtals	16.000	15.500	15.000	27.000	26.000	25.000	46.000	44.000	42.000

15.8.2017 LSR kynning um lífeyrismál 34

Skipting lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum 2006



A-deild - iðgjald



- Greitt af heildarlaunum, sbr. 13. gr.
- Iðgjald sjóðfélaga - 4%
- Mótframlag launagreiðanda
 - Breytilegt, nú 11,5%
- Eignir og iðgjöld = skuldbindingar, þ.e. full sjóðsöfnun
- Sjóðfélagar og launagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum nema með iðgjöldum

15.8.2017

36

Eignir móti skuldbindingum



- Sveigjanleg starfslok frá 60-70 ára
- Almennur lífeyristökualdur er 65 ára
 - 0,5% skerðing fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku er flýtt
 - 0,75% aukning fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku er frestað

15.8.2017

37

B-deild



- Hluta sjóðsöfnun og að hluta gegnumstreymi
 - Iðgjald, 23. gr.
 - Lífeyrishækkun, 33. gr.
 - Bakábyrgð ríkisins, 32. gr.

15.8.2017

38

Iðgjald – 23. gr.



- 4% af dagvinnulaunum, vaktaálagi, persónu- og orlofsuppbót
- Mótframlag launagreiðanda 8%
- Iðgjaldafrír
 - Almenna reglan (32 ár)
 - 95 ára regla

15.8.2017

39

Lífeyrishækkanir



- Sjóðurinn greiðir lífeyri sem nemur fyrstu greiðslu en launagreiðendur greiða hækkun á lífeyri, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1997
- Skiptist milli launagreiðanda
- 7,5% viðbótariðgjald kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, 2. mgr. 34. gr.

15.8.2017

40

Bakábyrgð ríkisins



- Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris, sbr. 32. gr. laga nr. 1/1997
- Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar umfram lagaskyldu frá árinu 1988
- Greiðir sem nemur mismun á iðgjaldi milli A-deildar og B-deildar

15.8.2017

41

Réttindaávinnsla



- Almenna reglan
 - 2% á ári miðað við fullt starf í 32 ár
 - 1% á ári eftir 32 ár (iðgjaldafrír)
- 95 ára regla
 - 2% á ári að hámarki 64%
 - þegar 95 ára reglu náð 2% að nýju (iðgjaldafrír)

15.8.2017

42

Lífeyristökualdur



- Almenna reglan - 65 ára
- 95 ára reglan – 60 ára
 - getur hafið töku lífeyris ef samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími nær 95 árum
 - verður að hafa látið af störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að B-deild

15.8.2017

43

Ellilífeyrir



- Reiknast af dagvinnulaunum fyrir síðasta starf.
- Undantekningar:
 - 10 ára regla
 - frestun lífeyristöku
 - heilsubrestur

15.8.2017

44

Eftirlaun úr ríkissjóði, l. nr. 141/2003



- Forseti Íslands, 60-80%
- Forsætisráðherra, sama hlutfall og forseti
- Ráðherrar og forseti Alþingis, 6% á ári
- Alþingismenn, 3% á ári
- Hæstaréttardómarar, 6% á ári

15.8.2017

45

Iðgjald



- Greiða 5% iðgjald til A-deildar LSR
- Réttur í A-deild kemur til frádráttar eftirlaunum sem greiðast úr ríkissjóði
- Eldri lög
 - eftirlaun alþingismanna nr. 46/1965
 - eftirlaun ráðherra nr. 47/1965

15.8.2017

46

Heimasíða LSR



netfyrirspurnir





FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Fjárlaganefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

15. desember 2016

Tilvísun: 2016120030

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6

Fjármálaeftirlitið vísar til erindis fjárlaganefndar varðandi umsögn um ofangreint efni. Vísað er til og áréttað það sem fram kemur í fyrri umsögn Fjármálaeftirlitsins dags. 4. október sl. við frumvarpið í þeirri mynd sem það var lagt fyrir 145. löggjafarþing 2015-2016.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki athugasemdir varðandi þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Jón Evar Pálma
Jón Evar Pálma

Góðan daginn

Sendi hér eftirfarandi umsögn:

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs mælir eindregið með að frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins) verði samþykkt. Þar sem umsagnartími um frumvarpið er aðeins rúmur sólarhringur, hefur þó ekki gefist færi á að fara gaumgæfilega yfir það. Engu að síður er bæjarráð sammála meginefni frumvarpsins, eins og það liggur hér fyrir, en vísar að öðru leyti til umsagnar Sambands sveitarfélaga um það.

Með kveðju

Stefán Bragason

Washington D.C.,
14. desember 2016.

Mál 10. Fjáralög 2016

Umsögn.

1. Í lið 2.2, Útgjaldabreytingar eftir helstu tilefnum, segir m.a. í upphafsmálgrein:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld aukist um 127,4 mia.kr. á rekstrargrunni þar sem vegast á ýmis tilefni. Í fyrsta lagi gert ráð fyrir að útgjaldaskuldbindingar á yfirstandandi ári aukist sem nemur 118 mia.kr. sem rekja má til einskiptis uppgjörs vegna nýs skipulags A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og yfirtöku lífeyrisskuldbindinga. Nýtt skipulag A deildar LSR hefur í för með sér að ríkissjóður mun þurfa að leggja til 108,5 mia.kr. einskiptis framlag á árinu 2016 í sérstakan lífeyrisaukasjóð.

2. Alþingi samþykkti fyrr nokkru að stöðugleikaframlög skyldi ekki nota til að fjármagna almenn útgjöld ríkissjóðs, enda jafngilti slíkt fjármögnun með nýsköpun peninga – seðlaprentun – og samsvarandi aukningu á peningamagni í umferð í hagkerfinu.

3. Í kvöldfréttum RÚV í dag, 14 .desember, útskýrði Guðlaugur Þór Þórðarson að umrætt „108,5 mia.kr. einskiptis framlag [ríkissjóðs] á árinu 2016 í sérstakan lífeyrisaukasjóð” yrði fjármagnað með stöðugleikaframlögum, og sagði vera „risamál”.

4. Slík fjármögnun á greiðslu skuldar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ólíkt greiðslu ríkissjóðs á skuld við SÍ, sem eykur ekki peningamagn í umferð, væri vissulega „risamál” og jafngilti olíu á eld fjármála- og efnahagslegs óstöðugleika á komandi tíð.

Virðingarfyllst,

Gunnar Tómasson, hagfræðingur

300640-2499

15.12.2016

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins)

Þetta frumvarp um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna er að ýmsu leyti til bóta en engu að síður meingallað og varla hægt að kalla það annað en stórslys ef það fer óbreytt í gegnum þingið. Með frumvarpinu er m.a. stefnt að því að afnema afturvirkir ríkisábyrgð á lífeyrisgreiðslum opinberra starfsmanna sem eru innan við 60 ára. Það þýðir að þeir sem eru yngri en þetta og hafa talið sig vera að vinna sér inn ákveðin ríkistryggð réttindi missa þau bótalaust. Slík aðgerð getur vart verið annað en stjórnarskrárbrot.

Á móti þessu koma ekkert nema loðin fyrirheit um að laun í opinbera geiranum verði hækkuð til samræmis við almenna vinnumarkaðinn á tíu árum. Slíkt loforð er í eðli sínu haldlaust og fjölmörg fordæmi fyrir því sama hversu góðan hug loforðsgjafinn kann að hafa þegar loforðið er gefið.

Samningar um kaup og kjör ríkisstarfsmanna á hverjum tíma fara eftir ýmsu, bæði stöðu ríkissjóðs, launapróun á almennum vinnumarkaði, sviptingum í kosningum, framboði á starfsmönnum og mörgu fleiru. Óljóst og loðið loforð um jöfnun launa tryggir ekki á nokkurn hátt að sá launamunur sem nú er til staðar á milli opinbera vinnumarkaðarins og einkageirans minnki, hvað þá hverfi, á þeim tíma sem að er stefnt. M.a. má telja næsta víst að þeir sem semja um kaup og kjör í einkageiranum muni hér eftir sem hingað til standa hart gegn öllum launahækkunum opinberra starfsmanna sem dregur mjög úr líkunum á því að loforðið gangi eftir. Loforðið er að auki gagnslítið eða -laust jafnvel þótt við það verði staðið fyrir þá sem eru á miðjum aldri og munu því njóta lítils af hækkununum vegna þess að þær koma svo seint. Sá sem er t.d. 59 ára nú á von á launahækkun (ef hann trúir á loforð sem þetta) áður en hann verður 69 ára - en á að fara á eftirlaun 67 ára!

Eitt af því sem hér skiptir máli er að kröfur á ríkið njóta alla jafna bestu kjara allra krafna á fjármálamarkaði. Það á einnig við um loforð um lífeyrisréttindi. Væntingar um lífeyrisgreiðslur sem byggja á ávöxtun eigna á markaði er því eðlilegt að færa til núvirðis með

talsvert hærrí ávöxtunarkröfu en þegar byggt er á tiltekinni ávöxtun sem í reynd er tryggð af ríkinu, líkt og nú er raunin. Afnáam ríkisábyrgðarinnar felur því í sér verulega skerðingu á verðmæti áunninna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna, jafnvel þótt A deild LSR sé gerð fullfjármögnuð í upphafi m.v. tryggingafræðilega útreikninga með einskíptisframlagi úr ríkissjóði.

Annað sem er mjög gagnrýnisvert í frumvarpinu er að A deild LSR skuli vera haldið áfram opinni fyrir nýjum iðgjaldagreiðendum þótt réttindaávinnslnni verði breytt með aldurstengingu. Þessu fylgja miklar og algjörlega óþarfar flækjur. Það væri miklu snyrtilegri og áhættuminni leið að loka A deild fyrir nýjum félögum en leyfa þeim sem eru í henni nú þegar að ljúka starfsævinni með þeirri réttindaávinnslu sem þeir hafa búið við til þessa. Það væri hins vegar hægt að stofna nýja deild, t.d. LSR N, fyrir nýja starfsmenn og unga sem vilja skipta, líkt og gert var þegar LSR var skipt upp í A og B deildir árið 1997.

Þrátt fyrir þessa verulegu galla er ýmislegt gott í frumvarpinu. M.a. er til bóta að skipta yfir í aldurstengda réttindaávinnslu, sem er eðlilegri en jöfn réttindaávinnsla. Það er þó ekki farin besta leiðin til þess eins og áður var rakið. Einn kostur við að hafa sama fyrirkomulag að þessu leyti hjá bæði opinbera geiranum og einkageiranum er að þetta auðveldar fólki að færa sig á milli kerfa, sérstaklega úr opinbera geiranum og yfir í einkageirann. Það eykur sveigjanleika á vinnumarkaði sem er af hinu góða. Þetta breytir hins vegar ekki miklu, jafnvel engu, fyrir þá sem starfa alla ævi í sama geiranum.

Auk þess er að mörgu leyti æskilegt að jafna lífeyrisréttindi allra hvort sem þeir vinna hjá hinu opinbera eða einkageiranum. Það má hins vegar ekki gera það með þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. með því að skerða réttindi opinberra starfsmanna. Skerðingin er hér verst fyrir þá sem eru komnir nálægt sextugu þótt hún bítí einnig hjá yngri starfsmönnum. Það væri auðvelt að gera breytingar á frumvarpinu til að laga þetta. Einfaldast væri að leyfa A deild að lifa í núverandi mynd en taka upp nýja deild fyrir unga og nýráðna eins og nefnt var að ofan. Hið sama á að sjálfsögðu við um starfsmenn sveitarfélaga og lífeyriskerfi þeirra.

Enn einn meinbugur er á málinu og hann alvarlegur. Lífeyrisréttindi eru hluti af launakjörum starfsmanna. Það er ekki boðlegt að gera breytingar á þeim án þess að um það sé gerður kjarasamningur og hann borinn undir félagsmenn í almennri atkvæðagreiðslu. Það væri þó

aldrei hægt að afnema áunnin réttindi afturvirktt jafnvel þótt fyrir því væri meiri hluti í atkvæðagreiðslu enda með því brotið á stjórnarskrárvörðum eignarrétti. Ríkið getur ekki einhliða ákveðið að áunninn lífeyrisréttindi geti sætt skerðingum vegna hugsanlegrar slæmrar ávöxtunar eigna LSR í framtíðinni og stéttarfélög hafa ekki umboð til að samþykkja slíkt fyrir hönd einstakra aðildarmanna. Hins vegar gæti ríkið vitaskuld gert einstökum starfsmönnum sínum tilboð sem fæli í sér að þeir afsali sér ríkisábyrgð á áunnum lífeyrisréttindum og fái það bætt með einhverjum hætti, t.d. auknum réttindum í kerfi án ábyrgðar launagreiðanda.

Mál þetta ber þess skýr merki að það er unnið í verulegum flýti og undir tímapressu þótt aðdragandinn sé langur. Vegna þess er rétt að benda á að það er Alþingi í lófa lagið að gefa sér þann tíma sem þarf til að vinna þetta mikilvæga frumvarp vel. Tímapressan er nefnilega búin til af Alþingi með lögum um opinber fjármál og það er hægðarleikur fyrir þingið að breyta þeim lögum ef þörf krefur. Það hefur nánast engin efnahagsleg áhrif að afgreiðsla þessa frumvarps taki þann tíma sem þarf og t.d. dragist fram á næsta ár. Það hefur einungis þau áhrif að í ríkisbókhaldi færast útgjöld á milli ára sem skiptir sáralitlu máli í reynd, sérstaklega í ljósi þess að hér er verið að gera breytingar sem munu hafa áhrif áratugum saman.

Meira máli skiptir að málið sé vel unnið og í sátt við alla helstu hagsmunaaðila, þar á meðal vitaskuld hina fjölmörgu félagsmenn í A deild LSR og þá starfsmenn sveitarfélaga sem eru í sambærilegri stöðu. Sé það ekki gert er allt eins víst að afleiðingarnar verði aukinn óróleiki á vinnumarkaði og verulega aukinn vandi við að manna ýmis störf hjá hinu opinbera, sem er þó þegar orðinn mjög bagalegur. Við þau skilyrði er næsta víst að hið svokallaða SALEK samkomuleg næði ekki markmiðum sínum sem eru þó að mörgu leyti lofsverð.

Með vinsemd og virðingu,
Gylfi Magnússon,
dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og greiðandi í A deild LSR.



Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Hvammstangi 15. desember 2016.

Alþingi
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Húnathing vestra um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Byggðarráð Húnathing vestra tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 14. desember sl. og mælir eindregið með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,


Guðný Hraund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

(Circular stamp: SVEITARSTJÓRI HÚNATHING VESTRA)

15.12.2016

Á fundi bæjarráðs Hveragerðis sem haldin var fimmtudaginn 15. desember 2016 var tekið fyrir erindi um umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6 mál.

Eftirfarandi var fært til bókar;

Bæjarráð lýsir yfir ánægju með að frumvarpið skuli vera komið á dagskrá Alþingis og hvetur alþingismenn til að sjá til þess að það verði að lögum fyrir áramót.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Hveragerðisbæjar,

Ragnheiður Brynjólfsdóttir
Þjónustufulltrúi



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafjörður, 15. desember 2016
2016020019

Efni: Umsögn um frv. til laga um br. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. desember 2016, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint mál.

Á 391. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem haldinn var 15. desember 2016 var frumvarpið tekið fyrir og eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

"Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum fyrir áramót."

Virðingarfyllt,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari

Umsögn umfrumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Þingskjal 6, mál 6.

Sendandi: Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna

Í frumvarpinu eru ákvæði um að stofnanir í B- og C-hluta ríkissjóð eigi að endurgreiða þann hluta af eingreiðslu ríkissjóðs til LSR sem varðar starfsmenn þeirra. ÍSOR er eina rannsóknastofnunin sem fellur undir B-hluta ríkissjóðs. Sama skylda er ekki lögð rannsóknastofnanir í A-hluta. Þarna kemur fram sterk mismunum milli rannsóknastofnana sem að öðru leyti gegna svipuðu hlutverki. Þetta ákvæði skerðir verulega samkeppnishæfni ÍSOR til langs tíma og hefur fyrirsjánaleg mikil neikvæð áhrif á rekstrarhæfnina.

Þess er farið á leit við Alþingi að lagafrumvarpinu verði breytt þannig að allar opinberar rannsóknastofnanir búi við sömu skilyrði hvað þetta varðar óháð því hvort þær eru flokkaðar sem A- eða B-hluta stofnanir.

Málið er skýrt nánar í eftirfarandi texta:

- ÍSOR er eina rannsóknastofnunin í hópi B- og C-stofnana. C-hluta stofnanir eru opinberar lánastofnanir en auk ÍSOR eru bara tvær aðrar B-stofnanir, ÁTVR og Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ). Gagnvart ÁTVR skiptir þetta ákvæði engu máli því endurgreiðsla ÁTVR á upphafsframlaginu mun eingöngu leiða til lægri arðgreiðslu ÁTVR til ríkissjóðs þannig að í raun ber ríkissjóður þennan kostnað. Í tilviki HHÍ myndi endurgreiðslan leiða til samsvarandi lækkunar á framlagi HHÍ til bygginga Háskóla Íslands sem hugsanlega þyrfti að mæta með auknum framlögum úr ríkissjóði til Háskólans eða lækkunar á einkaleyfisgjöldum HHÍ til ríkissjóðs. Í tilviki ÍSOR yrði hins vegar að nota framtíðartekjur ÍSOR til endurgreiðslunnar.
- ÍSOR er sú eina af rannsóknastofnunum ríkisins sem býr við annað rekstrarfyrirkomulag en aðrar rannsóknastofnanir þess. Eðli starfseminnar er þó alveg hliðstætt samkvæmt lögum; að stunda rannsóknir á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála.
- Munurinn á ÍSOR og öðrum rannsóknastofnunum felst í því að ÍSOR fær engin bein ríkisframlög en fær allar sínar tekjur samkvæmt samningum við ríkið og aðra á samkeppnisgrundvelli. Þess vegna fellur ÍSOR undir skilgreiningu B-hluta stofnunar. Aðrar rannsóknastofnanir fá bein framlög úr ríkissjóði til rannsókna og tengdrar þjónustu án samninga, útboðs eða samkeppni. Þær sinna þó margar umtalsverðum verkefnum á almennum markaði á samkeppnisgrunni svo sem eins og Veðurstofan og Nýsköpunarmiðstöð. Þessu

stofnunum er þó ekki ætlað að endurgreiða upphafsframlagið sem leiðir til þess að þær geta boðið þjónustu sína á lægra verði en ÍSOR, bæði gagnvart verkefnum fyrir hið opinbera og á almennum markaði.

- ÍSOR er rekið að „kostnaðargrunni“ sem þýðir að stofnunin er ekki rekin í hagnaðarskyni og á ekki að skila arði fremur en aðrar rannsóknastofnanir. Engu að síður er hagnaður af starfseminni sum ár og tap önnur ár. Sá hagnaður sem kann að myndast eitt árið er ýmist nýttur til að bæta innviði, stunda þróunarstarfsemi eða hann er fluttur milli ára til að jafna út afkomusveiflur. Þess vegna komst ÍSOR óskaddað í gegnum verulegan samdrátt í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008.
- ÍSOR hefur alla tíð verið rekið á ábyrgan hátt og staðið í skilum með allar sínar skuldbindingar, meðal annars gagnvart LSR. Þar hafa áfallnar skuldbindingar verið gerðar upp á hverju ári. Einnig má nefna að ÍSOR greiðir fullt markaðsverð fyrir húsnæði til Ríkiseigna og nýtur einskis beins fjárhagslegs hagræðis af því að vera ríkisstofnun, öndvert við flestar aðrar.
- Með því að krefja ÍSOR um endurgreiðslu á eingreiðslu ríkissjóðs til LSR er verið að láta framtíðarstarfsemi á samkeppnismarkaði bera kostnað af fortíðarvanda sem ÍSOR ber á engan hátt ábyrgð á.
- Endurgreiðslan myndi þýða verulega skerðingu á samkeppnishæfni ÍSOR, bæði gagnvart einkafyrirtækjum en einnig gagnvart öðrum ríkisstofnunum sem keppa um verkefni á sama markaði og ekki þurfa að greiða sinn hlut í eingreiðslunni til baka. Sú skerðing fælist í því að ÍSOR þyrfti að selja þjónustuna á hærra verði en aðrar ríkisstofnanir. Það þýddi samdrátt í verkefnum eða taprekstur sem í báðum tilvikum gæti haft keðjuverkandi áhrif og leitt að lokum til þess að ÍSOR yrði óstarfhæft.
- Hér einnig rétt að benda á að ÍSOR á í samkeppni um hæft starfsfólk, fyrst og fremst við fyrirtæki á almennum markaði. Því þarf ÍSOR að geta boðið upp á samkeppnishæf laun, ekki síst af því að hæft langreynt starfsfólk er söluvara stofnunarinnar, ekki síst í verkefnum í útlöndum. Það er því ekki fær leið að ætla að lækka laun starfsmanna framtíðar til að borga fyrir fortíðarvanda.

Til að leysa þennan vanda eru nokkrar leiðir en einfaldast er líklega að setja inn ákvæði um að „undanskilja rannsóknastofnanir“ endurgreiðsluákvæðinu.

Lagt er til að breyta texta 8.mgr. 7.greinar lagafrumvarpsins þannig að hún hljóði á eftirfarandi hátt:

„Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings **að undanskildum rannsóknastofnunum**, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara

starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings **að undanskildum rannsóknastofnunum** endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.“

Jafnframt þyrfti að breyta texta á athugasemdum við frumvarpið á nokkrum stöðum til samræmis.

Virðingarfyllst

Ólafur G. Flóvenz

forstjóri



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadilum gafst til að vega og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. málsli. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykpta A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykpta.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögina bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykpta er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímunn greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykktu, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykktu. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárförf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðsfélaga en ekki þeirra sjóðsfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélagar sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Nefndasvið Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 15.12.2016

Efni: Umsögn KVH um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997 með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). 6. mál.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp, sem hefur verið breytt að nokkru, frá fyrra frumvarpi (mál 873) sem lagt var fram á síðasta þingi. Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði grundvallar breyting á A-deild LSR og þar með réttindaávinnslu sjóðfélaga, auk þess sem bakábyrgð vinnuveitanda verði afnumin og lífeyristökualdur lengdur úr 65 árum í 67 ár, gegn bótum fyrir þær skerðingar sem annars yrðu.

Frumvarpið tekur mið af nýgerðu *Samkomulagi heildarsamtaka opinberra starfsmanna og ríkis og sveitarfélaga*, en stefnt hefur verið að því að lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært, sjóðfélagar geti auðveldlega fært sig milli lífeyrissjóða og vinnumarkaða, og kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði verði jöfnuð eins og kostur er. Markmiðum frumvarpsins er jafnframt ítarlega lýst í athugasemdum við frumvarpið.

KVH hefur áður lýst yfir stuðningi við þau meginmarkmið að koma á samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi til framtíðar fyrir alla landsmenn, með samræmingu réttinda, fullum bótum til sjóðfélaga fyrir skerðingar sem lagabreytingar hafa í för með sér, og síðast en ekki síst jöfnun launa háskólamanna á almennum og opinberum markaði.

KVH studdi ekki áður nefnt Samkomulag, sem liggur til grundvallar frumvarpinu, þar sem félagið taldi að mörgum spurningum um mikilvæga hagsmuni sjóðfélaga væri ósvarað og óvissa því töluverð. Einkum er 7.gr Samkomulagsins mjög óljós og almennt orðuð. Í ljósi þessa telur KVH alvarlega meinbugi vera á framlögðu frumvarpi sem leiða muni til skerðingar réttinda, ef breytingar verða ekki gerðar. Mjög mikilvægt að frumvarpið endurspegli nægilega vel þau markmið og forsendur sem aðildar ofangreinds Samkomulags gerðu með sér. Nauðsynlegt er jafnframt að fyrirhugaðar breytingar á samþykktum LSR (og Brúar, áður LSS) tryggji sjóðfélögum jafngóð réttindi og fyrir breytingu.

Athugasemdir KVH við frumvarpið eru eftirfarandi:

1. Í frumvarpinu, 7.gr., er lagt til að framlag í *lífeyrisaukasjóð* A-deildar verði 106,8 ma.kr. í stað 91,3 ma.kr. í fyrra frumvarpi og byggir á endurreikningi m.v. tryggingafræðilega stöðu A-deildar í lok september 2016, í stað ársloka 2015. Á þessum stutta tíma hefur því staða sjóðsins versnað verulega og verður að gera ráð fyrir að slík þróun gæti haldið áfram. Við mat á stærð lífeyrisaukasjóðsins er auk þess ekki tekið tillit til þess að ævilengd muni líklega halda áfram að vaxa. Ef miðað væri við spá Félags tryggingastærðfræðinga um dánar- og eftirlífendalíkur, þá væri tryggingafræðileg staða sjóðsins tugum milljarða lakari. Strax á árinu 2018 gæti þurft að leggja sjóðnum til háar fjárhæðir af þessum sökum.

2. Aðrir óvissuþættir en breytingar á lífslíkum, sem hér verður að taka tillit til, eru örorkulíkur, sem fara hratt vaxandi með hækkandi eftirlaunaaldri, og ávöxtun eigna bæði hérlendis og erlendis. Fjárfestingaumhverfi erlendis er erfitt og alþjóðlegt vaxtaumhverfi lágt. Vegna breyttrar aldursamsetningar þjóða þarf sparnaður að aukast, en hann getur leitt til lægra vaxtastigs og minni arðsemi fjárfestinga, að öðru óbreyttu.
3. Auðljóst er að varúðarsjóðurinn sem nemur 8,4 ma.kr. (aðeins um 1,2% af heildarskuldbindingum LSR) er alltof lítill til að geta tryggt núverandi sjóðfélögum réttindi þeirra og réttindaávinnslu.
4. Ýmsir þættir í frumvarpinu eru óljósir og þarfnast skýringa. Ekki kemur t.d. fram með skýrum hætti að tryggt sé að sjóðfélagar muni halda réttindum sínum er varðar örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri.
5. Ekki kemur heldur fram með skýrum hætti í frumvarpinu hvers vegna borin eru saman réttindi sem áunnin eru til 65 ára aldurs með jafnri réttindaávinnslu við réttindi áunnin með aldurstengdri réttindaávinnslu til 67 ára aldurs. Flestir sjóðfélagar A-deildar LSR kjósa að starfa lengur en til 65 ára aldurs.
6. Þá virðist óljóst hvort sjóðfélagar fái lífeyrisauka greiddan út starfsævina, sér í lagi eftir 65 ára aldur og eftir að taka lífeyris hefst, með mikilli réttindaávinnslu síðustu árin.
7. Ekki virðist vera að frumvarpið tryggi rétt *allra* núverandi sjóðfélaga þegar kemur að flutningi milli lífeyrissjóða. Í 7.gr., b-liðar (IX), 3.mgr. er talað um „*virka greiðendur í A-deild*“ sem skuli tryggja réttindi hjá, en ekki *alla sjóðfélaga* eða *alla* þá sem eiga réttindi í sjóðnum. Í 6.mgr. sama liðar kemur skýrt fram að falli iðgjaldgreiðslur sjóðfélaga niður til lengri tíma en 12 mánaða, falli „*réttur hans til frekari lífeyrisauka niður*.“ Í Samkomulaginu sem vísað er til hér að ofan segir hins vegar skýrt að *allir* sjóðfélagar eigi að geta fært sig milli lífeyrissjóða án þess það hafi áhrif á réttindaávinnslu. Svo virðist þó ekki vera skv. frumvarpinu og því verður ekki séð að allir sjóðfélagar muni geta fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er á starfsævinni án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.
8. Í 7.gr., c-liðar (X), 3.mgr. –c liðar, segir að komi til þess að varúðarsjóður geti ekki staðið við hlutverk sitt...“*skuli launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist*.“ Þá segir að verði niðurstaðan neikvæð á mati á því hvort tryggingafræðilegar forsendur hafi verið réttar, skuli „*brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð*“. Ekki kemur fram hvað gera skuli ef aðilar verða ósammála um niðurstöður matsins eða leiðir til leiðréttinga. Til að bregðast við því mætti bæta við ákvæði um aðkomu 3ja aðila, svo sem ríkissáttasemjara, til að leiða slíkan ágreining til lykta.
9. Fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni er hann mælti fyrir frumvarpi þessu í hið fyrra skiptið, að „*til grundvallar*“ því liggja áðurnefnt *Samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála*. Í 7.gr. Samkomulagsins er fjallað um jöfnun launa milli vinnumarkaða og að því máli er jafnframt vikið í athugasemdum við frumvarpið sem því fylgja. Í þeim athugasemdum kemur fram að þessi þáttur samkomulagsins „*er ein af forsendum fyrir breyttu lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna*.“ KVH hefur gagnrýnt orðalag 7.gr. Samkomulagsins, telur það ekki nægilega skýrt og frumvarpið

tryggi ekki að markmiðinu um jöfnun launa milli markaða verði náð „á 6 - 10 árum“, þótt þar segi að ríki og sveitarfélög „*skuldbindi sig til að leggja fram fjármuni svo sett markmið náist á tilsettum tíma.*“ Hvernig þessu markmiði, um jöfnun launa og kjara milli markaða, verður náð, getur heldur ekki verið ákvörðunaratriði annarra aðila á vinnumarkaði en opinberra starfsmanna og ríkisins.

10. Í frumvarpinu er breytt því ákvæði frá fyrra frumvarpi hvernig leggja skuli mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs o.fl. Í fyrra frumvarpi segir: „*Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en fimm ár, sbr. 39.gr.laga nr. 129/1997, skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta.....við eignir lífeyrisaukasjóðsins.....*“ Í núverandi frumvarpi segir: „*Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans*“ . Þessi breyting er afturför frá fyrra frumvarpi.
11. Í athugasemdum með frumvarpinu er ræddur sá möguleika að ríkið fjármagni lífeyrisaukasjóðinn að hluta með því að framselja eignir og verðbréf og greiði með erlendum gjaldeyri! Þarna væri verið að taka fram fyrir hendur stjórnar LSR um hvernig skuli ávaxta eignir sjóðsins. Það gengur ekki að ríkið ákveði einhliða að greiða skuldir sínar við LSR með framsali ákveðinna eigna til LSR. Verð á þeim eignum þyrfti að ákveða með samningum þar sem tekið væri tillit til seljanleika eignanna og áhrif þeirra á áhættudreifingu í eignasafni lífeyrisjóðsins. Það er ekki æskilegt að ríkið ákveði hvernig fjármunir sjóðsins eru ávaxtaðir.

Þá má enn áréttta að lífeyrissjóðir eru eign sjóðfélaga og Samkomulagið sem vísað er til getur sem slíkt ekki haggð þeim réttindum sjóðfélaga sem þeir þegar hafa með núgildandi lögum. Þá eru lífeyrisréttindi sem slík eignaréttindi og njóta verndar m.a. stjórnarskrár. Því er nauðsynlegt að hægt sé að sýna óyggjandi fram á að væntanlegar breytingar á lögum um LSR muni ekki skerða áunnin lífeyrisréttindi og réttindaávinnslu núverandi sjóðfélaga.

KVH hefur áður með rafpósti vakið athygli nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar á afstöðu félagsins með frétt og veftengli í vandaða skýrslu sem félagið fékk ráðgjafafyrirtækið Integra (Dr. Oddgeir Á Ottesen) til að vinna og snýst um mat á virði bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum A-deildar LSR.

KVH vill í lokin gera alvarlegar athugasemdir við þann flýti sem er á málsmeðferð Alþingis á þessu mikilvæga máli og afar skamman tíma fyrir hagsmunaaðila til að veita umsögn. Slík vinnubrögð verða því miður ekki talin til fyrirmyndar.

KVH hefði áhuga á að koma fyrir nefndina og fylgja þessum athugasemdum eftir.

f.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
Hallur Páll Jónsson
framkvæmdastjóri KVH

Mat á virði bakábyrgðar ríkisins á
skuldbindingum A-deildar LSR.
9. desember 2016

Dr. Oddgeir Ágúst Ottesen,
INTEGRA RÁÐGJÖF

Efnisyfirlit

Inngangur	3
2 Lífeyrisréttindi sjóðsfélaga LSR.....	5
Réttindaávinnsla ellilífeyris.....	5
Lífeyristökualdur.....	6
Örorkubætur	6
Makalífeyrir	6
Barnalífeyrir.....	6
Óvissupættir sem áhrif hafa á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða.....	6
Ávöxtun eigna.....	7
Dánar- og eftirlifendalíkur	7
Örorkulíkur	8
Sambúðarlíkur	8
Barnalíkur	8
Eftirlaunaaldur.....	8
Mat á virði bakábyrgðar ríkisins	9
Lokaorð.....	12

Inngangur

Þessi skýrsla um virði bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er unnin fyrir Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga. Hún er unnin út frá sjóðstreymisáætlun tryggingastærðfræðings LSR fyrir mat á tryggingafræðilegri stöðu A-deildarinnar í árslok 2015.¹

Fyrir alþingi liggur frumvarp um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Skv. frumvarpinu skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða. frá og með 1. janúar 2017. Stjórn sjóðsins ber að aðlaga samþykktir sjóðsins að fyrrgreindum lögum nr. 129/1997 fyrir 1. nóvember 2016. Frumvarpið byggir á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga við heildarsamtök opinberra starfsmanna. Samkvæmt því eiga núverandi sjóðsfélagar að halda sínum áunnu og framtíðarréttindum.

Réttindi og réttindaávinnsla sjóðsfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eru töluvert önnur en réttindi og réttindaávinnsla lífeyrissjóða starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt gr. 7 b í fyrrgreindu framvarp skal ríkissjóður eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91,179 m.kr. framlag, sem kallast Lífeyrisauki, til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lífeyrisaukinn er mismunur á réttindum sjóðsfélaga skv. jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga skv. aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Ekki er ljóst af hverju ekki eru borin saman réttindi sjóðsfélaga skv. jafnri og aldurstengdri réttindaávinnslu miðað við sama lífeyristökualdur. Réttindaávinnsla sjóðsfélaga í A-deild LSR er mun meiri en sjóðsfélaga almennra lífeyrissjóða frá 65 ára til 70 ára aldur. Ekki er skýrt í frumvarpinu hvort núverandi virkir sjóðsfélagar A-deildar LSR munu eiga áfram þann möguleika að vinna frá 65-70 ára aldurs með réttindaávinnslu samkvæmt núverandi kjörum.

Lífeyrisaukinn er ákvarðaður á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015, fyrir utan að miðað er við lífslíkur árána 2010-2014. Óvissa ríkir um allar tryggingafræðilegar forsendur. Þess vegna er í frumvarpinu kveðið á um stofnun varúðarsjóðs upp á 8,4 ma.kr. Varúðarsjóðurinn að hluta eða í heild er lagður við lífeyrisaukasjóðinn, ef tryggingastaða lífeyrisaukasjóðsins verður neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða um a.m.k. 5% í meira en 5 ár. Varúðarsjóðurinn nemur 1,3% af tryggingafræðilegri stöðu A-deildar LSR um í árslok 2015. Það er því ljóst að tryggingafræðileg staða A deildar LSR má ekki breytast mikið til að varúðarsjóðurinn tæmist.

Í frumvarpinu er ekki getið um hversu líklegt talið sé að varúðarsjóðurinn muni duga. Stærð sjóðsins var metin út frá virði bakábyrgðarinnar. Í þeim tilfellum þar sem ekki reynir á varúðarsjóðinn gengur sjóðurinn aftur til ríkisins. Virði bakábyrgðarinnar var metin út frá þeirri forsendu að búið væri að breyta réttindaávinnslu A-deildar LSR í aldurstengda réttindaávinnslu. Virði bakábyrgðarinnar var eingöngu metið út frá einum áhættuþætti, ávöxtun eigna sjóðsins. Gert var ráð fyrir sjóðurinn myndi ná 3,5% ársávöxtun að meðaltali, sem er eðlileg forsenda miðað við söguleg gögn en hátt mat miðað við aðstæður á mörkuðum í dag.

Það mat á virði bakábyrgðar sem miðað er við í fyrrnefndu frumvarpi er alltof lágt. Þess utan er ekki hægt að bæta afnám ríkisábyrgðar með varúðarsjóð upp á virði bakábyrgðarinnar, varúðarsjóð sem gengur til ríkisins ef ekki reynir á hann. Ekki er tryggt að A-deild LSR hafi fjármagn til að greiða núverandi sjóðfélögum skv. núverandi kjörum, þá er alls ekki tryggt í frumvarpinu að sjóðfélagar haldi sínum réttindum er varða t.d. örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Í heildina er niðurstaðan sú að núverandi frumvarp felur í sér kjaraskerðingu fyrir sjóðfélaga A-deildar LSR.

¹ Skýrsluhöfundur þakkar Arnóri Inga Finnbjörnssyni, Birgi Guðjónssyni og Rajnish Mehra fyrir gagnlegar ábendingar.


Í kafla 2 er lífeyrisréttindum og réttindaávinnslu í A-deild LSR lýst og borin saman við réttindaávinnslu og réttindi lífeyrissjóða starfsmanna á almenna vinnumarkaðnum. Í kafla 3 er lagt mat á virði bakábyrgðarinnar. Skýrslan endar svo á lokaorðum.

2 Lífeyrisréttindi sjóðsfélaga LSR

A-deild Lífeyrissjóðs Starfsmanna ríkisins er með skilgreindum réttindum, þar sem sjóðsfélagar fá réttindi í hlutfalli við þau iðgjöld sem greidd eru, óháð því hvenær iðgjöldin eru greidd og óháð því hvernig lífeyrissjóðurinn nær að ávaxta iðgjöldin. Lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins gilda um A-deild LSR.

Réttindaávinnsla ellilífeyris

Iðgjöld sjóðsins eru reiknuð til stiga. Stig til lífeyrisréttinda reiknast sem árslaun sjóðsfélaga deilt með grundvallarlaunum sem hækka með vísitölu neysluverðs. Grundvallarlaun í janúar 1996 námu 49.084 kr. og eru orðin 123.527kr. desember 2016. Iðgjöld af launum upp á 1.482.326 gefa því eitt stig. Upphæð ellilífeyris er síðan stigafjöldi *0,019 * grundvallarlaun eins og þau eru á hverjum tíma. Mynd 1 sýnir stigasöfnun manns á meðallaunum frá janúar 1996 til loka árs 2015. Þó jafnan sé talað um að jöfn réttindaávinnsla sé hjá opinberu sjóðunum sem eru með skilgreind réttindi, þá má búast við að réttindaávinnslan verði meiri með hverju árinu. Er það vegna þess að laun hækka almennt eða til lengri tíma litið meira en verðlag. Kjósi sjóðsfélagi í LSR A- deild að vinna frá 65 ára aldri til 70, þá verður réttindaávinnslan á þeim árum u.þ.b. mun meiri en áranna á undan. Mikil verðmæti eru fólgin í því fyrir sjóðfélaga A-deildar LSR að hafa þann möguleika að starfa á árunum 65-70 ára með mikilli réttindaávinnslu.



Mynd 1 Stigastöfnun í A deild LSR m.v. laun sem fylgja launavísitölu og voru 600.000kr. í júlí 2015

Samanburður við réttindaávinnslu lífeyrissjóða á almennum markað

Hjá lífeyrissjóðum starfsmanna á almennum vinnumarkaði greiða sjóðsfélagar og vinnuveitendur ákveðið hlutfall af launum í lífeyrissjóð af hverri launagreiðslu sem síðan er ávöxtuð af sjóðnum og notuð að hluta til að greiða sjóðfélögum ellilaun. Iðgjöld hækka yfir tíma í samræmi við launaþróun.

Frá 1996 hafa laun hækkað að raungildi um 2,1% miðað við launavísitöluna. Ef ávöxtun iðgjalda er hærrí en hækun launa þá hafa fyrri iðgjaldagreiðslur meiri áhrif á lífeyrisréttindi en þær síðari, öfugt við það sem er hjá A-deild LSR.

Lífeyristökualdur

Sjóðafélagi A deildar LSR getur hafið töku ellilífeyris mánuði eftir að hann verður 65 ára. Einnig er heimilt að flýta töku lífeyris til mánaðar eftir að 60 ára aldri er náð eða seinka tökunni til mánaðar eftir að sjóðfélagi verður 70 ára. Ef sjóðsfélagi flýtir töku lífeyris, þá eru áunnin lífeyrisréttindi lækkuð um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar upp á 65 ára aldurinn. Kjósi sjóðsfélagi að fresta töku lífeyris þá hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem að sjóðsfélagi ávann sér fyrir 65 ára aldur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem ellilífeyristöku er frestað.

Örorkubætur

Sjóðsfélagi hjá A-deild LSR á rétt á örorkubótum, ef að hann hefur verið metinn 40% öryrki og áunnið sér a.m.k. 2 stig.

Samanburður við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda

Fram kemur fram í 15. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða að „sjóðsfélagi á rétt á örorkulífeyri ef að hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.“

Makalífeyrir

Við andlát sjóðfélaga sem fær greiddan ellilífeyri eða örorkubætur úr sjóðnum eða hefur greitt í sjóðinn í a.m.k. sex mánuði af síðustu 12 mánuðum, á eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Samanburður við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda

Skv. lögum nr. 129/1997 skal lífeyrissjóður greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga ef hann hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs eða notið elli- eða örorkulífeyris í a.m.k. 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum fyrir andlát sitt. Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en 24 mánuði.

Barnalífeyrir

Við fráfall sjóðfélaga sem hefur greitt iðgjöld til sjóðsins á sex af síðustu 12 mánuðum eða fengið greiddan örorkulífeyri, eiga börn hans rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga nam upphaflega 10.000 kr. m.v. neysluverðsvísitöluna 174,2 stig. Í nóv. 2016 er barnalífeyririnn 25.166 kr.

Samanburður við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Skv. lögum nr. 129/1997 skal fullur barnalífeyrir sem greiddur er börnum yngri en 18 ára vera að lágmarki 7.500 kr. á mánuði með hverju barni m.v. grunnvísitöluna (VNV) 173,5 stig. Í nóvember 2016 er barnalífeyririnn 18.951 kr.

Óvissuþættir sem áhrif hafa á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða

Í 10. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins kemur fram að árlega skuli fara fram tryggingafræðileg athugun á fjárhag sjóðsins og að nánari reglur um framkvæmd athugunarinnar skuli setja í samþykktir sjóðsins. Í samþykktum sjóðsins er, varðandi tryggingafræðilegar forsendur, vísaði í ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í fjórða kafla reglugerðar nr. 391/1998 koma fram þær forsendur sem tryggingafræðileg úttekt lífeyrissjóða byggir á. Útgáfur frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) skal nota við mat dánar- og lífslíkum, líkum á að sjóðsfélagi verði í hjónabandi eða sambúð, örorkulíkum og líkum á að sjóðsfélagi eignist barn á hverju aldursári í framtíðinni. Hér verður fjallað um þær forsendur og fleiri þætti sem áhrif hafa á tryggingafræðilega stöðu og þróun hennar.

Ávöxtun eigna

Viða um heim standa lífeyrissjóðir frammi fyrir erfiðu fjárfestingaumhverfi. Langtímavextir ríkisskuldabréfa í nágrannalöndunum okkar eru mjög lágir í sögulegu samhengi. Meðal skýringa á lágu alþjóðlegu vaxtaumhverfi má nefna afleiðingu af magnbundinni íhlutun (e. quantitative easing) Seðlabanka í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar 2007-2009. Einnig hafa breytingar á aldurssetningu þjóða töluverð áhrif. Stórir árgangar eru komast á eftirlaunaaldur víða um heiminn sem gerir það að verkum að hlutfallslega færri verða starfandi. Auknar lífslíkur leiða einnig til þess að hlutfallslega lægra hlutfall verður vinnandi auk þess sem lengri ævi á eftirlaunum leiðir til þess að sparnaður vinnandi fólks verður að aukast. Aukinn sparnaður leiðir að öðru óbreyttu til lægri vaxta.

Í fjármálastöðugleikaskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins², sem gefin var út í október 2016, er töluvert fjallað um þann vanda sem lífeyrissjóðir standa frammi fyrir vegna lágvaxtaumhverfisins. Mat sjóðsins er að áhætta til meðallangs tíma í hagkerfi heimsins hafi aukist. Sjóðurinn bendir á að á fjármála-mörkuðum heimsins sé núna búist við löngu tímabili lágra vaxta og fjallar um hvaða áhrif það hefur á stöðu lífeyrissjóða. Í fjórða kafla „Business and Finance Outlook 2015“³ sem gefið út af OECD er lýst áhyggjum af því að lífeyrissjóðir færi sig úr hefðbundnum áhættulitlum eignum yfir í áhættumeiri eignir í leit að hærri ávöxtun. Í núverandi umhverfi gæti orðið erfitt fyrir lífeyrissjóði að ná að jafna sögulega ávöxtun sé litið til næstu ára og jafnvel áratuga.

Algengt er að talað sé um að lífeyrissjóðir þurfi að ná væntri ávöxtun upp á 3,5% á sínar eignir. Lífeyrissjóður sem næði 107% ávöxtun eitt árið og -100% hið næsta yrði þó í vondum málum. Hið rétta er að sjóðirnir þurfa að ná 3,5% ávöxtun yfir tímabil, þar sem ávöxtunin er metin með rúmfræðilegu meðaltali. Munur á rúmfræðilegu meðaltali ávöxtunar og venjulegu er u.þ.b. hálf færik (e. variance) ávöxtunar. Miðað við sögulegt flökt í ávöxtun lífeyrissjóða þarf því vænt ársávöxtun þeirra að vera nær 4% en 3,5%. Flökt í ávöxtun lífeyrissjóða stafar bæði af flökki á eignamörkuðum en einnig af flökki gjaldmiðla. Sveiflur á íslensku krónunni geta haft mikil áhrif á afkomu lífeyrissjóða til skamms og meðallangs tíma.

Dánar- og eftirlifendalíkur

Nýjustu töflur FÍT byggja á reynslu árána 2010-2016 og gilda frá 25. október 2016. Tafla sem notuð var á undan þeirri töflu byggði á reynslu árána 2007-2011. Á árinu 2017 á að nota lækkunartöflur gefnar út af FÍT þar sem gert er ráð fyrir að dánarlíkur haldi áfram að lækka á næstu áratugum og vænt ævilengd að aukast. Vitað er að eftir að lækkunartöflurnar verða teknar í notkun mun tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða versna. Búast má við að tryggingafræðileg staða A-deildar LSR geti versnað um u.þ.b. 10%.

Töluverð óvissa er um þróun dánarlíkna, sem getur haft mikil áhrif á stöðu lífeyrissjóða í framtíðinni.

² Global Financial Stability Report <https://www.imf.org/external/pubs/ft/gfsr/>

³ Kaflinn ber heitið „Can pension fund and life insurance companies keep their promises“ og má finna á <http://www.oecd.org/daf/fin/private-pensions/BFO-2015-Can-pension-funds-and-life-insurance-companies-keep-their-promises.pdf>

Örorkulíkur

Við mat á tíðni örorkulífeyrisþega frá 2004 hefur verið byggt á reynslu íslenskra lífeyrissjóða áráanna 1998-2002, sem mynda grundvöll fyrir töflur sem gefnar eru út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT). Skv. 22. gr. reglugerðar nr. 391/1998 getur tryggingastærðfræðingur notað aðrar forsendur en getið er um í reglugerðinni, ef að hann telur að það gefi réttara mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Þessu ákvæði hefur verið beitt af tryggingastærðfræðingum á þann hátt að örorkulíkur hafa verið metnar mismunandi eftir sjóðum og sem margfeldi af líkum útgefnum af FÍT. Hjá A-deild LSR hefur örorkutíðnin frá 2004 verið metin sem 60% af útgefnum líkum.

Tíðni örorkulífeyrisþega hefur aukist mikið frá aldamótum, bæði samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands og ársreikningum LSR. Örorkulífeyrisþegum hjá A-deild LSR fjölgaði um 20% á árinu 2015 og hefur fjölgað um 16,5% að meðaltali frá 2004. Töluverð óvissa er um hvernig þessi óvissuþáttur mun þróast í framtíðinni og líklega er fullt tilefni til þess að hinar opinberu örorkutöflur verði endurskoðaðar út frá reynslu síðustu ára.

Sambúðarlíkur

Sambúðarlíkur sem gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegum útreikningi byggja á reynslu áráanna 1996-2000.

Barnalíkur

Barnalíkur eru byggðar á reynslu áráanna 1996-2000.


Eftirlaunaaldur

Við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu hjá A-deild LSR hefur verið gert ráð fyrir því að allir eldri en 65 ára fari strax á eftirlaun og nýti sér ekki réttinn/möguleikann á að vinna lengur með mikilli réttindaávinnslu á árunum eftir 65 ára aldur. Raunin er hins vegar sú meirihluti virkra sjóðfélaga við 65 ára aldur halda áfram að starfa og greiða iðgjöld í sjóðinn. Með vaxandi ævilengd eru horfur á því að jafnvel enn fleiri sjóðfélagar munu kjósa að starfa til 70 ára aldurs.

Tryggingastærðfræðingur LSR hefur ekki metið hvort og hvernig seinkun lífeyristöku eftir 65 aldur hafi áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Vegna þess að réttindaávinnsla sjóðfélaga lífeyrissjóðsins er mikil fyrir árin 65-70, þá hefur lífeyristökualdurinn haft marktæk áhrif á tryggingafræðilega stöðu, Sér í lagi eftir að dánar-líkur hafa lækkað og fólk lifir lengur en áður. Samkvæmt útreikningum skýrsluhöfundar hefur seinkun lífeyristökualdur neikvæði áhrif á tryggingafræðistöðu sjóðsins miðað við núverandi lífslíkur.

Mat á virði bakábyrgðar ríkisins

Virði bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum ríkisins fara bæði eftir hvaða ávöxtun næst á eignir sjóðsins og hvernig skuldbindingar sjóðsins þróast. Eins og sést af mynd 2, þá hefur tryggingafræðileg staða oft breyst töluvert á milli ára. Einnig sést af myndinni, að aðrir þættir en ávöxtun eigna hafa haft mikil áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.



Mynd 2 Ársávöxtun A-deildar LSR og breytingar milli ára á tryggingafræðilegri stöðu.

Helstu áhættuþættir sem áhrif hafa á tryggingafræðilega stöðu fyrir, utan ávöxtun eigna, eru dánarlíkur og örorkutíðni sjóðfélaga. Örorkulíkur sjóðfélaga var breytt fyrir mat á tryggingafræðilegri stöðu í lok árs 2004. Forsendum um dánartíðni voru breytt fyrir mat á tryggingafræðilegri stöðu í lok árána 2002, 2004, 2006, 2010 og 2012. Á árinu 2004 nam raunávöxtun eigna A-deildar LSR 9,5%, en vegna breytinga á forsendum um dánarlíkur og örorkulíkur lækkaði tryggingafræðileg staða frá árinu á undan. Yfir allt tímabilið frá 2001-2015 lækkaði tryggingafræðileg staða úr -0,8% í -8,80%. Þó að meðalávöxtun yfir tímabilið hafi aðeins náð 2,9%⁴, sem er undir ávöxtunarviðmiðum lífeyrissjóða, þá hafa breytingar á lífslíkum og örorkulíkum haft meiri áhrif á tryggingafræðilega stöðu en ávöxtunin.

Stundum er ekki einu sinni nóg að líta á breytingar á þessum þremur þáttum til að átta sig á breytingum á tryggingafræðilegri stöðu. Á árinu 2005 var ávöxtun eigna mjög góð, örorkulíkur og dánarlíkur óbreyttar en samt batnaði tryggingafræðileg staða A-deildarinnar ekki neitt.

Við mat á virði bakábyrgðarinnar var unnið út frá spá tryggingastærðfræðings sjóðsins um framtíðargreiðslur sjóðsins (lífeyrisgreiðslur og kostnaður) sem gerð var fyrir tryggingafræðilega uppgjör sjóðsins í lok árs 2015. Núvirði framtíðarskuldbindinga sjóðsins mun nema skv. þeirri áætlun 670.527 m.kr. í lok árs 2016. Sú tala gæti hækkað um u.þ.b. 10 ma.kr., þegar miðað verður við dánarlíkur byggða á reynslu árána 2010-2014 í stað árána 2007-2011. Tryggingafræðileg staða mun svo versna um tugi milljarða

⁴ Hér er meðaltal reiknað út frá rúmfræðilegu meðaltali.

í tryggingafræðilegu uppgjöri fyrir lok árs 2017, þegar gera þarf ráð fyrir að dánarlíkur haldi áfram að lækka.

Miklar líkur eru á að raunávöxtun A-deildar LSR verði neikvæði á árinu 2016, sem mun auka hallann á tryggingafræðilegri stöðu en ekki hafa áhrif á framtíðarskuldbindingar. Hver sem hallinn verður á tryggingafræðilegri stöðu, þá er í þessu mati gert ráð fyrir innborgun þannig að jafnvægi verði í tryggingafræðilegri stöðu. Gert er ráð fyrir að vænt ávöxtun sjóðsins verði 3,5% (3,44% m.v. samfellda vexti). Staðalfrávik ávöxtunar sjóðsins var 9,3% á árunum 2001-2015. En virði ríkisábyrgðarinnar er metin fyrir staðalfrávikin 5%, 7,5% og 10%.

Eins og áður hefur komið fram er töluverð óvissa í skuldbindingum sjóðsins. Sú áhætta var ekki metin beint inn í virði bakábyrgðarinnar en gerð var næmnigreining á áhrifum þess að tryggingafræðileg staða væri neikvæð í lok árs 2015 (-10%, -12,5 og -15%). Þegar gert var ráð fyrir að halli á tryggingafræðilegri stöðu næmi $x\%$ voru framtíðarskuldbindingar margfaldaðar með $1/(1-x\%)$. Niðurstaða útreikninganna má sjá í töflu 1. Í raun skiptir ekki máli hvort um er að ræða mældan halla á tryggingafræðilegri stöðu eða ef um er að ræða að opinberar tölur vanmeti hallann af einhverjum ástæðum.

Tafla 1 Virði bakábyrgðarinnar m.v. nokkrar forsendur

Staðalfrávik ávöxtunar	Virði bakábyrgðar ríkisins í ma.kr.
Miðað við að tryggingafr. staða sé 0 í lok árs 2016	
5,0%	62.080
7,5%	92.785
10%	123.096
Miðað við 10% halla á tryggingafræðilega stöðu í lok árs 2016	
5,0%	110.251
7,5%	140.279
10,0%	171.010
Miðað við 12,5% halla á tryggingafræðilega stöðu um áramót 2016	
5,0%	126.280
7,5%	155.474
10,0%	185.953
Miðað við 15% halla á tryggingafræðilega stöðu um áramót 2016	
5,0%	144.089
7,5%	172.213
10,0%	202.293

Tafla 1 sýnir að miklu máli skiptir að upp á virði bakábyrgðarinnar að tryggingafræðileg staða sé núll við upphaf þess tímabil sem virði ábyrgðarinnar er reiknað fyrir. Auk þess að reikna út virði bakábyrgðarinnar, þá voru gerðar nokkrar sviðsmyndir sem margar sýndu að ágóði sjóðsfélaga af ríkisábyrgðinni gæti verið mjög mikill. Meðal sviðsmynda má nefna:

Sviðsmynd 1: Gert er ráð fyrir 3% fastri ávöxtun í 20 ár. Þá verður tryggingafræðileg staða orðin -8,9% í lok tímabilsins.

Sviðsmynd 2: Gert er ráð fyrir að ávöxtun eigna sjóðsins sé normaldreifð með meðaltal 3,5% og staðalfrávik 5%. Miðað við 100 hermanir, þá verður tryggingafræðileg staða sjóðsins orðin, í meira en

einum þriðja tilfella, verri en -10%. Í sumum tilfellum var tryggingafræðileg staða mikið neikvæð, en þá hefði sjóðurinn þurft að bregðast við fyrr.

Lokaorð

Samkvæmt samkomulagi aðila á opinberum vinnumarkaði um breytta skipan lífeyrismála ber launagreiðendum að leggja sjóðnum til ákveðnar fjárhæðir til að bæta sjóðfélögum það tap sem þeir hefðu ella orðið fyrir samfara breytingu á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Muninn á gildandi réttindum og réttindum núverandi virkra sjóðfélaga í A -deild LSR í nýja kerfinu ber að bæta árlega.

Í samkomulagi aðila á opinberum vinnumarkaði um breytta skipan lífeyrismál og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðmæti óbeinnar bakábyrgðar ríkisins verði „bætt með sérstökum varúðarsjóð“. Í fyrsta lagi þá getur varúðarsjóður upp á mat á verðmæti ríkisábyrgðar aldrei komið í stað ríkisábyrgðarinnar. Verðmæti trygginga og varúðarsjóður sem koma á í stað tryggingarinnar geta ekki verið upp á sömu fjárhæð, ef markmiðið er að núverandi sjóðfélagar verði jafn vel settir í nýja kerfinu.

Núverandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífeyrisjóð starfsmanna ríkisins uppfyllir ekki það skilyrði samkomulagsins að tryggt sé að munur á gildandi réttindum núverandi virkra sjóðfélaga og réttindum þeirra í nýja kerfinu séu bætt. Sér í lagi er varúðarsjóðurinn alltof lítill til að tryggja að sjóðurinn geti tryggt núverandi sjóðfélögum sín réttindi og réttindaávinnslu.

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Efni: Umsögn Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannáþjónustu um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Félagið tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB um lagafrumvarp fjármála og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

Akureyri 14. desember 2016

Arna Jakobína Björnsdóttir
formaður Kjalar stéttarfélags

Skipagata 14
Pósthólf 75
602 Akureyri
Sími 525 8383
kjolur@kjolur.is
www.kjolur.is

15.12.2016

Til þess er málið varðar.

Hjálögð er umsögn LL um frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, þskj. 6 – 6. mál sem er til umfjöllunar hjá efnahagsnefnd Alþingis.

Athugið að vísað er, í umsögninni, til fyrri umsagnar LL um frumvarpið sem hér er til meðferðar og er sú umsögn (dags. 03.10.16) einnig hér meðfylgjandi. Þetta frumvarp, sem litlum breytingum hefur tekið frá fyrri frumvarpi, var enda til umfjöllunar hjá annarri nefnd á síðasta þingi og því nauðsynlegt að fyrri umsögn LL komist að hjá efnahagsnefnd vegna umfjöllunar um frumvarpið eins og það liggur fyrir nú.

Kveðja.



Snorri Magnússon

Formaður Landssambands lögreglumanna / Chairman Police Federation of Iceland

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími / tel + 354 525 8360

Tölvupóstur / e-mail: snorri@logreglumenn.is

Vefsíða / Webpage: www.logreglumenn.is



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 15. desember 2016.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Tilvísun yðar: Þskj. 6 – 6. mál 146. löggjafarþing.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Landssamband lögreglumanna (LL) mótmælir harðlega því frumvarpi sem hér er til umsagnar. LL greiddi einnig atkvæði gegn því að heimila undirskrift BSRB undir það samkomulag sem liggur til grundvallar þeim lagabreytingum sem hér eru til skoðunar.

LL leyfir sér að visa, varðandi umsögn um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar, til fyrri umfjöllunar sinnar, dags. 3. október s.l. um frumvarp sama efnis á þskj. 1689 – 873. mál 145. löggjafarþing sem var til umfjöllunar hjá fjárlaganefnd Alþingis (sjá meðfylgjandi). Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar hefur enda ekki tekið þeim breytingu frá fyrra frumvarpi að það kalli á stórvægilegar breytingar á innihaldi athugasemda LL við fyrra frumvarpið.

Til frekari reifunar málsins vísar LL einnig til fundargerðar fjárlaganefndar dags. 4. október s.l. en þar mættu fulltrúar LL, Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), Tollvarðafélags Íslands (TFÍ), Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSOS) og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fih) til að fylgja eftir skriflegum athugasemdum sínum við fyrra frumvarpið.


Að auki leyfir LL sér að vísa til lagalegrar álitserðar Gísla Tryggvasonar, hdl., dags. 1. desember s.l. er hann vann fyrir LL, SLFÍ, TFI og LSOS.

Landssamband lögreglumanna áskilur sér allan rétt til að koma frekari athugasemdum og ábendingum að á síðari stigum málsins.

Að síðustu vill LL, líkt og áður, gera sérstakar og alvarlegar athugasemdir við það hversu skammur tími er jafnan gefinn til að koma að athugasemdum við lagafrumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi.

Á þessi athugasemd sérstaklega við í þessu tilviki þar sem rétt um sólarhringur er gefinn til að koma að athugasemdum og sér í lagi í ljósi þess að hér er um að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir launþega á hinum opinbera vinnumarkaði.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 3. október 2016.

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Tilvísun yðar: Þskj. 1689 – 873. mál 145. löggjafarþing.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Landssamband lögreglumanna (LL) mótmælir harðlega því frumvarpi sem hér er til umsagnar. LL greiddi einnig atkvæði gegn því að heimila undirskrift BSRB undir það samkomulag sem liggur til grundvallar þeim lagabreytingum sem hér eru til skoðunar.

Helstu ástæður mótmæla LL varðandi frumvarpið byggja einkum á eftirfarandi þáttum:

1. Staða lögreglumanna er engan vegin nægilega skýr í frumvarpinu.
2. Ekki liggur fyrir hvaða ávinning, ef einhvern, starfsmenn ríkisins hafa af samþykkt frumvarpsins óbreyttu er lítur að jöfnun launa á milli markaða.
3. Það hefur verið baráttumál lögreglumanna um áratugaskeið að vinna að lækkun lífeyristökualdurs en markmið frumvarpsins miða í raun að þveröfugu.

1. Staða lögreglumanna.

Landssamband lögreglumanna hefur haft það að einu aðal baráttumáli sínu, um áratugaskeið, að lífeyristökualdur lögreglumanna verði lækkaður. Nokkur árangur náðist í þeim efnum við gerð kjarasamninga árið 2001 með „*Yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands*

lögreglumanna undirrituðu 13. júlí 2001“. Yfirlýsingin var tilkomin sem lausn á harðvítugri kjaradeilu sem lögreglumenn áttu í árið 2001 og kom til sem lausn þeirrar deilu, en hún er svohljóðandi:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lagt verði fram frumvarp á næsta löggjafarþingi þar sem lagt verði til að bætt verði nýrri grein inn í V. kafla lögreglulaga nr. 90/1996. Í henni komi fram að lögreglumenn skuli leystir frá embætti sínu þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð. Jafnframt mun hún beita sér fyrir því að lagt verði fram frumvarp þar sem ákvæðum laga nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, verði breytt sem hér segir: Hvað varðar þá lögreglumenn sem eiga aðild að A-deild, skal, við mat á lífeyri samkvæmt 15. gr. (að undanskilinni 4. mgr.) þeim reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs og skal miðað við meðaltalsávinning síðustu þrjú ár. Hvað varðar þá lögreglumenn sem eiga aðild að B-deild, skal, miðað við mat á lífeyri samkvæmt 24. gr., þeim reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs.

Gert verði ráð fyrir því að þeir sem þegar hafa náð eða ná munu þessum aldursmörkum á næstu tveimur árum verði gefinn kostur á hæfilegum umþóttunartíma varðandi það hvort þeir nýti sér þessa leið eða ekki.

Fjármálaráðherra mun beita sér fyrir því að við starfslok verði lögreglumönnum sem láta af embætti með þessum hætti og eiga rétt til lífeyris í B-deild tryggð hækkun sem svarar til tveggja launaflokka hækkunar í níverandi launakerfi.

Reykjavík, 13. júlí 2001

Sólveig Pétursdóttir
(sign.)

Geir H. Haarde
(sign.)“

LL lítur svo á að með þeim breytingum sem lagðar eru til að gerðar verði á 39. gr. laga nr. 1/1997 sé verið að ganga á svig við ofangreint samkomulag sem, eins áður segir var tilkomið sem lausn langvinnrar og harðvítugrar kjaradeilu. Ráðgerðar breytingar á 39. gr. laganna ganga enda út á að í stað lagaáskilnaðar um útreikning lífeyris lögreglumanna verði, frá og með gildistöku laganna, nái frumvarpið óbreytt fram að ganga, þeim útreikningum fyrirkomið skv. reglum samþykka A-deildar.

Miðað við samskipti LL við ríkisvaldið, er kemur að gerð kjarasamninga, verður að telja allmiklar líkur til þess að þegar fram líða stundir muni fenna yfir þau spor sem mörkuð

hafa verið og löggjafinn festi í samræmi við ofanritaða yfirlýsingu tveggja þáverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem miðaði að því að leysa langvinna og harðvítuga kjaradeilu. Það er enda ljóst að mun hægara er um vik að gera breytingar á samþykktum sjóða en lögum og lúta þær enda allt öðrum forsendum en það sem markað er með lögum.

2. Ávinningur ríkisstarfsmanna – jöfnun launakjara á milli markaða.

Af fréttum að dæma¹ virðist sem nú þegar hafi orðið „trúnaðarbrestur“ á milli aðila þess samkomulags² sem frumvarp þetta er byggt á og því ljóst að frumvarpið getur varla talist þingtækt nema það sé vilji þess meirihluta, sem nú situr í ríkisstjórn, að koma því í gegnum þingið í óþökk stórs – og sífellt stækkandi – hluta ríkisstarfsmanna. Það er ein af grunnforsendum þess samkomulags, sem gert var við heildarsamtökin BSRB, BHM og KÍ að engar skerðingar yrðu á lífeyrisréttindum þeirra sem þegar eru í B- og A-deildum LSR. Nú lítur hinsvegar allt út fyrir, m.v. frétttaflutning, að þessi þáttur samkomulagsins sé ekki tryggður.

Þá liggur heldur ekkert fyrir um það hvernig staðið skuli að þeim launaleiðréttingum, á milli markaða, sem einnig var að stefnt með gerð samkomulagsins því eins og segir um jöfnun launa á bls. 14 undir athugasemdum við lagafrumvarp þetta:

„Verði lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna færð í sama horf og almennt gildir má telja næsta víst að ríkið þyrfti þá hvort sem er að mæta því með því að leitast við að veða upp launamun á þeim sviðum þar sem hann er fyrir hendi til að geta ladað til sín hæft starfsfólk. Þá verður að gera ráð fyrir því að launajöfnun í þessu tilliti verði innan þess svigrúms sem kjarasamningar og ríkisfjármálaáætlanir setja og að ýmsir aðrir þættir muni geta vegið þar til mótvægis, svo sem aukin framleiðni í opinberri starfsemi, endurskipulagning og hagræðing þjónustuveitingar, tæknipróun, ráðstafanir til að draga úr öðrum útgjöldum o.fl. Af þessum ástæðum er vandséð að hægt sé að tilgreina bein fjárhagsáhrif af þessum þætti samræmingarinnar á vinnumarkaðnum sem að er stefnt m.a. með þessu frumvarpi.“

¹ http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/10/02/ki_styður_ekki_lífeyrisfrumvarp_2/

<http://ki.is/rss/3469-yfirlýsing-fra-stjorn-kennarasambands-islands>

² <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Samkomulag-um-nytt-samraemt-lífeyriskerfi.pdf>

LL hefur, vægast sagt, slæma reynslu af samskiptum sínum við ríkisvaldið, við gerð kjarasamninga og sér í lagi samninga er varða launajöfnun og það að reyna að ná til stéttarinnar launaleiðréttingum út frá hækkunum fyrirfram skilgreindra hópa ríkisstarfsmanna. Það er því vandséð, m.a. út frá ofangreindum skýringartexta með frumvarpinu hvernig lögreglumönnum verði ætluð sú vinna þegar til framtíðar þarf að líta, að fá fram eðlilegar og sanngjarnar launaleiðréttingar, þegar illa eða ekkert gekk með að ná fram þeim leiðréttingum með hliðsjón af launabreytingum ákveðinna og fyrirfram skilgreindra hópa ríkisstarfsmanna eingöngu. Það er enda ljóst að vandfundin er sú atvinnugrein á hinum almenna vinnumarkaði sem hægt yrði að horfa til vegna jöfnunar launa lögreglumanna.

Um efndir ríkisvaldsins á þeim kjarasamningum, sem hér er vitnað til og gerðir voru við lögreglumenn í tengslum við afnám verkfallsréttar þeirra árið 1986 má m.a. lesa á vef Alþingis.³

Viðmiðunarstéttir þær sem horfa átti til við útreikninga á svokölluðum viðmiðunarsamningi sem gerður var við lögreglumenn á þessum tíma voru:

1. BSRB
2. BHMR
3. Samband íslenskra bankamanna og
4. Bandalag kennarafélaga.

Upphafleg bókun í kjarasamningi LL, vegna þessa samkomulags um afnám verkfallsréttar lögreglumanna var svohljóðandi:

„Aðilar eru sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi að í lög um lögreglumenn, nr. 56/1972, komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins.

Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að því er varðar sérkjarasamninga lögreglumanna:

„Náist ekki samkomulag um sérkjarasamning Landssambands lögreglumanna getur hvor aðili sem er í stað þess að vísa málinu til kjaranefndar krafist kjarabreytinga, sem samsvari því sem á vantar að lögreglumenn fái þá

³ <http://www.althingi.is/altext/111/s/0806.html>

meðalhækkun sem eftirtaldir aðilar hafa fengið frá gerð síðasta sérkjarasamnings Landssambands lögreglumanna:

1. BSRB.
2. BHMR.
3. Samband íslenskra bankamanna.
4. Bandulag kennarafélaga.

Hagstofa Íslands reikni út framangreindar launabreytingar á sex mánaða fresti, talið frá júlí 1986.“

Strax við fyrstu vinnslu þeirra útreikninga sem Hagstofu Íslands var falið að vinna myndaðist ágreiningur á milli LL og ríkisvaldsins um forsendur útreikninganna og hélst sá ágreiningur meira eða minna allan líftíma viðmiðunarsamkomulagsins eða allt þar til það var endurskoðað um sex árum eftir að það var gert m.a. vegna þess að ríkisvaldið mat það svo að „sjálfvirkar hækkanir“ launa lögreglumanna voru of miklar. Mat lögreglumanna var hinsvegar það að viðmiðunarsamkomulagið hefði skilað of litlum hækkunum ef eitthvað var.

Niðurstaða þessarar „endurskoðunar viðmiðunarsamkomulagsins“ var sú að ríkisvaldið „keypti“ samkomulagið burt úr kjarasamningi LL gegn tiltekinni launahækkun en þess hluta samkomulagsins er laut að kjaradeiluákvæðinu – vegna þeirrar staðreyndar að lögreglumönnum er meinað að boða til verkfalla – haldið inni í svokölluð gerðardómsfylgiskjali. Það fylgiskjal kveður á um það að hvor aðili um sig, nái þeir ekki saman um gerð kjarasamning, getur skotið kjaradeilunni til þriggja manna gerðardóms sem ætlað er það hlutverk að úrskurða um launabreytingar, sem og mögulegar aðrar breytingar á kjarasamningi.

LL hefur í tvígang frá árinu 2008 farið með kjaradeilu sína fyrir gerðardóm og í bæði skiptin hefur skapast gríðarleg óánægja meðal lögreglumanna með úrskurð gerðardómsins og þar með „lausn“ viðkomandi kjaradeilu. LL hefur enda sýnst niðurstaða gerðardómsins hafa tekið um of mið af þróun kjaramála annarra stéttarfélaga sem og þess sem hefur verið að gerast í kjaramálum almennt og alls óviðkomandi kjaralegri stöðu lögreglumanna. Þannig hefur það virst sem gerðardómurinn ræki ekki hlutverk sitt sem skyldi og dæmi ekki um lausn kjaradeilu lögreglumanna á grundvelli fyrirbyggjandi gagna né þeirra gagna

annarra sem hægt hefur verið að afla til raunverulegrar og sanngjarnrar lausnar viðkomandi kjaradeilu.

Þessi staðreynd fæst staðfest í svari núverandi fjármálaráðherra við fyrirspurn⁴ á Alþingi og fjallað var um m.a. í fréttum RÚV og víðar þann 15. mars s.l. en í ljós kom, sbr. svar fjármálaráðherra, að laun lögreglumanna hefðu lækkað um ein 9% að raungildi á árunum 1986 – 2014.⁵

Það er því ekkert sem vekur lögreglumönnum þá von í brjósti að með samþykkt þessa lagafrumvarps náist sú sátt á vinnumarkaði að hægt verði að vinna að jöfnun launa á milli markaða. Þá hefur það einnig verið forsenda vinnu í þessum efnum að samhliða jöfnun lífeyrisréttinda á milli markaða (n.b. jöfnun upp á við), komi strax til framkvæmda jöfnun launa. Í athugasemdum með frumvarpinu, sem og áður tilvitnuðu samkomulagi kemur hinsvegar fram að fara eigi í þá vinnu að skoða þessa hlið mála þegar framtíðarréttindaávinnsla hefur þegar verið skert þ.e.a.s. þann 1. janúar n.k. nái frumvarpið óbreytt fram að ganga sem og að sú jöfnun eigi að koma til framkvæmda á næstu 6 – 10 árum en það er með öllu óásætlanlegt að mati LL.

Rétt er hér einnig að vekja sérstaka athygli nefndarinnar á því að vegna slakra launakjara hafa lögreglumenn, í síauknum mæli undanfarnar vikur og mánuði, horfið frá lögreglustörfum, ýmist með uppsögnum eða töku launalausra leyfa til að fara til annarra og mun betur launaðra starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Þannig hafa t.d. sérstakar og auknar fjárheimildir til lögreglunnar frá árinu 2014 alls ekki skilað sér til þeirrar fjölgunar lögreglumanna, sem að var stefnt, og hefur þeim í raun fækkað á þessu tímabili.

3. Lífeyristökualdur lögreglumanna.

Eins og fram hefur komið hér að ofan hefur það verið eitt af helstu baráttumálum LL. í gegnum tíðina, að lækka lífeyristökualdur lögreglumanna, sbr. áður tilvitnaða yfirlýsingu fyrirverandi fjármála- og dómismálaráðherra, og færa hann nær því sem almennt gengur og

⁴ <http://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0995.pdf>

⁵ <http://www.ruv.is/frett/laun-logreglumanna-hafa-laekkad>

<http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/03/15/launin-laekkad-um-9-prosent-sidan-2005/>

<http://kjarninn.is/frettir/2016-03-15-medallaun-logreglumanna-voru-339-thusund-kronur-manudi/>

gerist í þessum efnum í nágrannalöndum okkar og víðar um hinn vestræna heim. Rannsóknir um heim allan hafa sýnt fram á það að lífslíkur þeirra sem stunda vaktavinnu eru mun minni en þeirra sem eingöngu vinna á dagvinnutíma.⁶ Þannig hafa fjölmargar rannsóknir einnig sýnt fram á að konum⁷ sem vinna vaktavinnu er mun hættara við að þróa með sér hjarta- og æðasjúkdóma, lungna- og brjóstakrabbamein sem og ýmsa aðra sjúkdóma til viðbótar við þau neikvæðu áhrif sem vaktavinna hefur á almennt heilsufar og svefn viðkomandi. Það verður því að teljast vítavert gáleysi að ætla sér að gera stéttum á borð við lögreglumenn, sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, tollverði sem og aðra ríkisstafsmenn, sem þegar vinna störf, sem skv. skilgreiningu 56. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum⁸ hljóta að teljast „áhættusöm“ eða „fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag“ það að lengja enn frekar þegar of langa starfsævi.

Það er illt til þess að hugsa að mögulegar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna, sbr. lagafrumvarp það sem hér er til umfjöllunar, verði til þess að yfirlýst markmið stjórnvalda, um fjölgun kvenna í störfum innan lögreglu, verði til þess að konur sæki síður en ella um störf innan lögreglu vegna arfaslakra launakjara og ofan í þau slæmra starfsskilyrða, lélegra lífeyrisréttinda og mögulegrar lengingar starfsævinnar.^{9 10 11 12}

⁶ <http://doktor.is/grein/ahrif-vaktavinnu-a-heilsu-lidan-og-svefn>

http://www.jstor.org/stable/40966645?seq=1#page_scan_tab_contents

<http://link.springer.com/article/10.1007/s10552-005-9015-4>

http://journals.lww.com/epidem/Abstract/2001/01000/Increased_Breast_Cancer_Risk_among_Women_Who_Work.13.aspx

<http://psycnet.apa.org/journals/ocp/3/3/265/>

⁷ <http://www.nurseshealthstudy.org/>

⁸ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html>

⁹ „Dómsmálaráðuneytið hefur sett sér þennu markmið að fjölga konum í lögreglu ríkisins verulega. Markið hefur ekki verið sett við neina ákveðna prósentutölu en fyrsta skrefið verður væntanlega að ná hlutfallinu upp í það sem best gerist á Norðurlöndum.“ (<http://www.althingi.is/altex/120/s/0618.html>)

¹⁰ <http://www.visir.is/konur-i-miklum-minnihluta-i-logreglunni/article/2013130509844>

¹¹ „Verkefni ráðuneytisins eru tvö: annars vegar að skoða og greina þróun starfsmannafjölda hjá stofnunum ráðuneytisins og hins vegar fjölgun kvenna innan lögreglunnar og áhrif Lögregluskólans í því samhengi.“ (https://www.farmalaraduneyti.is/media/utgafa/Tilraunaverkefni_i_kynjadri_haestjorn_og_fjarlagagerd_2_011..pdf)

¹² <http://kjaminn.is/frettir/2016-03-08-stjornvold-eiga-ad-fjolga-konum-i-logreglu-haestaretti-og-sendiherastodum/>


<http://www.visir.is/her-eru-allt-of-faar-konur-i-logreglunni-ad-mati-sth/article/2016160308776>

LL hefur ásamt þremur öðrum stéttarfélögum/landssamböndum opinberra starfsmanna óskað eftir lögfræðiáliti um hvort samkomulag það sem þessi lagabreyting byggir á geti öðlast gildi án þess að það sé borið undir bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna allra þeirra stéttarféлага sem málið varðar. Verði afgreiðslu málsins, af hálfu Alþingis, ekki frestað telur LL að lágmarki rétt að þingnefndin leggi til breytingu á frumvarpinu þannig að áskilnaður sé í því að frumvarpið öðlist ekki gildi sem lög frá Alþingi fyrr en samkomulagið hefur verið samþykkt í bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu þeirra samtaka launafólks sem að því standa.

Landssamband lögreglumanna áskilur sér allan rétt til að koma frekari athugasemdum og ábendingum að á síðari stigum málsins.

Að síðustu vill LL, líkt og áður, gera sérstakar og alvarlegar athugasemdir við það hversu skammur tími er jafnan gefinn til að koma að athugasemdum við lagafrumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður



Reykjavík 15. desember 2016

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um mál nr. 6, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997.

Rétt er að taka fram að Landssamband Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna (LSS) styður ekki „samkomulag um lífeyrismál“ sem BSRB, BHM og KÍ gerðu við Fjármálaráðherra og Samband Íslenskra sveitarfélaga, þann 19. september sl. Það hefur verið stefna LSS í áratugi að fá lífeyristökualdurinn lækkaðann, áður nefnt samkomulag gengur þvert á þá stefnu LSS og á samþykktir BSRB þings.

LSS mótmælir þessu frumvarpi og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1) Varðandi 7gr. b-lið.

Þar kemur fram að hækka eigi lífeyristökualdurinn úr 65 ára í 67 ára.

Þetta kemur fram á sama tíma og LSS og önnur stéttarfélög hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að lækka aldurinn hjá sínum félagsmönnum. Sérstafa starfa félagsmanna LSS er að þau eru í flestum tilfellum unnin við lífshættulegar kringumstæður og undir miklu andlegu og líkamlegu álagi. Kröfur til starfisins eru sífellt að aukast og ekki á færi eldri starfsmanna að uppfylla þær. Það er hvorki starfsmanninum né atvinnurekandanum til bóta að hækka aldurinn.

2) Í frumvarpinu segir m.a. um þá **skerðingu** sem leiðir af hækkun lífeyrisaldurs: „Sjóðfélagar í A-deild hafa notið lögbundinna réttinda sem reiknast með jafri réttindaávinnslu og eru miðuð við 65 ára lífeyristökualdur. Í frumvarpi þessu er leitast við að bæta þeim það tjón sem þeir verða fyrir þegar réttindaávinnslu þeirra er breytt úr jafri ávinnslu í aldurstengda og lífeyrisaldur hækkaður í 67 ár. Það er gert með því að greiddur er sérstakur lífeyrisauki vegna þeirra sem eru virkir greiðendur í A-deild við samþykkt frumvarps þessa. Í því felst eins og áður hefur komið fram að þeir sjóðfélagar sem voru virkir við árslok 2016 halda þeim réttindum sem þeir voru búnir að ávinna sér óbreyttum. Þeir ávinna sér síðan réttindi í samræmi við nýjar aldurstengdar réttindaöflur og 67 ára lífeyrisaldur en lífeyrisaukinn er reiknaður u.m.k. árlega og honum er bætt við réttindi þeirra til þess að bæta þeim mismuninn.“


Hér er alls ekki ljóst hvort þeir sem greiði nú þegar í sjóðinn, geti án skerðingar hafið töku lífeyris við 65 ára aldur án þess að það leiði til skerðingar á núverandi réttindum þeirra?

- 3) Í frumvarpinu er á það lögð áhersla að þær breytingar sem það felur í sér rúmist innan heimilda 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhlegi eignaréttar. Þá er á það lögð áhersla að ákvæði frumvarpsins um lífeyrisauka sem ætlað er að bæta slíka skerðingu, eigi að leiða til þess að skerðingin rúmist innan marka. Við skoðun á þessu atriði verður ekki fram hjá því litið að meðalaldur landsmanna í dag er rúm 80 ár. Ef miðað er við að réttur til töku lífeyris hækki úr 65 árum í 67 ár, þá er í raun verið að skerða réttindi til ellilífeyris um 2 ár af 15 eða um 13,33%. Þá er ljóst að slík frestun skerðir verulega lífsgæði þeirra sem alla sína starfsæfi hafa miðað starfslok sín við 65 ára aldur. Þá fellst í slíkri skerðingu ákveðinn forsendubrestur fyrir þá sem skipulagt hafa starfsævi sína með þetta í huga.
- 4) Ekki verður heldur fram hjá því litið að með frumvarpinu er ekki verið að breyta samþykktum Brúar. Þótt fyrirliggi samkomulag milli fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skyldur sveitarfélaga í framhaldi af þessum breytingum þá er ekki útilokað að sveitarfélögin, í skjóli sjálfstæðis, telji sig ekki bundin af því og að þau þrengi og/eða skerði réttindi sjóðfélaga Brúar umfram það sem frumvarpið og samkomulagið gerir ráð fyrir, allt eftir fjárhagslegri getu þeirra hverju sinni. Þannig er í raun ekki í hendi í dag að bætt verði sú skerðing sem sannarlega leiðir af hækkun lífeyrisaldurs. Þá liggur á engann hátt fyrir hvernig sú skerðing verður leiðrétt. Í raun ætti það að liggja fyrir áður en löggin eru samþykkt og áður en nýjar samþykktir fyrir Brú lífeyrissjóð yrðu samþykktar. Það væri rétta leiðin. En sá asi sem er á málinu gæti komið í veg fyrir það.

LSS ásamt þremur öðrum stéttarfélögum/landssamböndum opinberra starfsmanna óskaði eftir lögfræðialiti um hvort samkomulagið geti öðlast gildi án þess að það sé borið undir bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu hlutadeigandi félagsmanna allra þeirra stéttarfélaga sem málið varðar.

Niðurstaða þess álits hjá Gílsa Tryggvasyni hdl. er að það standist: „ekki 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um samningsrétt launafólks varðandi „réttindi tengd vinnu“ að gerðar séu verulegar efnisbreytingar á lífeyrisréttindum an undanfarandi allsherjaratkvæðagreiðslu þeirra sem eiga í hlut. Alþingi getur samkvæmt álitsgerðinni ekki breytt lífeyrisréttindum eins og núverio var stefnt að án þess að slík málsmeðferð sé viðhöfð (sjá m.a. bls. 18 og áfram).“

LSS áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins.



Fyrir hönd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Valdimar Leó Friðriksson framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. desember 2016.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá því í gær þar sem kallað er eftir umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.


Þó flestir lækna sem starfa hjá ríkinu séu í Almenna lífeyrissjóðnum er stór hluti heilsugæslulækna sjóðsfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Allar breytingar á sjóðnum skipta þennan hóp lækna því máli og Lí lætur frumvarpið því til sín taka. Lí leyfir sér því að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

1. Frumvarpið tekur mið af nýgerðu Samkomulagi heildarsamtaka opinberra starfsmanna og ríkis og sveitarfélaga. Lí var ekki boðin aðkoma að gerð þess samkomulags og er ekki aðili að því. Lí er því alls óbundið af samkomulaginu gagnvart þeim félagsmönnum sínum sem greiða til A-deildar LSR.
2. Með frumvarpinu er verið að breyta lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og samræma lífeyrisréttindum á almennum markaði. Í því sambandi verður að minna á það að Hæstiréttur hefur í dómum staðfest að heimild löggjafans til að skerða lífeyrisréttindi er takmörkuð. Í frumvarpinu er einhliða fullyrt að frumvarpið standist stjórnarskrá. Æskilegt hefði verið að fyrir því hefðu verið færð betri rök en gert er.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir allmiklum skerðingum á lífeyrisréttindum þeirra sem nú greiða til A-deildar LSR. Auk þess mun lífeyrisaldur þeirra hækka úr 65 árum í 67 ár. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvernig á að bæta ríkisstarfsmönnum þessa skerðingu en rætt er um að hún verði bætt með hærri launum. Engin skuldbinding loforð af hálfu ríkisvaldsins liggja fyrir um það að skerðingin verði bætt.
4. Hér er um flókið og yfirgripsmikið mál að ræða. Óskiljanlegur er sá flýtir sem hafður er á meðferð málsins. Hagsmunaaðilum er gefinn réttur sólarhringur til að veita umsögn. Slík vinnubrögð um svo veigamikið mál eru ekki til fyrirmyndar.

Lí getur ekki fyrir sitt leyti mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd og leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað.

Fulltrúar Lí eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna frumvarps þessa, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Nefndasvið Alþingis

b.t. fjárlaganefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6, mál 6.

Sendandi: Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís

Dagsetning: 15.12.2016

Vísað er til umsagnar Ólafs G. Flóvenz, forstjóra Íslenskra orkurannsóknna (ÍSOR). Aðstæður Matís eru mjög svipaðar. Tekið er undir málaleitan Ólafs, um að opinberar rannsóknastofnanir, hvert sem form þeirra er, búi við sömu skilyrði (<http://www.althingi.is/altext/erindi/146/146-15.pdf>).

Sú nálgun sem lagt er upp með í frumvarpinu, þ.e. að Matís verði gert að endurgreiða upphafsframlag í LSR, er verulega íþyngjandi. Óljóst er hversu íþyngjandi hún er, enda er afar óljóst hversu háar upphæðir er um að ræða. Afar óheppilegt er að kostnaður sem falla ætti til á einstaka ríkisaðila sé ekki ljós, þegar frumvarpið er lagt fram.

Ljóst má þó vera að Matís, sem rekið er á „kostnaðargrunni“, þ.e. ekki í hagnaðarskyni, getur ekki staðið undir verulegum skuldbindingum vegna þessa og munu þær skuldbindingar sem kunna að verða lagðar á, rýra möguleika okkar til uppbyggingar innviða og framþróunar. Slíkt mun fyrst og fremst koma niður á íslensku atvinnulífi, en Matís hefur á sl. árum náð mjög góðum árangri í sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði. Sú sókn hefur haft í för með sér að umtalsvert fjármagn hefur komið erlendis frá til íslenskrar nýsköpunar og jafnframt haft í för með sér að hlutfall þjónustusamnings af heildartekjum Matís við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er mun lægra en annars hefði verið. Miðað við frumvarpið, mun þessi árangur nú koma Matís í koll, enda hefði ekki verið gert ráð fyrir endurgreiðslu upphafsframlagsins ef stærri hluti okkar fjármögnunar kæmi beint frá ríkinu. Slík nálgun mun hafa alvarleg áhrif að mínu mati, beinlínis letja til framþróunar Matís og annarra ríkisaðila, enda eru skilaboðin þau að þeir sem hafa lagt vinnu og metnað í að afla fjármagns frá fyrirtækjum og samkeppnissjóðum innanlands og á alþjóðlega vísu, skuli bera hærri kostnað en ef stefna okkar hefði verið að láta „ríkisframlag“ duga og þar með vera síður í stakk búin að sinna hlutverki okkar um að auka verðmæti matvælaframleiðslu, bæta matvælaöryggi og bæta lýðheilsu. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra.

Ég vil taka undir tillögur Ólafs G. Flóvenz um breytingar á frumvarpinu.

Virðingarfyllt,

Sveinn Margeirsson, forstjóri



20.12.2016

Kæru þingmenn.

Ég bið ykkur að ath vel hvers vegna á að greiða LSR-A (skv. þingskjali 6) upp í topp en ekki að taka fyrst út stjórnarskrárbrot þau er 11. grein laga 56/2000 veldur þá og að því loknu að meta tryggingafræðilega stöðu LSR-A varðandi vikmörk laga 129/1997.

Mér sýnist að LSR þurfi ekkert, NÚLL sé farið að gildandi lögum í landinu og þá fyrst og fremst eignarétti og jafnræði Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands.

Verði gengið frá 106-140 milljarða greiðslu opnast á um 52 milljarða kröfu (á ári) lífeyrissjóðanna sem skert hafa skv. fyrrgreindum lögum 129/1997.

Ríkið kom sér hjá því að gera slíkt hið sama með 11. grein laga 56/2000 en þar átti að veita ríkinu svigrúm til að geta tekið skuldayfirlýsingar (IOU's) inn án þess að skerða að tryggingafræðilegri stöðu (129/1997).

11. greinin tók þá (stjórnarskrárbrot) líka inn rekstrarfræðilega stöðu og skerti því ekki skv SAL-samkomulaginu frá 1996 né heldu fyrir því sem að almennt kallast nú Hrunið.

Verði ekki gerðar leiðréttingar þurfa þeir almennu/skertu að greiða upp hjá LSR það sama og þeir voru skertir fyrir og er upb 110.000 krónur á mánuði fyrir lífeyrisúttakendur almennu sjóðanna.

Viðheft kvörtun hefur nú málsnúmer 9104/2016 hjá Umboðsmanni Alþingis og FOS16110049 hjá Forsætisráðuneyti.

Komi milljarða greiðslur til umræðu á nefndarsviði krefst ég hér með áheyrnar.

--

"Auga fyrir auga blindar allan heiminn" (Kundun)

Kær kveðja / Kind regards / Med venlig hilsen

Óskar Guðmundsson

Kvörtun á lög 56.2000

Lög 56/2000 11. grein er varðar baktryggðra lífeyrissjóði og fall á 21.; 23. og 39. grein laga 129/1997.

Mismunur og mismunun á millum opinberum lífeyrissjóðum [með bakábyrgð launagreiðanda/ríkis] og almennra lífeyrissjóða [án bakábyrgðar launagreiðanda/ríkis]

Með 11. grein laga 56/2000 er tekin úr sambandi ábyrgð lífeyrissjóða, með bakábyrgð launagreiðenda (m.a. en án þess að takamarkast við LSR; LSS og lífeyrissjóð Hjúkrunarfræðinga), á 21.; 23. og 39. greinum laga 129/1997.

Með slíkum breytingum bera þeir sjóðir ekki lengur ábyrgð á neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu sinni heldur varpa ábyrgðinni á alla skattgreiðendur (via bakábyrgð hins opinbera) sem N.B. eru aðeins að litlum hluta (um 20%) réttthafar sjóða með bakábyrgð.

Þar sem ekki er greint á milli að „sambandsleysið“ verji einvörðungu þann hluta er ríkið tekur á sig í formi skuldabréfaútgáfu fellur bakábyrgðin líka á óuppgerðann mismun og/eða hallarekstur milli almenns kerfis (lög 129/1997) og opinberra (lög 1/1997 og 2/1997) lífeyriskerfa sem tilkominn er vegna tregðu hins opinbera að gera upp á sama hátt og almennir sjóðir án bakábyrgðar þurfa að gera skv. framangreindum 21.; 23. og 39. Greinum laga 129/1997 (m.a. hækkun ævilíkna og efnahagslegar breytur allt frá stofnun opinberu sjóðanna).

Brytur setning laga á téðri 11.greinar og þar með breytinga á lögum 129/1997 í bága við bæði 65. grein (jafnrétti borgaranna) sem og 72. grein (eignarétti) laga 33/1944 (Stjórnarskrá) enda komi þá til ábyrgðar hins opinbera og þurfi skattgreiðendur (sem N.B. eru langsamlega flestir (um 80%) utan lífeyriskerfa með bakábyrgð) þá að bera ábyrgð, umfram það sem segir til um í 23. Grein laga 129/1997, á sjóðum hins opinbera og láta af hendi fé í formi skatta og/eða annarrar eignaupptöku til að jafna stöðu baktryggðra sjóða að tryggingafræðilegri stöðu.

Þurfi réttthafar í almennum sjóðum að bera ábyrgð umfram téða 23. Grein laga 129/1997 er um brot þar á að ræða sem einnig á þá við um framangreindar 65. og 72. greinar laga 33/1944.

Þar sem ekki er skilið á milli skuldabréfaútgáfu vegna vanglodinna greiðsla til opinberra sjóða annarsvegar og hinsvegar hallarekstri, breyttum ævilíkum (hækkandi lífslíkum) og/eða annarrar þeirrar mismunar er er á milli laga 1/1997 og 2/1997 annarsvegar og laga 129/1997 hinsvegar, þar með talið og án þess að takmarkast við réttindi á lægri lífaldri; 95 ára reglu; ekkja/ekla-lífeyri eða barnalífeyri myndast gríðarlegur tryggingafræðilegur halli á opinberu sjóðunum.

Í ofanálág fellur allur kostnaður af efnahagshruninu árið 2007 í sama rann bakábyrgðar og er slíkt misrétti með öllu óskiljanlegt enda hafa almennir lífeyrissjóðir þurft að skerða bæði áunnin og framtíðarréttindi fyrir tapi sjóðanna vegna efnahagshrunsins en að ekki komi í ofanálág að þurfa að bera fjárhagslega ábyrgð á sömu hlutum fyrir alla opinbera starfsmenn. Fáí slíkt að

standa er Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands harla marklítið plagg enda misrétti tvöfaldrar hegningar með öllu ófyrirgefanlegt.

Áætlaðar ábyrgðir á sjóðum með bakábyrgð m.v. greiðslur skv. samantekt ársreikninga lífeyrissjóða (FME 27.september 2016) eru amk:

1. Vegna LSR-B og munar á 65 ára töku og 67 ára töku : **109,6 milljarðar** (sjá skjal „uppreiknuð skuld LSR B 65 vs 67 ár“)
2. Vegna LSR-B að hlutfalli (9%) í efnahagshruninu 2007 : **48,9 milljarðar**
3. Vegna LSR-A að hlutfalli (82,18/100 af 11%) í efnahagshruninu : **48,7 milljarðar**
4. Vegna LSS-A að hlutfalli (17,82/100 af 11%) í efnahagshruninu : **11,3 milljarðar**

Heildarupphæð er fellur á skattgreiðendur vegna framantalinna brota því amk: **218,5 milljarðar króna**

- Ath að upphæðir í liðum 2-4 eru tryggingafræðilegar stærðir og miðast við greiðslur sem hækka til 2025 en þá er áætlað að opinberir lífeyrissjóðir verði allir greiðsluþrota og bakábyrgðin taki við.
Útgreitt úr LSR-B 2015 - 35,94 milljarðar (Lífeyrissjóður Hjúkrunarfræðinga meðtalin).
- Liður 4. Er samtala fyrir baktryggða lífeyrissjóði (Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar, Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyjarbæjar, Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar).
- M.v. tap almennra sjóða c.a. 125 ma > tap opinberra sjóða 20% eða 25 ma. 9/20 þá 11,25 ma í hlutfallinu 23/100 sem er ætlað hlutfall inngreiðslna af útgreiðslum m.v. 3,5% ávöxtunarkröfu og þá 77% uppsöfnuð ávöxtun á 43 árum.

P.s. ætli ríkissjóður að standa við SALEK-samkomulagið færast lífeyrisaldur úr 67 árum í 70 ár á 24 árum.

Hækka þá upphæðirnar hér að ofan.

Við lið 1 leggðust upp 154 milljarðar og þar til viðbótar fyrir LSR/LSS-A 13,5 milljarðar sem hækka mun/myndi upphæðina úr 218,5 í amk 386 milljarða.

Skerði Hið Opinbera ekki þrátt fyrir framangreint eiga almennir lífeyrissjóðir þá kröfu á ríkið fyrir því sem skert hefur verið á áunnin réttindi og framtíðarstöðu og er sú upphæð amk 2.000

milljarðar en þó allt að (m.v. neikvæða tryggingafræðilega stöðu uppá 703 milljarða um áramótin 2015/2016) 3.420 milljarðar.

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2000.056.html>

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997129.html>

<http://www.althingi.is/lagas/145b/1944033.html>

<http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/> (ársreikningar lífeyrissjóða)



Póstmannafélag Íslands

Reykjavík, 15. desember 2016

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Póstmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Póstmannafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

Póstmannafélag Íslands veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Félagið tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB um lagafrumvarp fjármála og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

Virðingarfyllst.
fyrir hönd PFI



Halla Reynisdóttir, formaður

Til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.
Frá stjórn Prestafélags Íslands.

Á Snæfellsnesi, 15. desember 2016.

Umsögn vegna frumvarps til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Stjórn Prestafélags Íslands fagnar því að nú skuli stefnt að því að rétta við fjárhagsvanda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með fjárframlagi frá ríkissjóði. Á sama tíma virðist sem ætlunin sé að opna fyrir þann möguleika að þeir sjóðsfélagar sem tilheyra A-deild sjóðsins, bæði núna og þeir sem bætast við í framtíðinni, verði fyrir skerðingu áunninna réttinda komi upp aðstæður í rekstri sjóðsins sem kalla á það.

Stjórn Prestafélags Íslands harmar að ætlunin sé að breyta umsömdum lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og þ.á m. presta.

Það er mat stjórnar Prestafélags Íslands að hér sé um að ræða skerðingu á starfsbundnum kjörum presta og hluti af þeirri launavernd sem m.a. prestar hafa notið án þess að nokkuð komi í staðinn annað en fjárframlag sem réttir við fjárhagsstöðu sjóðsins og án þess að tryggt sé að sú skerðing sem þessu mun fylgja verði bætt með öðrum hætti.

Það er hlutverk stjórnar Prestafélags Íslands að standa vörð um réttindi félagsmanna sinna og getur stjórnin því ekki stutt umrætt frumvarp í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Stjórn Prestafélags Íslands er að sjálfsögðu reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar til þess að ræða nánar afstöðu sína í þessu máli og veita frekari upplýsingar verði eftir því leitað.

Með virðingu,
f.h. stjórnar Prestafélags Íslands,

Páll Ágúst Ólafsson,
Kjaramálafulltrúi PÍ.

Til borgarráðs

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins); 6. mál

Með tölvupósti, dags. 14. desember sl. sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Frestur til að skila umsögn um frumvarpið er skammur eða til dagsins í dag, 15. desember 2016. Frumvarpið varðar, þrátt fyrir nafngift þess, einnig Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga enda varðar efni þess jöfnun lífeyrisréttinda á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins en Brú lífeyrissjóður er, eins og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóður opinberra starfsmanna.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skilað umsögn um frumvarpið þar sem gerðar eru nokkrar athugasemdir en að öðru leyti mælt með því að frumvarpið verði samþykkt. Undirrituð leggur til að borgarráð taki undir breytingartillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga og mæli með samþykkt frumvarpsins svo breyttu.

Kristbjörg Stephensen



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2016

1612026SA SAS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til laga um br. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. desember 2016, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Mál það sem hér um ræðir hefur verið í undirbúningi um alllangt skeið og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið að því, m.a. með gerð samkomulags við heidlarsamtök opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september sl. Sama dag gerðu sambandið og ríkið með sér samning um lífeyrismál.


Flestir starfsmenn sveitarfélaga eiga aðild að lífeyrissjóðnum Brú- lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Starfar sjóðurinn eftir eigin samþykktum og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Verði frumvarp þetta að lögum er brýnt að samþykktum um A-deildar Brúar verði breytt til samræmis við ákvæði laganna og fyrirhugaðar breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Að samþykktum A-deildar Brúar skuli breytt kemur skýrt fram í athugasemdum um frumvarpið t.d. í kaflanum *Úrlausn lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar LSR*. Eftir atvikum telur Samband íslenskra sveitarfélaga rétt að leggja til að sett verði í lögum bráðabirgðaákvæði þar sem Lífeyrissjóðnum Brú verði gert að breyta samþykktum sínum á þann hátt sem að ofan greinir. Lagt er til að ákvæði þess efnis verði fellt inn í a.lið 7.gr. frumvarpsins. Breytingar á samþykktum Brúar þarf að leggja fyrir stofnaðila sjóðsins til staðfestingar.

Í 8. gr. frumvarpsins b.lið er ákvæði til bráðabirgðar sem víkur að lífeyrissjóðum á opinberum markaði og mælir fyrir að iðgjald til þeirra skuli vera það sama á árinu 2017 og það var árið 2016. Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á því að móttframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðsins Brúar var árið 2016 12% en ekki 11,5% eins og hjá LSR. Tryggingarfræðileg staða sjóðsins var gerð upp m.v. 11,5% móttframlag og þar með framlag til lífeyrisauka. Með hliðsjón af því og markmiðum frumvarpsins um jöfnun lífeyrisréttinda er lagt til að 8.gr. b. verði breytt og með beinum hætti kveðið á um að iðgjald launagreiðenda á opinberum vinnumarkaði skuli vera 11,5%.

Samband íslenskra sveitarfélaga styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum fyrir áramót.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line. The signature is stylized and cursive.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Samtök atvinnulífsins leggja eindregið til að frumvarpið verði að lögum.


Forsenda friðar á vinnumarkaði á komandi árum er að Alþingi lögfesti frumvarpið sem jafnar lífeyrissjóðina á almennum og opinberum vinnumarkaði. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er lögfesting þess lokapunktur í ferli sem hófst með gerð stöðugleikasáttmálans árið 2011 og áralöngu nefndarstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda í kjölfarið þar sem allir aðilar voru sammála um markmiðin en lokafrágangur tillagna strandaði á ágreiningi um útfærslur.

Verði frumvarpið ekki lögfest fyrir áramót mun mótframlag ríkis og sveitarfélaga í lífeyrissjóði sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar (sveitarfélög) að óbreyttu hækka um 5% um næstu áramót. Sama hækkun mótframlags mun bæði ganga yfir opinber hlutafélög og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem eru félagsmenn stéttarfélaga á almennum markaði. Taki þessar hækkunir gildi verða markmið um jöfnun lífeyrissjóðna milli markaða enn fjarlægari en áður og munu fyrirsjáanlega leiða til nýrrar lotu krafna og átaka um jöfnun lífeyrissjóðna.

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru á árinu 2015, og gilda til ársloka 2018, eru ákvæði um endurskoðun á forsendum þeirra í febrúar 2017. Verði af hækkun mótframlags ríkis og sveitarfélaga kemur hún til skoðunar við mat á því hvort launahækkunir samninganna 2015 hafi verið stefnumarkandi.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri



Alþingi – nefndasvið
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 15. desember 2016

Efni: Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



Alþingi

bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Norðurlandi vestra 15. desember 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og leggur áherslu á að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi fyrir næstu áramót en hvetur jafnframt til þess að sem mest sátt náist um frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SSNV


Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Kt. 541292 2419
Björn Lindal Traustason
Höfðabraut 6 · 530 Hvammstangi
framkvæmdastjóri

15.12.2017

Um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til umsagnar sinnar frá 4. október sl.

Bestu kveðjur,
Ellen

Ellen H. Haraldsdóttir
Seðlabanki Íslands / Central Bank of Iceland
Skrifstofa bankastjóra / Governor's Office



4. október 2016
1610006

Nefndarsvið Alþingis
nefndasvið.althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

Í tölvupósti sem barst Seðlabanka Íslands í gær (hinn 3. október) var þess farið á leit að Seðlabankinn veitti umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lögum um [Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins](#) (breyting á A-deild sjóðsins), 873. mál. Einnig barst bankanum tölvupóstur frá nefndarritara fjármálanefndar þar sem tveimur spurningum er beint til bankans, í fyrsta lagi hvort bankinn hafi lagt mat á efnahagsleg/peningaleg áhrif þess að ríkissjóður greiði eingreiðslu að fjárhæð um 120 milljarðar kr. í heild til LSR og til Brúar. lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, og í öðru lagi hvort bankinn hafi lagt sérstakt mat á fjármagnshreyfingar í tengslum við þessar aðgerðir og hvort hann telji vera þörf á slíku mati.

Í ljósi hins nauma frests sem Seðlabankanum var veittur til að veita umsögn getur bankinn ekki tekið afstöðu til fjölmargra atriða sem fram koma í frumvarpinu. Seðlabankinn tekur hins vegar undir að það hafi almennt jákvæð efnahagsleg áhrif að jafna lífeyrisréttindi á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, enda eykur það sveigjanleika á vinnumarkaði. Einnig er hækkun lífeyrisaldurs nauðsynleg samfara auknum lífslíkum.

Samkvæmt frumvarpinu skal ríkissjóður „eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91.279 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015 að öðru leyti en því að miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Rétt er að hafa tvennt í huga þegar lagt er mat á efnahagsleg áhrif eingreiðslunnar:

- Til þess að draga úr hættu á óæskilegum áhrifum á fjármagnshreyfingar um þær mundir sem losun fjármagnshafta stendur yfir væri æskilegra að greiðslan ætti sér stað í formi afhendingar vaxtaberandi eigna fremur en með greiðslu á reiðufé. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að til greina komi að framselja hluta af endurlánum ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskar námsmanna (LÍN), en útistandandi staða þeirra nemi 95 ma.kr. Ekki liggur fyrir ákvörðun um tilhögun greiðslunnar og því getur Seðlabankinn ekki lagt mat á áhrifin á þessu stigi.
- Sé ætlunin að nýta að nokkru leyti stöðugleikaframlög sem hluta eingreiðslunnar er rétt að minna á að í fjárlagafrumvarpi 2016 er fjallað um ráðstöfun stöðugleikaframlags. Þar kemur skýrt fram að stöðugleikaframlag verði fyrst nýtt til að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann og að vaxtagjaldaáætlun fjárlagafrumvarpsins taki mið af því. Forsenda þess að Seðlabankinn geti mælt með ráðstöfun stöðugleikaframlags með þessum hætti er að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hafi verið greidd enda liggur þegar fyrir að sú aðgerð hefur ekki áhrif á peningamagn né raskar fjármálalegum skilyrðum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 • 101 REYKJAVÍK


SMÍÐ 200 0010 • NEFNDASVIÐ • nefndasvið.althingi.is • SEÐLABANKI • IS • BRÉKAHEMI 100 0000


SEÐLABANKI ÍSLANDS

Þá ber einnig að líta til áhrifa á langtímaáætlun í ríkisfjármálum og væntingar markaðsaðila um lækkun skulda ríkissjóðs sem birtar hafa verið opinberlega. Áhrif ráðstöfunar stöðugleikaframlags til LSR ræðst hins vegar af formi hennar eins og áður segir sem hefur áhrif á í hve ríkum mæli hún hefur áhrif á peningaleg skilyrði eða gengi krónunnar í gegnum erlendar fjárfestingar sjóðsins. Seðlabankinn hefur skoðað þetta mál með almennum hætti og telur að slík ráðstöfun komi til greina ef við útfærsluna sé gætt að ofangreindu. Nákvæmt mat hefur hins vegar ekki farið fram og getur ekki átt sér stað nema að útfærslan liggi fyrir.

Sem fyrr segir hefur Seðlabankinn ekki haft svigrúm til þess að leggja heildstætt mat á umrætt frumvarp til laga, en vonar að þessi knappa umsögn svari þeim spurningum sem sérstaklega hefur verið beint að bankanum. Bankinn áskilur sér rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sigvátsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Jón Þ. Sigurgeirsson
framkvæmdastjóri



SELTJARNARNESBÆR

Alþingi,
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Seltjarnarnesi, 16, desember 2016.

**Efni: Umsögn Seltjarnarnesbæjar um frv. til laga um br. á lögum um
Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. desember 2016, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Mál það sem hér um ræðir hefur verið í undirbúningi um alllangt skeið og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið að því, m.a. með gerð samkomulags við heildarsamtök opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september sl. Sama dag gerðu sambandið og ríkið með sér samning um lífeyrismál.

Flestir starfsmenn Seltjarnarnesbæjar eiga aðild að lífeyrissjóðnum Brú – lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Starfar sjóðurinn eftir eigin samþykktum og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Verði frumvarp þetta að lögum er brýnt að samþykktum um A-deildar Brúar verði breytt til samræmis við ákvæði laganna og fyrirhugaðar breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Að samþykktum A-deildar Brúar skulu breytt kemur skýrt fram í athugasemdum um frumvarpið t.d. í kaflanum *Úrlausn lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar LSR*. Eftir atvikum telur Seltjarnarnesbær rétt að leggja til að sett verði í lög in bráðabirgðaákvæði þar sem Lífeyrissjóðnum Brú verði gert að breyta samþykktum sínum á þann hátt sem að ofan greinir. Lagt er til að ákvæði þess efnis verði fellt inn í a.lið 7. gr. frumvarpsins. Breytingar á samþykktum Brúar þarf að leggja fyrir stofnaðila sjóðsins til staðfestingar.

Í 8. gr. frumvarpsins b.lið er ákvæði til bráðabirgðar sem víkur að lífeyrissjóðum á opinberum markaði og mælir fyrir að iðgjald til þeirra skuli vera það sama á árinu 2017 og það var árið 2016. Seltjarnarnesbær vekur athygli á því að mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðsins Brúar var árið 2016 12% en ekki 11.5% eins og hjá LSR. Tryggingarfræðileg staða sjóðsins

var gerð upp m.v. 11.5% mótframlag og þar með framlag til lífeyrisauka. Með hliðsjón af því og markmiðum frumvarpsins um jöfnun lífeyrisréttinda er lagt til að 8. gr. b. verði breytt og með beinum hætti kveðið á um að iðgjald launagreiðenda á opinberum vinnumarkaði skuli vera 11.5%.

Seltjarnarnesbær styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum fyrir áramót.

Virðingarfyllst,



Ásgerður Halldórsdóttir
bæjarstjóri





SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 19.des. 2016

Alþingi
b.t. efnahags-og viðskiptanefndar
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2381. Fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 16.12.2016.

Eftirfarandi fært til bókar:

Föstudaginn 16.12.16 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 10:00

Mætt: Margrét Guðjónsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerð færð í tölvu.

Dagskrá: Erindi

2.4 Alþingi 14.012.16. Frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Bæjarráð tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið og styður frumvarpið. Bæjarráð leggur áherslu á að frumvarpið verði að lögum fyrir áramót 2016/2017.

Ofangreind niðurstaða bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar tilkynnist hér með.





Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristínar Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn um mál nr. 6, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Með tölvubréfi dagsettu 14. desember sl. var Sjúkraliðafélagi Íslands, SLFÍ, sent ofangreint frumvarp til umsagnar. SLFÍ er ekki sátt við frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Frestur til athugasemda er óvenju stuttur. Um er að ræða afar stórt hagsmunamál, sem miklar deilur eru um og er frestur þessi því allt of stuttur. Athugasemdir sem hér fara á eftir eru því hvorki tæmandi né eins ítarlegar og æskilegt væri.
2. Frumvarpið skerðir lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Lífeyrisréttindi eru stjórnarskrárvarin eignarréttur og verður ekki einhliða tekinn af með lagabreytingu. Að þessu hefur greinilega ekki verið hugað í frumvarpinu og alls ekki tryggt að lífeyrisréttindi skerðist ekki.
3. Í frumvarpinu er mikið gert úr samráði við bandalög opinberra starfsmanna, en ljóst er að ekki er farið eftir því samkomulagi sem undirritað var 19. september. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að breyta lífeyriskerfinu til framtíðar jafnframt því sem launamunur milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera yrði jafnaður. Vinna við jöfnun launamunar er hins ekki hafin, en vinna hefði þurft þessi mál samhliða Það hallar því verulega á sjóðfélaga/opinbera starfsmenn í þessu frumvarpi. SLFÍ mótmælir því að ekki er gengið frá leiðréttingu launa samhliða breytingu á lífeyrisréttindum. Frumvarpið í núverandi mynd felur í sér einhliða kjara- og réttindaskerðingu. Frumvarpið, sem nú er til umsagnar gengur mun skemmra en það sem fyrir var í að uppfylla samkomulagið.
4. SLFÍ ásamt fleiri félögum innan BSRB fengu Gísla Tryggvason hdl, að gefa álit á því hvort: rétt sé og jafnvel lagalega skylt að bera samkomulag ríkis, sveitarfélaga og

bandalaga opinberra starfsmanna undirritað 19. september undir bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu hlutaðeigandi. Gísli komst að þeirri niðurstöðu að af fordæmum, langri hefð um framkvæmd kjara- og réttindamála opinberra starfsmanna og þróun á sviði vinnumarkaðsréttar og stjórnskipunarréttar leiði að skýra beri 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um samningsrétt um „réttindi tengd vinnu“ þannig að verulegar efnisbreytingar um mikilvæg réttindamál launafólks, svo sem lífeyrisréttindi, skuli afgreiddar endanlega með bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu. Talið er að vanhöld á þessu gæti leitt til ógildingar ef á það reyndi með réttum hætti,“ segir ennfremur í lögfræðialitinu.

5. SLFÍ tekur að öllu leyti undir athugasemdir Félags íslenskra náttúrufræðinga dagsett 3. október 2016. [Sjá umsögn](#). Tökum einnig undir umsögn við núverandi frumvarp frá Félagi prófessora við ríkisháskóla [Sjá umsögn](#)
6. Eins og í umsögn félagsins 4. október 2016 kom fram er sjúkraliðastéttin 98% konur. Starf sjúkraliða er gríðarlega krefjandi andlega og líkamlega og nánast allir starfandi í vaktavinnu. Sjúkraliðafélag Íslands hefur frá upphafi verið á móti hækkun lífeyristökualdurs og skerðingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna.

Félagið hefur í langan tíma unnið að því að fá samþykka lagabreytingu þess efnis að sjúkraliðar geti hafið lífeyristöku við 65 ára aldur. Sjúkraliðar ná ekki að vinna sér inn fullan lífeyri á starfsævinni, þar sem þeir ýmist fá ekki fulla vinnu eða geta ekki unnið fulla vinnu sökum erfðis starfsins. Frumvarpið mun skerða sjúkraliða enn frekar. Krafa félagsins hefur verið að um sjúkraliða gildi sömu réttindi og hafa gilt um lögreglumenn og (fangaverði í „skúffuskjali“), þ.e. að þeir ljúka störfum 65 ára, en eru reiknaðir upp eins og þeir hefðu unnið til 70 ára aldurs. Mismunandi reglur að þessu leyti eru í raun mismunun gagnvart kvennastétt, sem brýn ástæða er til að lagfæra. Hvorki frumvarpið né samkomulagið taka á þessu með neinum hætti, þrátt fyrir samþykktir síðasta þings BSRB og svokallaðs 10 punkta vinnuskjals sem unnið var af báðum aðilum.

7. Fjölmargir sjúkraliðar eru sjóðfélagar í A-deild LSR og starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum, sem eru fjármagnaðar af ríkinu samkvæmt þjónustusamningum (sjálfseignastofnanir), en eru hvorki ríkisstofnanir né stofnanir sveitarfélaga. Ástæða hefði verið til að þær stofnanir væru með í útreikningum og fjárframlögum ríkisins til lífeyrisauka.
8. SLFÍ gerði athugasemdir við að í frumvarpinu sem lagt var fram í október var gerður greinarmunur á rétti „virkra greiðandi sjóðfélaga“ og annarra sjóðfélaga. SLFÍ lagði áherslu á að jafnræðis hafi ekki verið gætt gagnvart öllum. Í núverandi frumvarpi (máli 6) hallar enn frekar á sjóðsfélaga þar sem einungis þeir sem orðnir eru 60 ára eigi að halda áunnum réttindum.

Virðingarfyllst,

f. h. SLFÍ,

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Þingskjal 6 — 6. mál.

Kennarasamband Íslands, hér eftir nefnt KÍ, hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins).

Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, skrifuðu undir samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna (hér eftir nefnt samkomulagið) þann 19. september 2016. Samkomulagið var m.a. gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

KÍ gerir fyrirvara við athugasemdir sínar m.a. vegna þess knappa tíma sem hagsmunadilum gafst til að veita og meta frumvarpið en veittur var um einn sólarhringur til að skila athugasemdum. KÍ gafst því ekki tími til að fullskoða frumvarpið. KÍ átelur þessi vinnubrögð. Það eru ekki fagleg vinnubrögð að vinna að svo mikilvægu máli á svo skömmum tíma.

KÍ telur að lagafrumvarpið eins og það er núna uppfylli ekki samkomulagið.

Almennar athugasemdir

Fram kemur í C-lið 1. gr. samkomulagsins að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild LSR verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulaginu. Þá kemur einnig fram að við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðsfélaga sérstaklega tryggð.

KÍ telur að frumvarp það sem nú er til umsagnar feli ekki í sér þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á lögum svo þau endurspeglar markmið samkomulagsins m.a. um að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála. KÍ getur því með engu móti sætt sig við að frumvarpið fari óbreytt í gegnum afgreiðslu Alþingis, enda endurspeglar það ekki samkomulag aðila. KÍ hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins, annarsvegar yfirlýsing frá 2. október og hinsvegar frá 13. desember 2016. Þar eru þingmenn hvattir til að gefa sér meiri tíma í málið. Málið er það stórt og mikilvægt að ekki er ásættanlegt að það sé unnið svo hratt sem raun ber.

Aðalkrafa KÍ er að A deild verði lokað og ný deild (V) verði stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga með aldurtengdri ávinnslu. Samhliða slíkri framkvæmd leggi ríki (og sveitarfélög) A deildum sjóðanna til fjármagn þannig að sjóðirnir verði í jákvæðri stöðu og framtíðarskuldbinding tryggð og þar með verður ekki þörf á að hækka iðgjöld til A deilda LSR og Brúar í næstu framtíð.

Þá ber að líta til sögu og tildraga stofnunar A deildar. Áður en A deildin var stofnuð greiddu starfsmenn ríkis og sveitarfélaga almennt lífeyri í deild sem nú er kölluð B deild og gilda um hana ólíkar reglur. Nú eru



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

tæplega 2.900 greiðandi sjóðsfélagar í A deild sem skiptu úr B deild. Þegar A deildin var stofnuð var fullyrt að hún væri engu síðri og kjör starfsmanna yrðu ekki verri eða ótryggari en kjör þeirra sem greiddu í B deild. Á þeim forsendum samþykktu fjölmargir sjóðsfélagar að færa sig úr B deild yfir í A deild. Ef frumvarp þetta verður að lögum í óbreyttri mynd er forsendubrestur fyrir skiptum sjóðsfélaga úr B deild yfir í A deild. Slíkur forsendubrestur getur leitt til dómsmála og skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Varakrafa KÍ er að frumvarpinu verði breytt til samræmis við neðangreindar athugasemdir KÍ og það þannig samþykkt á Alþingi.

Mikilvægt er að frumvarpið endurspegli ákvæði samkomulagsins um jöfn verðmæt réttindi núverandi sjóðsfélaga fyrir og eftir breytingar. Með núverandi sjóðsfélögum er átt við þá sem hafa greitt í A-deild sjóðsins einhvern tímann áður en lög og nýjar samþykktir taka gildi og þá sem eiga rétt til greiðslna úr A-deild sjóðsins.

Þrautavarakrafa KÍ er að frumvarpinu sé vísað frá og nýtt þing og ný ríkisstjórn fái það verkefni á nýju ári að endurnýja samkomulag aðila og útbúa nýtt frumvarp í samræmi við samkomulagið. Mikilvægt er að vandað verði til verka við þá vinnu. Með þessu má tryggja að hægt sé að kynna breytingarnar fyrir sjóðsfélögum áður en nýtt frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi.

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar eru settar þannig fram að undirstrikuð eru þau atriði sem KÍ telur ástæðu til að gera athugasemdir við og eru athugasemdir settar fram í tölusettum liðum fyrir neðan þær. Númeri málgreina hefur verið bætt inn innan hornklofa til hægðarauka.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í þremur deildum, A-deild og séreignardeild, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga þessara þegar við á, og B-deild, sem starfar á grundvelli þessara laga auk laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á. Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir KÍ við 2. gr.

Mikilvægt er að hugtökin sjóðsfélagi og núverandi sjóðsfélagi verði skilgreind í lögnum og að þau nái til allra þeirra sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald í A-deild sjóðsins. Þá er einnig mikilvægt að hugtakið virkur sjóðsfélagi verði skilgreint í lögnum, sjá nánar í athugasemd KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

3. gr.

II. kafli laganna, **A-deild lífeyrissjóðsins**, 12.–21. gr., fellur brott.

4. gr.

Í stað „skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II“ í 2. másl. 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: í samþykktum sjóðsins og ákvæði til bráðabirgða XI.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:



- a. Í stað „skv. 15.“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt reglum samþykpta A-deildar.
- b. Í stað „4. mgr. 15. gr.“ í 3. mgr. kemur: samþykpta.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

7. gr.

Við lögin bætast sjö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykpta er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. apríl 2017.

Athugasemdir KÍ við a-lið 7. gr.

KÍ telur mikilvægt að það verði orðað skýrt í lögum að samþykktirnar megi þó aldrei kveða á um lakari réttindi fyrir hvern og einn sjóðsfélaga sem hefur einhvern tímann greitt inn í A-deildina fyrir 31. desember 2016 en lög nr. 1/1997 kváðu á um 13. desember 2016.

b. (IX.)

[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

Athugasemdir KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur til að 1. mgr. b-liðar 7. gr. orðist svo:

„[1] Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 106,8 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem myndar lífeyrisaukasjóð til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga. Nýta skal lífeyrisaukasjóð til þess að tryggja núverandi sjóðfélögum óskert réttindi. Í því felst m.a.:

1. Öll réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér í A-deild til og með 31. desember 2016. Réttindin skulu tryggð til frambúðar.
2. Öll réttindi núverandi sjóðsfélaga í A-deild sem þeir ávinna sér frá og með 1. janúar 2017. Í því felst m.a. aldurstengd ávinnsla og lífeyrisauki sem sjóðfélagar eiga rétt á skv. 2. og 3. mgr.

Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Framangreind breyting felur það í sér að mögulega þarf að breyta öðrum greinum frumvarpsins til samræmis.

KÍ bendir á það vantar upplýsingar um útreikning á framangreindri fjárhæð 106,8 ma.kr. Skilningur KÍ er sá að fjárhæðin eigi m.a. átt að:

- Tryggja greiðslu allra áunninna réttinda þeirra einstaklinga sem hafa greitt iðgjöld í A-deildina vegna ávinnslutímabils frá upphafi greiðslna viðkomandi einstaklinga til og með



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

31. desember 2016. Í því sambandi skiptir ekki máli hversu langt er síðan síðustu iðgjöld vegna einstaklinganna bárust í sjóðinn.

- Tryggja að réttindi sjóðsfélaga í A-deild verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytingar. Í því felst enn fremur:
 - Trygging á greiðslu aldurstengdrar ávinnslu frá og með 1. janúar 2017.
 - Trygging á greiðslu mismunar á 65 ára og 67 ára lífeyristökualdurs.
 - Trygging á greiðslu mismunar á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri ávinnslu.

[2] Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Lífeyrisaukann skal reikna mánaðarlega til réttinda hjá sjóðfélaga. Þó er sjóðnum heimilt að færa lífeyrisauka til réttinda vegna ársins 2017 í lok þess árs.

[3] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Athugasemdir KÍ við 3. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreiningin á „virkir greiðendur“ sé í lögnum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum að „Með virkum greiðanda er hér átt við þá sjóðfélaga sem greitt hafa iðgjöld til A-deildar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu“.

Það er skilningur KÍ og það hefur komið fram við gerð samkomulagsins að það eitt að skipta um vinnuveitanda leiði ekki til þess að starfsmenn missi rétt til lífeyrisauka hvort sem vinnuveitendur hafa verið eða verða ríki, sveitarfélög eða vinnuveitendur á einkamarkaði. Þannig munu þeir sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem eru virkir sjóðsfélagar á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu en eru ekki starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga rétt til lífeyrisauka verði þeir síðar starfsmenn ríkis og sveitarfélaga t.d. ef þeir skipta um starf að því gefnu að iðgjaldagreiðslur falli ekki lengur niður en kveðið er á um í 6. mgr. Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum til að koma í veg fyrir misskilning síðar þrátt fyrir að þetta sé sameiginlegur skilningur nú.

[4] Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykktu og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr.

Athugasemdir KÍ við 4. mgr. b-liðar 7. gr.

Sveitarfélög eru í auknu mæli farin að einkavæða leik-, grunn- og tónlistarskóla auk þess sem ríki er farið að einkavæða framhaldsskóla. Kennarar og skólastjórnendur framangreindra einkarekinna skóla fá almennt sambærileg launakjör og vinna eftir sambærilegum (sömu) kjarasamningum og kennarar / stjórnendur í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum og ríki. Í sumum sveitarfélögum hafa allir skólar viðkomandi sveitarfélags verið einkavæddir og hafa starfsmenn því ekki val um að vinna í skólum reknum af ríki / sveitarfélagi í sinni heimabyggð.

KÍ telur mjög brýnt að tryggja að vinnuveitendum verði ekki heimilt að neita starfsmönnum sem hafa greitt í A-deild að halda áfram þeirri ávinnslu, og að tryggja að ekki verði heimilt að neita þeim um lífeyrisauka. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að bæta einkareknum skólum þann kostnaðarauka sem lagabreytingin mun hafa í för með sér t.d. vegna lífeyrisaukans til að tryggja að það verði ekki freistandi fyrir vinnuveitendur að líta til þess ómálefnalega sjónarmiðs hvaða starfsmanni fylgja



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

hæstu launakjör og launatengdu gjöld (kostnaður) við val á hvaða starfsmanni skuli segja upp t.d. vegna hagræðingar. Sama á við um ráðningu.

Starfsmenn ættu ekki að þurfa að biðja um sérstakt samþykki frá vinnuveitanda.

[5] Sjóðfélagi sem greiddi ekki iðgjald til A-deildar síðustu 12 mánuði fyrir gildistöku nýrra samþykktu, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 3. og 4. mgr.

[6] Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður af öðrum ástæðum en segir í 5. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Sjóðfélagar sem greiddu ekki iðgjald til sjóðsins á tímabilinu júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslum úr lífeyrisauka hefji þeir á ný greiðslur til sjóðsins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku nýrra samþykktu. Sjóðnum er heimilt að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga.

[7] Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild að því tilskildu að ekki hafi liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa, sbr. þó einnig 4. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.

[8] Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Athugasemdir KÍ við 8. mgr. b-liðar 7. gr.

KÍ leggur mikla áherslu á að þessi grein verði útvíkkuð þannig að í þeim tilvikum þegar launagreiðendur reka blandaða starfsemi t.d. framhaldsskóla, matsölu og bóksölu og eru í heild sinni ekki reknir einkanlega fyrir almannafé þá þurfi launagreiðendur ekki að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. vegna þeirra starfsmanna sem starfa við þann hluta starfseminnar sem er einkanlega rekin fyrir almannafé sem væri í framangreindu dæmi starfsmenn þeirra sem væru að vinna í framhaldsskólanum. Sem raunhæft dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) er ekki rekin að meirihluta fyrir almannafé en FS rekur leikskóla og sá hluti starfseminnar (leikskólahlutinn) er rekin að meirihluta fyrir almannafé.

Fram kemur í gr. d-lið 4. gr. samkomulags Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga (samkomulagið) að:

„Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A-deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðarsamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki neinskonar mismunun sem af því kann að hljóta, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem



vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðsfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðsfélaga.“

Kí bendi rá að ekki verður séð að þessi hluti samkomulagsins sé skýr í frumvarpinu. Má ætla af samkomulaginu að aðrir launagreiðendur en ríki og sveitarfélög (aðrir en A, B, og C- hluta stofnanir) eigi aðeins að greiða almennt breytilegt iðgjald en þurfi ekki að endurgreiða lífeyrisaukann. Breyta þarf frumvarpinu til samræmis við það.

[9] Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í samþykktum sjóðsins.

c. (X.)

[1] Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

[2] Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum.

[3] Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. a-liðar 7. gr.

Orðalagi hefur verið breytt töluvert frá síðasta frumvarpi. Ekki verður annað séð en að þetta orðalag sé verra en hið fyrra. Nú þarf tryggingafræðileg staða að vera neikvæð samfellt meira en í tíu ár en í fyrra frumvarpi var miðað við fimm ár. Þá hefur tenging við almenn lög um lífeyrissjóði að því er varðar vikmörk verið tekin út.

Kí gerir alvarlega athugasemd við að með þessari breytingu á frumvarpinu er verið að brjóta gegn gr. IV a í viðauka 1 við samkomulagið en þar stendur:

„Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39 gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðs í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er ná) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almenna laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.“

- b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárför sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

Athugasemdir KÍ við c-lið, 3. mgr. c-liðar 7. gr.

KÍ leggur áherslu á að skilgreina þarf hlutverk lífeyrisaukasjóðs, sbr. athugasemd KÍ við 1. mgr. b-liðar 7. gr. og tillögu að breyttu orðlagi sömu greinar.

Við gerð samkomulagsins var lagt til að varúðarsjóðurinn ætti að tryggja lífeyrisaukasjóðinn þannig að hann gæti tryggt jafn verðmæt réttindi fyrir og eftir breytingar á skipan lífeyrismála og er í því m.a. fólgið að bæta upp möguleg áföll. Hlutverk lífeyrisaukasjóðs er víðtækara en einungis að tryggja „lífeyrisaukann“. Hann var ávalt hugsaður sem „ábyrgðarsjóður“ allar réttinda sem áttu að haldast, enda áttu núverandi sjóðfélagar ekki að bera skertan hlut frá borði við þessar breytingar.

Ástæðan fyrir því að varúðarsjóðurinn er til tryggingar á lífeyrisaukasjóði en ekki til tryggingar á A-deildinni í heild er sú að honum er ætlað að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga en ekki þeirra sjóðfélaga sem koma nýir inn frá og með 1. janúar 2017.

d. (XI.)

Starfsmenn, sem eiga eða hefðu átt skylduaðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir 1. júní 2017, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild þeirra eða aðildin ákveðin af þar til bærum aðilum. Sama gildir um þá félagsmenn stéttarfélagar sem eiga eða hefðu átt rétt til aðildar að A-deild fyrir 1. júní 2017 án samþykkis einstakra launagreiðenda. Þá skal iðgjald launagreiðenda til A-deildar vegna sjóðfélaga vera 11,5% þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.

e. (XII.)

Komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi skulu slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem eiga réttindi í A-deild og hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar. Ekki skal nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skal árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til örorku- og makalífeyrisþega sem ekki hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykktar.

f. (XIII.)

Auk greiðslu ríkissjóðs á framlagi í lífeyrisaukasjóð greiðir hann eigi síðar en 31. desember 2016 10,418 ma.kr. til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.

g. (XIV.)

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum útgefnum af Lánasjóði íslenskra námsmanna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tekur við sem greiðslu vegna framlaga samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII. Ábyrgð ríkissjóðs gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gilda ekki ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Breyting á öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum:

a. Við ákvæði til bráðabirgða III í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldabréf sem A-deild tekur við sem greiðslu samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IX, X og XIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

b. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera það sama árið 2017 og það var árið 2016.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar, 1. mgr. c-liðar, f-lið 7. gr. og 8. gr. sem taka þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2017 að frátöldum a-lið, 1. mgr. b-liðar og c-lið 7. gr. sem taka þegar gildi.

Virðingarfyllt,

f.h. KÍ

Anna Rós Sigmundsdóttir

Lögfræðingur KÍ



*Starfsmannafélag
Dala og Snæfellsnessýslu*

Grundarfjörður 15. desember 2016

Erindi til:
Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni:
Umsögn Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu (SDS) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

SDS hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

SDS veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

SDS samþykkti samkomulagið á þeim grundvelli og stóð í þeirri trú að réttindi allra núverandi sjóðsfélaga yrðu tryggð áfram. Óvirkir eða hvort heldur virkir sjóðsfélagar komu þar aldrei fyrir.

SDS tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB, um lagafrumvarp, fjármála og efnahagsmálaráðherra, um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

F.h. SDS
Helga Hafsteinsdóttir
Formaður SDS



Starfsmannafélag Hafnarfjarðar | Helligata 16 | 220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 15. desember 2016.

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Starfsmannafélags Hafnarfjarðar, STH um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Starfsmannafélag Hafnarfjarðar hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

STH veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Félagið tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB um lagafrumvarp fjármála og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

Virðingafyllt,
f.h. stjórnar Starfsmannafélags Hafnarfjarðar
Karl Rúnar Þórsson, formaður

14. desember
Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Starfsmannafélag Kópavogs hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

Starfsmannafélag Kópavogs veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Félagið tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB um lagafrumvarp fjármála og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

Með kveðju,

Jófríður Hanna Sigfúsdóttir
Formaður Starfsmannafélags Kópavogs

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Starfsmannafélags Suðurnesja, STFS um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Starfsmannafélag hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þskj. 6 – 6. mál.

Starfsmannafélag Suðurnesja veitti formanni BSRB umboð til undirritunar samkomulags BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Félagið tekur efnislega undir þau atriði sem fram koma í umsögn BSRB um lagafrumvarp fjármála og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).

Reykjanesbæ, 15. Desember 2016.

F.h. Starfsmannafélas Suðurnesja
Stefán B ólafsson
Formaður

Nefndarsvið Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Vísað er til **Frumvarps til laga um breytingu á [lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum](#)** sem liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Í nafni bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar sendir undirritaður svofellda umsögn um frumvarpið.

Bæjarstjórn mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins, enda er það í samræmi við það samkomulag um lífeyrismál sem gert var á milli aðila og skiptir sveitarfélögin verulegu máli. Að öðru leyti er vísað til umsagnar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett fram og tekið er undir af hálfu bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar.

Virðingarfyllt,

Sturla Böðvarsson

Bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

sturla@stykkisholmur.is

Ráðhúsinu

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur

433 8100



15.12.2016

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 15. desember var tekin fyrir beiðni nefndarsviðs Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkissins, breyting á A-deild sjóðsins.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgart telur áhrif frumvarpsins skipta verulegu máli og mælir með því að það verði samþykkt.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með jólakveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari

rosa@arborg.is

sími 480 1900 fax 480 1901

15.12.2016

Góðan dag.

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Garðs mælir undirritaður með því að frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), á þingmáli nr. 6 verði samþykkt. Jafnframt er mælt með því að athugasemdir og ábendingar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga verði teknar til greina við afgreiðslu málsins.

Með kveðju,



GARÐUR

Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
101 Reykjavík

Hornafirði, 15. desember 2016
nr. erindis BIJ

Málefni: Umsögn bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Visað er í tölvupóst um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6.mál.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar styður frumvarpið og telur mikilvægt að það verði að lögum fyrir áramót.

Virðingarfyllst,

Björn Ingi Jónsson
bæjarstóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 15.12.2016
nr. erindis 1612125 HSB

Á 769. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 15. desember 2016 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni - Frumvarp til laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (A deild)

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 14. desember 2016 frá nefndasviði Alþingis þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins). 6. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggur áherslu á að sem mest sátt náist um frumvarpið og það verði samþykkt á Alþingi fyrir næstu áramót.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari

15.12.2016

Umsögn Sveitarfélagsins Skagastrandar vegna frumvarps til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál:

Sveitarfélagið Skagaströnd mælir eindregið með samþykkt þessa frumvarps, enda samræmist það samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál auk þess sem það varðar þýðingarmikla hagsmuni sveitarsjóðs

Virðingarfyllst,

Magnús B. Jónsson

sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skagaströnd

15.12.2016

Umsögn Sveitarfélagsins Voga vegna frumvarps til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál:

Sveitarfélagið Vogar mælir eindregið með samþykkt þessa frumvarps, enda samræmist það samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál auk þess sem það varðar þýðingarmikla hagsmuni bæjarsjóðs.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Eiríksson

Bæjarstjóri

Sveitarfélagið Vogar

15.12.2016

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. desember 2016 og styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur þunga áherslu á að það verði að lögum fyrir næstu áramót.

Virðingarfyllst f.h. bæjarstjórnar.

Gunnsteinn R. Ómarsson

Bæjarstjóri
Sveitarfélagið Ölfus
s. 480-3800
gunnsteinn@olfus.is



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2016

1612026SA SAS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til laga um br. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. desember 2016, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Mál það sem hér um ræðir hefur verið í undirbúningi um alllangt skeið og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið að því, m.a. með gerð samkomulags við heidlarsamtök opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september sl. Sama dag gerðu sambandið og ríkið með sér samning um lífeyrismál.


Flestir starfsmenn sveitarfélaga eiga aðild að lífeyrissjóðnum Brú- lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Starfar sjóðurinn eftir eigin samþykktum og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Verði frumvarp þetta að lögum er brýnt að samþykktum um A-deildar Brúar verði breytt til samræmis við ákvæði laganna og fyrirhugaðar breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Að samþykktum A-deildar Brúar skuli breytt kemur skýrt fram í athugasemdum um frumvarpið t.d. í kaflanum *Úrlausn lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar LSR*. Eftir atvikum telur Samband íslenskra sveitarfélaga rétt að leggja til að sett verði í lögum bráðabirgðaákvæði þar sem Lífeyrissjóðnum Brú verði gert að breyta samþykktum sínum á þann hátt sem að ofan greinir. Lagt er til að ákvæði þess efnis verði fellt inn í a.lið 7.gr. frumvarpsins. Breytingar á samþykktum Brúar þarf að leggja fyrir stofnaðila sjóðsins til staðfestingar.

Í 8. gr. frumvarpsins b.lið er ákvæði til bráðabirgðar sem víkur að lífeyrissjóðum á opinberum markaði og mælir fyrir að iðgjald til þeirra skuli vera það sama á árinu 2017 og það var árið 2016. Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á því að móttframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðsins Brúar var árið 2016 12% en ekki 11,5% eins og hjá LSR. Tryggingarfræðileg staða sjóðsins var gerð upp m.v. 11,5% móttframlag og þar með framlag til lífeyrisauka. Með hliðsjón af því og markmiðum frumvarpsins um jöfnun lífeyrisréttinda er lagt til að 8.gr. b. verði breytt og með beinum hætti kveðið á um að iðgjald launagreiðenda á opinberum vinnumarkaði skuli vera 11,5%.

Samband íslenskra sveitarfélaga styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum fyrir áramót.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line. The signature is fluid and cursive.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Nefndarsvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 15. desember 2016
Tilv.: UMH16120075/

Ráðuneytið vísar til frumvarps til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Frumvarp þetta er nú endurflutt á 146. löggjafarþingi 2016-2017 og er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis (6. mál).

Tilgangur umrædds frumvarps er að jafna réttindi launþega á opinberum og almennum vinnumarkaði og er þar gert ráð fyrir að lagaákvæði um A-deild LSR verði að meginstefnu til felld brott og að deildin verði starfrækt á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með því er horfið frá því að kveða á um föst réttindi sjóðsfélaga á grundvelli breytilegs iðgjalds í lögum.

Erindi ráðuneytisins varðar þau áhrif sem 8. mgr. b-liðar 7. gr. frumvarpsins, verði það að lögum, mun hafa áhrif á starfsemi og fjárhag Íslenskra orkurannsóknna (ÍSOR), sem er ein af stofnunum ráðuneytisins. ÍSOR er sú eina af rannsóknastofnunum ríkisins sem er á B-hluta forni. ÍSOR fær því ekki bein ríkisframlög líkt og aðrar rannsóknarstofnanir ríkisins heldur byggja tekjur stofnunarinnar á samningum við ríkið og aðra aðila á samkeppnisgrundvelli. Stofnunin hefur þá ekki verið rekin með hagnaði og byggir gjaldskrá ÍSOR á kostnaðargrunni þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ófyrirséðra útgjalda eins og felast í umræddu frumvarpi.

Framangreint ákvæði b-liðar 7. gr. frumvarpsins mælir fyrir um bráðabirgðaákvæði sem gerir ráð fyrir að ríkissjóður leggi LSR til fjárframlag til að mæta því að breyting úr jafnri ávinnslu réttinda í aldurstengda ávinnslu, ásamt hækkun lífeyristökualdurs úr 65 í 67 ár, veldur skerðingu réttinda sem er háð aldri sjóðsfélaga. Nánar tiltekið er um að ræða 8. mgr. b-liðar 7. gr. þar sem lagt er til að launagreiðendum, sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum, sé skylt að greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda, sbr. 4. mgr. Er lagt til að það verði gert á þann hátt að þessir launagreiðendur greiði sérstakt iðgjald sem standa skuli undir lífeyrisauka starfsmannanna. Hvað varðar ríkisaðila í B- og C-hluta ríkisreiknings er gert ráð fyrir því að þeir endurgreiði ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grunni útreiknings frá LSR.

Ráðuneytið bendir á að C-hluta stofnanir ríkisins eru opinberar lánastofnanir en auk ÍSOR eru einungis tvær aðrar B-stofnanir, þ.e. ÁTVR og Happraetti Háskóla Íslands (HHÍ). Áhrif framangreinds ákvæðis á umræddar stofnanir eru ekki sambærileg, en þau munu, hvað varðar ÁTVR,


leiða til lægri arðgreiðslu ÁTVR til ríkissjóðs og ber því ríkissjóður þennan kostnað í raun. Í tilviki HHÍ myndi endurgreiðslan leiða til lækkunar á framlagi HHÍ til bygginga Háskóla Íslands. ÍSOR þyrfti hins vegar að nota framtíðartekjur stofnunarinnar til að endurgreiða umrædda fjármuni.

Í ljósi framangreinds leggur ráðuneytið til við efnahags- og viðskiptanefnd að umræddu ákvæði 8. mgr. b-liðar 7. gr. framangreinds frumvarps verði breytt í þá veru að ÍSOR yrði ekki háð sömu skilyrðum og aðrar B- og C-hluta stofnanir heldur yrði sett undir sama hatt og aðrar rannsóknastofnanir ríkisins óháð því hvort þær eru A- eða B-hluta stofnanir. Ráðuneytið leggur því til að sú leið verði farin að undanskilja rannsóknastofnanir umræddi ákvæði um endurgreiðslu, sem er í samræmi við tillögu í umsögn ÍSOR til nefndarinnar, dags. 13. desember sl. Ráðuneytið hefur rætt þessa tillögu við forsætisráðuneytið, sem hefur lýst sig sammála þeirri leið. Tillagan er svohljóðandi (viðbótartexti er breiðletraður og undirstrikaður):

„Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings að undanskildum rannsóknastofnunum, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, að undanskildum rannsóknastofnunum, endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, enda séu þeir ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

Fyrir hönd ráðherra


Stefán Guðmundsson


Steinunn Fjöla Sigurðardóttir

Samrit: ÍSOR
Ólafur G. Flóvenz
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (6. mál)

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem miða að því að samræma lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði.

Lengi hefur staðið til að samræma réttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði. Lífeyrisréttindi eru mikilvægasti þátturinn í slíkri samræmingu en auk ríkulegri lífeyrisréttinda njóta opinberir starfsmenn ríkara starfsöryggis, ríflegri veikinda- og orlofsréttinda, betri tækifæra til endur- og símenntunar og aukinna starfsaldurstengdra réttinda samanborið við starfsfólk á almennum vinnumarkaði.¹

Þetta er í andstöðu við vilja almennings, en í skoðanakönnun sem framkvæmd var fyrir Viðskiptaráð töldu 89% svarenda að lífeyrisréttindi launþega ættu að vera sambærileg hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði (mynd 1).

¹Sjá skoðun Viðskiptaráðs „Að eiga kökuna og borða hana“ frá 4. júní 2015. Skoðunina má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skodanir/ad-eiga-kokuna-og-borda-hana/>

Þá gerir þessi mikli munur á réttindum allan samanburð á kjörum opinberra og almennra starfsmanna torsóttari en ella. Slíkur skortur á gagnsæi skapar óþarfa bitbein í kjaramálum og þar hafa ólík lífeyrisréttindi vegið þungt.


Munurinn skapar jafnframt neikvæða hvata gagnvart tilfærslu starfsfólks á milli opinberra og almenna vinnumarkaðarins. Reynsla starfsmanna úr opinbera geiranum getur verið afar verðmæt fyrir einkafyrirtæki og öfugt. Til að þessir tveir hlutar hagkerfisins styðji sem best hvor við annan er því mikilvægt að starfsfólk geti fært sig á milli þeirra án þess að lífeyrisréttindi breytist.

Mynd 1

Meginþorri almennings telur að lífeyrisréttindi eigi að vera sambærileg hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði

Viðhorf almennings til lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna

Samanborið við almennan vinnumarkað¹



1 Könnunin var framkvæmd dagana 15.-22. desember 2014 af Maskínu fyrir Viðskiptaráð Íslands. Svarendur voru 818 talsins. Spurt var „Telur þú að lífeyrisréttindi starfsfólks hins opinbera eigi að vera meiri, minni eða sambærileg við lífeyrisréttindi starfsfólks á almennum vinnumarkaði?“

Heimild: Viðskiptaráð Íslands

Þá er vert að minnast á að núverandi tímasetning fyrir umræddar breytingar er afar heppileg með hliðsjón af einskíptistekjum ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Til að mæta þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér leggur hið opinbera til allt að 130 ma.kr. Á sama tíma er útistandandi skuld vegna lífeyrisskuldbindinga eldra kerfis (B-hluta LSR og lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga) um 460 ma.kr. Umfang þessara upphæða gefur til kynna hversu ósjálfbært lífeyriskerfi opinberir starfsmenn hafa búið við. Jöfnun réttinda snýr því ekki síður að því að draga úr óvissu hvað lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs varðar.


Með framangreint í huga fagnar Viðskiptaráð því að loks standi til að stíga þetta skref og telur afar mikilvægt að frumvarpið fái brautargengi í þinginu. Nái það hins vegar ekki fram að ganga kann það að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir ríkissjóð og stöðugleika á vinnumarkaði. Ljóst er að stjórn LSR hefur þegar boðað ríflega hækkun á iðgjaldi launagreiðanda um næstu áramót, úr 11,5% í 15,1% þannig yrði iðgjald í heild 19,1%. Stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga hefur einnig boðað hækkun móttframlags launagreiðenda úr 12% í 16,8%. Lífeyrisiðgjöld opinberra starfsmanna munu þá nema samtals allt að 20,8% af heildarlaunum. Þannig er fyrirséð að markmið um jöfnun lífeyrisréttinda verður enn fjarlægara verði frumvarp þetta ekki samþykkt fyrir lok þessa árs.

Til viðbótar við slæm áhrif á stöðu ríkissjóðs vegna hækkunar á mótframlagi lífeyrisiðgjalda mun hækkunin einnig hafa áhrif á almennan vinnumarkað. Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði koma til endurskoðunar í febrúar 2017. Hækkun á mótframlagi ríkis og sveitarfélaga mun óhjákvæmilega leiða til átaka í tengslum við þá endurskoðun og aukinna krafna um jöfnun lífeyrisréttinda.

Þrátt fyrir verulega fjárfestingu af hálfu ríkissjóðs telur Viðskiptaráð að heildarávinningur breytinganna réttlæti slíkt framlag. Lífeyriskerfi Íslendinga er þegar í fremstu röð og þær breytingar sem frumvarpið felur í sér mun efla það enn frekar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Frosti Ólafsson

Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Þroskaþjálfafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016.

Yfirlýsing stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands

Stjórn Þroskaþjálfafélags Íslands veitti Bandalagi háskólamanna umboð sitt til undirritunar samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem undirritað var 19. september 2016.

Samþykkt stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands var gerð í trausti þess að lagafrumvarp fjármála- og efnahagsmálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins) yrði í fullkomnu samræmi við undirritað samkomulag sem og sameiginlegan skilnings aðila að því.

Nú er ljóst að misræmi er á milli samkomulagsins og texta frumvarpsins sem aftur skapar vantraust á hvernig verður farið með samþykktir sjóðanna. Ef ekki verður farið að breytingartillögum Bandalags háskólamanna við frumvarpið treystir stjórn Þroskaþjálfafélags Íslands sér ekki til þess að styðja nýtt frumvarp um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna enda telur hún lagafrumvarp sem nú er til umfjöllunar á Alþingi skerða réttindi félagsmanna þvert á undirritað samkomulag um annað.

Virðingarfyllt

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ